

HALLDÓR skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fólk
Menningarnótt, dagskrá




**Spennt fyrir hausttískunni**
*Arna Þorbjörg er að hefja sitt síðasta ár í Verzlunarskólanum. Hún er búin að kaupa föt fyrir haustið en hana vantar þó enn hina fullkomnu skó.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
16. ágúst 2012
191. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Fjölbreyttar fantasíur**
*Hildur Sverrisdóttir hefur safnað kynlífsfantasíum sem koma út á bók í dag.*
**popp 50**

**Hvar er laxinn?**
*Tvær ástæður eru helst nefndar til að skýra laka laxveiði í sumar.*
**veiði 46**



**Í atvinnuleit**
*Snorri Steinn Guðjónsson er án félags eftir að AG í Danmörku fór á hausinn.*
**sport 44**

**veðrið í dag**




**VÍÐA BJART S-TIL** en skýjað að mestu N-til í dag. Dálítil súld eða þokuloft við A-ströndina. NA 5-13 m/s hvassast NV-til og við SA-ströndina. Hiti 10-23 stig, svalast í þokuloftinu.
**VEÐUR 4**

# Lögreglan liggur yfir skýrslu um hryðjuverkin í Noregi

**Yfirmenn deilda Ríkislögreglustjóra fara rækilega yfir nýju skýrsluna um hryðjuverkin í Noregi. Hyggjast endurskoða verklagsreglur. Við munum draga lærdóm af þessu, segir yfirmaður Almannavarna.**

**ÖRYGGISMÁL** Íslensk yfirvöld munu endurskoða verklagsreglur sínar í ljósi skýrslu 22. júlí-nefndarinnar í Noregi um fjöldamorðin í Útey og Ósló. Skýrslan var kynnt á mánudag. Yfirmenn deilda hjá ríkislögreglustjóra fara nú ýtarlega yfir skýrsluna og munu funda um málið á næstunni.

„Við höfum fylgst mjög grannt með því sem er að gerast í kring um okkur, sérstaklega á Norðurlöndunum, og reynt að setja okkur inn í hvernig við myndum bregðast við svona hlutum,“ segir Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. „Nú erum við að lesa þessa afskaplega ýtarlegu og miklu skýrslu til að sjá hvað raunverulega fór úrskeiðis og hvað við getum nýtt okkur úr reynslu Norðmanna til að betrumbæta kerfið hér.“

Norska lögreglan var harðlega gagnrýnd í skýrslunni, sem er 482 blaðsíður, og talið er að jafnvel hefði verið hægt að koma í veg fyrir fjöldamorðin ef öðruvísi hefði verið brugðist við. Þá beindist gagnrýnin sérstaklega að sérsveit norsku lögreglunnar.

„Lögreglan í Noregi hefur kynnt fyrir okkur ýmislegt sem hún taldi sig hafa gert vel eða illa í sínum aðgerðum 22. júlí, en nú kemur þessi óháða skýrsla sem varpar enn frekara ljósi á hlutina,“ segir Víðir. „Það er aðdáunarvert hvað menn eru ofboðslega hreinskilnir og ætla greinilega að læra af atburðinum með því að dreifa skýrslunni svo allir aðrir geti gert hið sama.“

> Áætlanir okkar verða endurskoðaðar með hliðsjón af atburðunum í Noregi.
>
> **GUÐMUNDUR ÓMAR ÞRÁINSSON** YFIRMAÐUR SÉRSVEITAR RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Guðmundur Ómar Þráinsson, yfirmaður sérsveitar ríkislögreglustjóra, segir að vissulega liggi fyrir skipulag sem geri ráð fyrir flestum uppákomum, eins og hryðjuverkaárásum og gíslatökum, en aðgerðaráætlanir séu í sífelldri endurskoðun.

„Áætlanir okkar verða endurskoðaðar með hliðsjón af atburðunum í Noregi,“ segir Guðmundur. „En aðgerðir og æfðar mjög reglulega og ef það koma upp hnökrar þá er bætt úr þeim.“

Guðmundur segir að enn frekari áhersla verði lögð á viðbragðsáætlanir á stærri skala eftir atburðina í Noregi. Alls starfa um fjörutíu manns hjá sérsveit Ríkislögreglustjóra. **- sv**



**BLÁSIÐ Í BLÖÐRUR** Þessi erlendi herramaður tók forskot á menningarnótt í Reykjavík í gær. Hann stillti sér upp á Skólavörðustíg í miðborginni og bjó til blöðrudýr í öllum regnbogans litum fyrir áhugasama vegfarendur sem höfðu gaman að. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrsta glíma Gunnars í UFC:

## Fljúga út að horfa á bardaga

**FÓLK** Mikill áhugi er á ferðum til að sjá fyrsta bardaga Gunnars Nelson í UFC-deildinni í bardagalistum í Englandi í september. Mjölnir, félag Gunnars, setti upp ferð í samstarfi við Express ferðir og seldust á milli 50 og 60 miðar þegar upp. Express ferðir hafa sett upp aðra ferð í kjölfarið í samstarfi við útvarpsstöðina X-ið og þegar er byrjað að skoða möguleika á þriðju ferðinni. „[Miðarnir] ruku út á nokkrum dögum. Það er frábært hversu margir vilja fara út til að styðja við bakið á Gunna,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis. Bubbi Morthens og Dóri DNA munu lýsa bardaganum í beinni útsendingu á Stöð 2. **- trs** / **sjá síðu 50**



GUNNAR NELSON


*TÍMI TIL AÐ TÍNA!*




www.forlagid.is


Ríkið skuldar hundruð milljarða vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sinna:

# Skattgreiðendur gætu þurft að greiða tugi milljarða á ári hverju

**EFNAHAGSMÁL** Skattgreiðendur munu jafnvel þurfa að greiða tugi milljarða árlega til að standa skil á skuld íslenska ríkisins við opinbera starfsmenn vegna áunninna lífeyrisréttinda þeirra.

Áfallin tryggingafræðileg skuld vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er 543 milljarðar króna og óuppgerð áfallin skuldbinding er 461 milljarður króna. Stærstur hluti hennar lendir á íslenska ríkinu, eða um 400 milljarðar króna. B-deildinni tilheyra eldri ríkisstarfsmenn, en aðgangi að henni var lokað 1996.

Ef byrjað yrði að greiða niður þessa skuld í dag myndu opinberir aðilar þurfa að greiða um átta milljarða króna á ári, samkvæmt útreikningum sem Fréttablaðið hefur kynnt sér. Þær greiðslur myndu toppa árið 2024, þegar þær yrðu um 18 milljarðar króna á ári, en þær myndu síðan lækka jafnt og þétt eftir það.

> **18** milljarðar króna gæti orðið árlegur kostnaður skattgreiðenda við uppgjör á skuld við B-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna árið 2024.

Samtök opinberra starfsmanna setja einnig sem skilyrði fyrir samkomulagi um breytingar á lífeyriskerfinu að iðgjald í A-deild sjóðsins, sem yngri starfsmenn greiða til, verði hækkað í samræmi við núgildandi lög. Hallinn á A-deildinni var 57,4 milljarðar króna um síðustu áramót, eða 13,1 prósent. Til að gera upp hallann á A-deildinni að fullu þyrfti að hækka iðgjöldin um 4,6 prósent, sem myndi kosta hið opinbera 4,6 milljarða króna á ári. **- þsj** / **sjá síðu 6**


Úrval skrifstofu- og skólavara



Penninn
Með þér í vinnunni
Opnum kl. 8 í Hallarmúla 4 | www.penninn.is

## SPURNING DAGSINS



*Hilmar, eruð þið ekki hræddir um að lenda í vitaskuld?*

Nei, nei. Menn vita nú alveg hvað þeir eru að gera.

Hilmar Sigvaldason er í Félagi áhugaljósmyndara á Akranesi en það hefur umsjá með mikilli menningarstarfsemi í Akranesvita.

Áform um gríðarlegar fjárfestingar í samgöngukerfi Brasilíu kynntar:

# Mikil innspýting í brasilíska hagkerfið

**BRASILÍA, AP** Dilma Rousseff, forseti Brasilíu, kynnti í gær áform um umfangsmiklar efnahagslegar örvunaraðgerðir í landinu. Hyggst ríkisstjórn hennar verja jafngildi tæplega 8.000 milljarða íslenskra króna í fjárfestingar í innviðum landsins, svo sem í gatna- og járnbrautarkerfi.

Hagvöxtur hefur verið mikill í Brasilíu síðasta áratuginn og er hagkerfi landsins orðið hið sjötta stærsta í heimi. Heldur hefur þó dregið úr þrótti hagkerfisins síðustu misseri og hyggst ríkisstjórn Rousseff bregðast við því með þessum aðgerðum.



DILMA ROUSSEFF

Á blaðamannafundi í gær sagði Roussef að áformin myndu gera Brasilíu ríkari og sterkari. „Brasilía mun loks eignast samgöngukerfi sem hæfir stærð landsins,“ sagði Rousseff enn fremur.

Meðal ráðgerðra fjárfestinga má nefna lagningu 10.000 kílómetra af járnbrautarteinum og 7.500 kílómetra af hraðbrautum. Þá verður einnig lagst í uppbygginguu og endurbætur á flugvöllum, höfnum og öðrum samgöngumannvirkjum.

Lélegar samgöngur hafa lengi staðið ört vaxandi útflutningsiðnaði Brasilíu fyrir þrifum. Þannig var samgöngukerfi Brasilíu í sæti 104 af 142 ríkjum í nýlegri skýrslu Alþjóðaefnahagsþingsins (World Economic Forum) um samkeppnishæfni þjóða. Brasilía flytur út gríðarlegt magn hrávara á hverju ári sem í mörgum tilvikum þarf að flytja langt innan úr landinu til hafnar. - mþl

Flýgur á sexföldum hljóðhraða:

## Ofurþota frá NASA hrapaði

**VÍSINDI Waverider, ofurhröð þota sem bandaríska geimferðarstofnunin (NASA) hefur verið að þróa, hrapaði í Kyrrahafið í tilraunaflugi í gær. Þotan notast við nýja gerð þotuhreyfils sem gerir henni kleift að fljúga mun hraðar en hefðbundnar þotur eða á allt að sexföldum hljóðhraða.**

**Talsmaður NASA sagði að gallaður stélflötur hefði orsakað hrap þotunnar í gær. Síðasta tilraunaflug hennar endaði einnig illa en áður hefur henni verið flogið á fimmföldum hljóðhraða án vandræða.** - mþl

Neyddi mann til að millifæra:

## Ofbeldismaður áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gærmorgun úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir karlmanni sem réðst inn á heimili manns í Breiðholti í Reykjavík í júlí síðastliðnum. Maðurinn svipti íbúann frelsi og neyddi hann til að millifæra tæpar 500 þúsund krónur inn á bankareikning félaga síns.

Maðurinn batt fórnarlambið og setti límband fyrir munn hans og hélt honum þannig í meira en sjö klukkustundir.

Héraðsdómur taldi að sakborningurinn ætti að sæta gæsluvarðhaldi þangað til dómur fellur í máli hans en þó ekki lengur en til 7. september. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu. - sv

Gerð fríverslunarsamninga:

## Vilja gögn frá fyrirtækjum

**VIÐSKIPTI Utanríkisráðuneytið hvetur fyrirtæki og einstaklinga eindregið til að koma upplýsingum á framfæri um viðskiptahagsmuni vegna viðræðna um fríverslunarsamninga. Með því getur íslenska samninganefndin tekið til greina hagsmuni fyrirtækja.**

**Meðal þeirra ríkja sem EFTA stendur nú í fríverslunarviðræðum við eru Víetnam, Indónesía og Mið-Ameríkuríkin Gvatemala, Hondúras, Kostaríka og Panama, með hugsanlegri þátttöku El Salvador og Níkaragva.**

**Einnig er hafinn undirbúningur að viðræðum um fríverslunarsamning við Malasíu. Þá stendur til að endurskoða gildandi fríverslunarsamninga við Síle, Kanada og Jórdaníu.** - shá



**FRÁ BÍLDUDAL** Vandi fylgir vegsemd hverri en nú þegar vel árar á Bíldudal ríkir þar húsnæðisskortur sem kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar mörg hús eru löngum mannlaus. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

# Húsnæðisskortur en samt mörg tóm hús

**Eftir margra ára þrengingar er nú uppgangur á sunnanverðum Vestfjörðum. Það vantar húsnæði fyrir fjölskyldur á Bíldudal en á sama tíma standa sumarhús auð langtímum saman. Íbúar segja heldur ekki hlaupið að því að byggja.**

**LANDSBYGGÐIN** Brýnn húsnæðisskortur en nú á Bíldudal sem mörgum þykir kannski skjóta skökku við þar sem fjölmörg hús þorpsins standa auð, sérstaklega yfir vetrartímann. Fyrir nokkrum árum var atvinnuástand á Bíldudal í mikilli lægð. Margir neyddust þá til að selja hús sín og títt var að menn keyptu þessi hús og nota síðan sem sumarhús. Nú er erfitt að kaupa og leigja hús og enn hika menn við að byggja þau.

Til dæmis leigir nú fimm manna fjölskylda hús þar í bæ sem nýlega var selt nýjum eiganda sem hyggst nota það sem sumarhús næsta sumar. Þá mun þessi fjölskylda neyðast til að flytja burt nema ef glæðir til í þessum efnum.

„Auðvitað finnst mörgum það gremjulegt að fólk geti ekki flutt hingað vegna húsnæðisskorts en á meðan er mannlaust nánast í öðru hverju húsi á veturna,“ segir Sólrún Aradóttir íbúi á Bíldudal. „Við vorum nú að reyna að koma tölu á þetta um daginn en ég held að það séu á bilinu þrjátíu til fjörutíu sumarhús hérna sem eru notuð mismikið,“ segir hún. Núna búa um 150 manns allan ársins hring í þorpinu.

> Það getur náttúrlega engin fjölskylda staðið í því að leigja í nokkra mánuði í senn.
>
> GÍSLI ÆGIR ÁGÚSTSSON, ÍBÚI Á BÍLDUDAL

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstýra Vesturbyggðar, segir það brýnt að leysa þennan vanda en þó sé það vissum annkvæðum bundið fyrir fólk að byggja hús á landsbyggðinni. Það kemur heim og saman við mál Ásu Dóru Finnbogadóttur, formanns íbúasamtaka Bíldudals, Sólrúnar og Gísla Ægis Ágústssonar sem einnig er íbúi á Bíldudal. „Það er ekkert launungarmál að lánastofnanir eru mjög tregar til að lána á landsbyggðinni og svo gerir mikill flutningskostnaður fólki erfitt fyrir,“ segir Ása Dóra. „Svo hefur fólkið auðvitað upplifað ýmislegt í gegnum tíðina þannig að það skilur vel áhættuna sem felst í því að kaupa hús í þorpi úti á landi jafnvel þó það gangi vel í atvinnulífinu í augnablikinu,“ segir Ása Dóra.

„Vandinn er líka sá að það er varla hægt að leigja sér hús heldur,“ segir Gísli Ægir. „Það getur náttúrlega engin fjölskylda staðið í því að leigja nokkra mánuði í senn.“

Öllum sem Fréttablaðið ræddi við bar saman um að það væri í raun jákvætt að fólk hefði keypt hús í þorpinu og haldið þeim við en óneitanlega væri ankannaleg staða komin upp. jse@frettabladid.is



**ANTONIS SAMARAS** Forsætisráðherra Grikklands fer til Þýskalands um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Utanríkisráðherra Þýskalands:

## Fús til að veita Grikkjum frest

**ÞÝSKALAND** Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, segist alveg til í að veita Grikkjum lengri frest til að ná fram ströngum sparnaði í ríkisútgjöldum. Frá þessu er skýrt í þýskum fjölmiðlum á Netinu.

Ekki er þó víst að Angela Merkel Þýskalandskanslari verði jafn eftirgefanleg. Það kemur þó í ljós á næstu dögum.

Um helgina ætlar Antonis Samaras, forsætisráðherra Grikklands, að halda á fund þýskra ráðamanna í von um að geta sannfært þá um nauðsyn þess að Grikkir fái meira svigrúm til að koma á þeim umbótum í ríkisrekstri sem þarf til að skuldahalinn verði viðráðanlegri. - gb

### STJÓRNMÁL

**Sigurlaug ráðin til Já Íslands**

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Já Íslands, hreyfingar evrópusinna á Íslandi. Sigurlaug er stjórnmálafræðingur og varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

### REYKJANESBÆR

**Félagslíf fyrir hælisleitendur**

Rauði krossinn í Hafnarfirði hlaut 250.000 króna styrk frá Landsbankanum til að efla félagsstarf og standa fyrir viðburðum fyrir hælisleitendur. Um áttatíu hælisleitendur dvelja nú í bænum. Félagsstarfið mun fara fram í Reykjanesbæ og einnig verður farið í styttri ferðir.


FAAS

**FAAS þakkar þeim fjölmörgu einstaklingum sem ætla að hlaupa til styrktar félaginu í Reykjavíkurmaraþoninu 18. ágúst n.k. og hvetjum alla sem láta sig málefni fólks með heilabilun varða að heita á hlaupara okkar. Sjá nánar á www.hlaupastyrkur.is**

**Þið sem hlaupið fyrir FAAS og eigið enn eftir að fá „Buffin“ ykkar, vinsamlega nálgist þau á skrifstofu FAAS Hátúni 10 b, kl. 9-15 í dag eða hafið samband í síma 533 1088**

**Stjórn FAAS**


Berjasprettan á Suður- og Vesturlandi þykir með eindæmum góð:

# Stefnir í eitt albesta berjaárið

**NÁTTÚRA** „Þetta berjaár er eitt af þessum allra bestu sýnist mér,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og áhugamaður um ber.

„Mörg síðastliðin ár hafa reyndar verið góð berjaár, þó sérstaklega árið 2010. En það stefnir í að þetta verði eitt af albestu berjaárunum. Sprettan er mikil og góð og svo er hún líka snemma á ferðinni. Ég reikna með að berjatímabilið hafi lengst um tvær til þrjár vikur frá því áður,“ segir Sveinn.

Sveinn segir að berin séu nú þegar tilbúin til tínslu.

„Aðalbláber og bláber eru vel þroskuð á vestanverðu landinu og sprettan er góð sunnan til líka. Ég fór til að mynda til Þingvalla og það mátti ekki tæpara standa, því sum berin voru sprungin.“

Sveinn segir að á Norðurlandi sé berjasprettan einnig skapleg og mun betri en til dæmis í fyrra.

Sveinn mælir með því við þá sem langar að skreppa út fyrir bæjarmörkin í berjaleiðangur, að fara til Þingvalla, upp í Mosfellssveit og jafnvel alla leið að Esju. Kjósin geymir einnig gott berjaland og það sama á við um Hafnarfjarðarhraun. - ktg



**Í BERJAMÓ** Sveinn Rúnar Hauksson segir berjaárið lofa góðu.



Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Skóla-
dagar
Skólaleikur
Skráðu þig á póstlistann á Facebook eða Kringlan.is og fylgstu vel með **Í bítið** á Bylgjunni. Þú gætir unnið **25.000 kr.** gjafakort í Kringluna og fjöldann allan af öðrum vinningum.
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Skóladagar
Kr. 2.500.-
Tvöþúsundogfimmhundruðkrónur
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira
Kaupmenn í Kringlunni
Reykjavík 16. ágúst 20 12
Mundu eftir ávísuninni!
Verslaðu fyrir 10.000 kr. eða meira og fáðu **2.500 kr.** afslátt.*
* Í völdum verslunum Kringlunnar
NIEDERLANDE
**Mán til mið** 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ 15.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,67 | 120,25 |
| Sterlingspund | 187,8 | 188,72 |
| Evra | 146,95 | 147,77 |
| Dönsk króna | 19,738 | 19,854 |
| Norsk króna | 20,13 | 20,248 |
| Sænsk króna | 17,893 | 17,997 |
| Japanskt jen | 1,5147 | 1,5235 |
| SDR | 180,24 | 181,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,7998

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrsta árs makríll fannst við landið sem bendir til hrygningar á Íslandsmiðum:

# Makrílgengd svipuð og fyrri ár

**RANNSÓKNIR** Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson lauk þrjátíu daga makrílrannsóknaleiðangri fyrr í þessum mánuði. Bráðabirgðaniðurstöður sýna að magn makríls er svipað nú og undanfarin ár en útbreiðsla hans er nokkuð önnur en verið hefur.

Leiðangurinn er þáttur í sameiginlegum rannsóknum Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga á dreifingu og magni helstu uppsjávartegunda á ætissvæðum í Norðaustur-Atlantshafi og umhverfisaðstæðum þar.

Aðeins varð vart við makríl á fyrsta ári úti af Suðvesturlandi en þessir fiskar voru aðeins 7-9 sentimetra langir sem bendir til að þeir hafi komið úr klaki við Ísland.



**MAKRÍLL** Undanfarin ár hafa rúmlega milljón tonn af makríl gengið inn í íslensku lögsöguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Helstu niðurstöður þessara rannsókna munu birtast í sameiginlegri skýrslu þeirra sem að leiðangrinum stóðu í lok ágúst.

Alls var 1.174 mögum safnað úr síld, makríl og kolmunna til fæðugreiningar, þar af 609 makrílmögum. Hjörtum úr 1.263 íslenskum sumargotssíldum var safnað til greiningar á sýkingu sem hrjáð hefur þennan stofn. Erfðasýni voru tekin úr 400 makrílum og 200 sýni voru tekin úr makríl og íslenskri og norsk-íslenskri síld til fitusýrugreiningar. - shá

Uppsalir í andlitslyftingu:

# Vilja opna safn um Gísla í vor

**MANNLÍF** Unnið er að því að opna safn um einbúann Gísla Gíslason á bænum þar sem hann bjó, það er að segja á Uppsölum í Arnarfirði.

„Það á að taka til hendinni í nóvember og við stefnum að því að opna safnið næsta vor," segir Árni Johnsen þingmaður, sem fer fyrir hópi manna um opnun safnsins. Verkefnið er Árna kært en hann var fyrstur fjölmiðlamanna til að taka viðtal við einbúann. „Þetta var fimm síðna viðtal í Mogganum, lengsta viðtalið sem þá hafði birst í því blaði," segir Árni. - jse



**BRJÓSTKASSINN Á SLÉTTU** Margrét Benediktsdóttir bar sigur úr býtum í keppninni um best prýdda póstkassann í Eyjafjarðarsveit.

101 póstkassi skreyttur:

# Brjóstkassi úr ull sigurvegari

**AKUREYRI Brjóstkassinn á bænum Sléttu í Eyjafirði bar sigur úr býtum í samkeppni um best prýdda póstkassann í Eyjafjarðarsveit. Það var Margrét Benediktsdóttir sem prjónaði brjóstin úr ull og skreytti póstkassann.**

**Aðstandendur hinnar árlegu Handverkshátíðar á Hrafnagili stóðu fyrir póstkassakeppninni og alls tók 101 bær í sveitinni þátt með því að skreyta póstkassa sinn á einn eða annan hátt.**

**Kosið var um best prýdda póstkassann hjá ferðaþjónustuaðilum í Eyjafjarðarsveit.** - sv

## LEIÐRÉTT

Í grein um Akranesvita var Hilmar, einn af forsvarsmönnum Félags áhugaljósmyndara á Akranesi en það félag stendur til dæmis fyrir tónlistarupptökum í vitanum, sagður Sighvatsson en hann er Sigvaldason. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Þrjátíu virk eldfjallakerfi á landinu í einn gagnagrunn

**Unnið er að gerð umfangsmikils gagnagrunns um íslensk eldfjöll og hættumats vegna þeirra í fyrsta sinn hér á landi. Vinnan er hluti af stóru samevrópsku verkefni. Þrjátíu virk eldstöðvakerfi eru á Íslandi.**

**ÖRYGGISMÁL** Undirbúningur er hafinn að gerð gagnagrunns sem hýsa á allar upplýsingar um virk eldstöðvakerfi hér á landi. Alls verða þrjátíu kerfi í grunninum og þeim forgangsraðað eftir því hversu mikil hætta er talin stafa af þeim. Enginn gagnagrunnur um eldfjöll og eldstöðvakerfi er til hér á landi, þó miklar og ýtarlegar upplýsingar liggi fyrir eftir margra ára rannsóknir.

Nú er unnið að gerð hættumats fyrir eldfjöll á Íslandi. Stofnun gagnagrunnsins er veigamikill hluti af því verkefni, sem er stýrt af Veðurstofu Íslands, en Almannavarnir Ríkislögreglustjóra, Háskóli Íslands, Landlæknir, Vegagerðin og Landgræðsla ríkisins taka einnig þátt í vinnunni, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Þá samþykkti Alþingi að breyta lögum um Ofanflóðasjóð svo hann gæti einnig komið að fjárveitingu til verkefnisins.

Sigrún Karlsdóttir, náttúruvárstjóri hjá Veðurstofu Íslands, segir skrásetningu upplýsinganna mikilvæga áður en ráðist verður í frekari vinnu á hættumatinu, en fyrsta hluta heildarverkefnisins er skipt í fjóra þætti.

„Fyrsta verkefnið er komið langt á veg, þar sem öllum upplýsingum er safnað saman. Síðan verða útbúnar sviðsmyndir af eldfjöllunum til að hjálpa viðbragðsaðilum, bæði innanlands og utan, ef það fer að gjósa," segir Sigrún.

Eldfjöll í hæsta hættuflokki eru Hekla-Vatnafjöll, Katla, Grímsvötn, Bárðarbunga/Veiðivötn og Reykjanes/Svartsengi.

Verkefni þrjú og fjögur fjalla um forgreiningu á sprengigosum og á eldgosum sem valdið geta miklu eignatjóni. Sigrún segir líklegt að sú vinna hefjist ekki fyrr en á næsta ári. Verkefni tvö er komið vel á veg, en það er forgreining flóðahættu samfara eldgosum. Verið er að skoða þar tvö svæði, við Öræfajökul og Markarfljótsaura, en önnur svæði verða einnig könnuð þar sem jökulhlaup vegna eldgosa geta orðið.

Vinnan við gerð gagnagrunnsins er tengd samevrópsku verkefni, Future Volk, sem leitt er af Háskóla Íslands. sunna@frettabladid.is




| Flokkur 1 | Flokkur 2 | Flokkur 3 |
|---|---|---|
| 1 Hekla-Vatnafjöll | 6 Öræfajökull | 9 Askja |
| 2 Katla | 7 Eyjafjallajökull | 10 Snæfellsjökull |
| 3 Grímsvötn | 8 Hengill | 11 Vestmannaeyjar |
| 4 Bárðarbunga/Veiðivötn | | 12 Krafla |
| 5 Reykjanes/Svartsengi | | |

| Flokkur 4 | Flokkur 5 | |
|---|---|---|
| 13 Torfajökull | 19 Kverkfjöll | 26 Tungnafellsjökull |
| 14 Krýsuvík | 20 Fremri Námur | 27 Hrómundartindur |
| 15 Brennisteinsfjöll | 21 Þeistareykir | 28 Geysir |
| 16 Ljósufjöll | 22 Helgrindur-Lýsuskarð | 29 Esjufjöll |
| 17 Eldey | 23 Grímsnes | 30 Snæfell |
| 18 Hveravellir-Langjökull | 24 Prestahnúkur | 31 Tindfjöll |
| | 25 Hofsjökull | |



Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

**Hefst 27. ágúst**

**Kynningarfundur í dag, fimmtud. 16. ágúst kl. 17:30**

**Allir velkomnir**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is

## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veður-fréttamaður

**ÁFRAM HLÝTT** Sumarið er ekki búið enn. Bjart S-lands í dag og þurrt að mestu. Dregur fyrir með lítilsháttar vætu á morgun bæði S-lands og austan. Birtir til V-lands á morgun og á laugardag. Hlýtt í veðri næstu daga, einkum SV- og V-til.




**Á MORGUN** fremur hægur vindur, hvassara SA-til

**LAUGARDAGUR** fremur hægur vindur, hvassara SA-til

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 22° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 22° |
| París | 26° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Skóla dagar

## 14.-27. ágúst



Í Smáralind færðu allt sem þarf til að byrja nýja skólaárið; föt fyrir haustið, vetrarskó, skólatösku, pennaveski, ritföng og bækur.

Taktu afsláttarhefti Smáralindar með þér, nýttu þér fjölbreytt skóladagatilboð og taktu þátt í skóladagaleik Smáralindar og FM957.

Komdu og gerðu góð kaup á skóladögum í Smáralind.



**Skóladagaleikur Smáralindar og FM957**

**iPad og fleiri flottir vinningar frá**
Benetton, Corner, Drangey, Epli.is, Hlöllabátum, Hygeu, Ísbúðinni Smáralind, Topshop, Levi's, Pizza Hut, Serrano, Skemmtigarðinum, Sushigryfjunni

**Fullt af frábærum tilboðum í afsláttarheftinu**




Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM53457

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú sótt sumarútsölurnar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 17,8% |
| NEI | 82,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú áhyggjur af möguleikanum á eldgosi í byggð á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Ríkiskaup brutu gegn lögum um opinber innkaup þegar tilboði Icelandair var tekið í flugsætaútboði:

# Iceland Express fær skaðabætur frá ríkinu

**VIÐSKIPTI** Ríkiskaup eru skaðabótaskyld gagnvart Iceland Express vegna ákvörðunar stofnunarinnar um að taka tilboði Icelandair í útboði um flugsæti til og frá Íslandi. Átti Iceland Express hagstæðasta tilboðið í útboðinu en tilboðum beggja flugfélaga var tekið. Þetta er niðurstaða kærunefndar útboðsmála.

Málavextir eru þeir að í mars 2011 auglýstu Ríkiskaup útboð um flugsæti fyrir opinbera starfsmenn til og frá Íslandi. Í útboðsgögnum kom fram að Ríkiskaup myndu taka hagstæðasta tilboði eða hafna öllum og við ákvörðun sína myndu Ríkiskaup styðjast við fyrirfram skilgreint stigakerfi.

Tilboð bárust frá Icelandair og Iceland Express og tóku Ríkiskaup báðum tilboðum þrátt fyrir að tilboð Iceland Express væri talsvert hagstæðara samkvæmt stigakerfinu.

Krafðist Iceland Express þess að ákvörðun Ríkiskaupa um að taka tilboði Icelandair yrði felld úr gildi en þeirri kröfu var hafnað. Þá var kröfu félagsins um að útboðið yrði haldið að nýju einnig hafnað. Hins vegar mat nefndin það svo að Ríkiskaup hefðu brotið gegn lögum um opinber innkaup og væru skaðabótaskyld gagnvart Iceland Express. Þá skulu Ríkiskaup einnig greiða Iceland Express 400.000 krónur í málskostnað. - mþl




**ICELAND EXPRESS** Ríkiskaup tóku bæði tilboði Iceland Express og tilboði Icelandair í útboðinu þrátt fyrir að fyrrnefnda félagið ætti hagstæðasta boð samkvæmt fyrirfram skilgreindu stigakerfi.

Miðborgin lokuð bílaumferð:

## Frítt í strætó á menningarnótt

**SAMGÖNGUR** Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu bjóða ókeypis ferðir með strætó á laugardag þegar menningarnótt verður haldin hátíðleg í Reykjavíkur.

Stór hluti miðborgarinnar verður hins vegar lokaður vegna hátíðahaldanna og því munu strætisvagnar aka að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut, gengt BSÍ.

Eftir klukkan 22 verður hefðbundið leiðakerfi gert óvirkt og allur strætisvagnaflotinn nýttur til að flytja fólk úr miðborginni í hverfi höfuðborgarsvæðisins. - mþl



**HÁLSMEN** Þessi mynd var birt á Facebook-síðu leitarhóps í gær en talið er víst að Schjetne hafi borist svona hálsmen daginn sem hún hvarf.

Sigrid Schjetne enn ófundin:

## Lögreglan leitar að öðrum bíl

**NOREGUR** Leitin að hinni sextán ára gömlu Sigrid Giskegjerde Schjetne hefur enn engan árangur borið, en í gær voru tíu dagar síðan hún hvarf. Leitin að stúlkunni heldur þó áfram.

Lögreglan lýsti í gær eftir bíl, til viðbótar við þá tvo sem áður hefur verið lýst eftir. Um er að ræða dökkrauðan fólksbíl af óþekktri tegund sem talinn er hafa ekið eftir götu sem vitað er að Schjetne gekk stuttu áður en hún hvarf.

Lögreglan hefur fengið 1.700 ábendingar frá almenningi og daglega safnast á þriðja hundrað sjálfboðaliða saman til að leita að stúlkunni. - ktg

# Ríkið þarf að borga hundruð milljarða

**Stéttarfélög opinberra starfsmanna neita að ráðast í breytingar á lífeyriskerfi sínu fyrr en ríkið hefur gert upp þegar tilkomna skuld sína við LSR. Tryggingafræðileg skuld vegna beggja deilda LSR er um 600 milljarðar króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska ríkið þarf að gera upp lífeyrisskuld sína við opinbera starfsmenn áður en stéttarfélög þeirra eru til viðræðu um breytingar á framtíðarskipan lífeyrismála. Þetta kemur fram í bréfi sem fulltrúar heildarsamtaka opinberra starfsmanna afhentu Oddnýju Harðardóttur fjármálaráðherra í gærmorgun. Tryggingafræðileg skuld vegna þessa er um 600 milljarðar króna.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að stjórnvöld hefðu átt í viðræðum við stéttarfélögin um að gera stórtækar breytingar á lífeyriskerfi þeirra. Meðal annars hefur verið rætt um að hækka eftirlaunaaldur úr 65 árum í 67 ár og breyta áunnum lífeyrisréttindum þannig að þau verði línuleg, líkt og í almenna kerfinu. Til stendur að leggja fram frumvarp um breytinguna í október. Stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa hins vegar gert fjármálaráðuneytinu það ljóst að ekki verði samið um breytingarnar fyrr en þegar tilkomnar skuldir vegna áunninna lífeyrisskuldbindinga verði gerðar upp.

Áfallin tryggingafræðileg skuld vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er 543 milljarðar króna og óuppgerð áfallin skuldbinding er 461 milljarður króna. Stærstur hluti hennar lendir á íslenska ríkinu, eða um 400 milljarðar króna. Ef byrjað yrði að greiða niður þessa skuld í dag myndu opinberir aðilar þurfa að greiða um átta milljarða króna á ári. Þær greiðslur myndu toppa árið 2024, þegar þær yrðu um 18 milljarðar króna á ári, en þær myndu síðan lækka jafnt og þétt eftir það.



**FJÁRMUNIR** Halli í A-deild LSR var rúmir 57 milljarðar um síðustu áramót, eða 13,1 prósent en samkvæmt lögum má hallinn aldrei verða meiri en 10 prósent.

**400** milljarðar króna er sú upphæð sem ríkið mun þurfa að greiða vegna tryggingafræðilegs halla B-deildar LSR.

Samtökin setja einnig sem skilyrði að iðgjald í A-deild sjóðsins verði hækkað í samræmi við núgildandi lög. Hallinn á A-deildinni var 57,4 milljarðar króna um síðustu áramót, eða 13,1 prósent. Það er uppreiknaður halli sem miðast við að allir sem greiða í sjóðinn í dag muni greiða í hann þar til þeir fara á lífeyri. Samkvæmt lögum má hallinn aldrei verða meiri en tíu prósent og ekki vera meiri en fimm prósent í fimm ár samfleytt. Eftir bankahrunið var hins vegar sett inn bráðabirgðaákvæði í löggjöfina sem heimilaði að hallinn mætti vera 15 prósent.

Til að brúa þetta bil þarf að hækka iðgjöld í sjóðinn, en þau eru greidd úr ríkissjóði. Til að koma stöðu A-deildar LSR undir tíu prósenta halla þarf að hækka iðgjöldin um 1,1 prósent í 16,6 prósent. Það myndi kosta greiðendur gjaldanna 1,1 milljarð króna á ári. Til að koma hallanum undir fimm prósent þyrfti að hækka iðgjöldin um 2,8 prósent, sem myndi kosta um 2,8 milljarða króna á ári. Til að gera upp hallann að fullu þyrfti að hækka iðgjöldin um 4,6 prósent, sem myndi kosta hið opinbera um 4,6 milljarða króna.

thordur@frettabladid.is




**ENGIN VÖRUMERKI** Sígarettupakkar í Ástralíu fela ekkert. NORDICPHOTOS/AFP

Tóbaksframleiðendur tapa:

## Ströng lög um tóbak staðfest

**ÁSTRALÍA, AP** Hæstiréttur Ástralíu hefur staðfest að ströngustu lög heims um tóbakssölu standist stjórnarskrá landsins.

Með lögunum er bannað að hafa merki tóbaksframleiðenda á sígarettupökkum. Þess í stað eiga að vera á pökkunum hrollvekjandi myndir sem sýna alvarlegar afleiðingar tóbaksnotkunar, ásamt berorðum yfirlýsingum um skaðsemi tóbaks.

Dómstóllinn tók ekki til greina þau rök tóbaksframleiðenda að þeir yrðu fyrir tapi vegna þessa. - gb

**LÖGREGLUMÁL**

### Þjófur keypti leikjatölvu

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði í gær hendur í hári manns sem staðinn hafði verið að þjófnaði í íþróttahúsi Fram í Safamýri. Í ljós kom að hann hafði einnig gerst fingralangur í Hagkaupum og í líkamsræktarstöð í Bolholti fyrr um daginn. Þá hafði hann keypt Playstation-leikjatölvu fyrir stolið greiðslukort.




HYMER
ADRIA
ALINER
Camp-let
SÍÐUSTU VAGNARNIR
TILBOÐ Á FERÐAVÖGNUM Í ELLINGSEN
Ferðavagnarnir frá Ellingsen eru þaulreyndir við íslenskar aðstæður og ánægðir viðskiptavinir okkar eru til vitnis um ágæti þeirra. Ferðalögin hefjast í Ellingsen.
HYMER
AUKAPAKKI FYLGIR
HYMER NOVA 540
VERÐ 5.290.000 KR.
Verð áður: 5.490.000 kr.
AUKAPAKKI
Seljum síðustu hjólhýsin frá Hymer og Adria með 200.000 kr. afslætti. Auk þess látum við fylgja með sólarrafhlöðu og 150.000 kr. gjafabréf í Ellingsen!
ADRIA
AUKAPAKKI FYLGIR
ADRIA ASTELLA 563 PT
VERÐ 4.590.000 KR.
Verð áður: 4.790.000 kr.
Eigum örfá eintök af eftirfarandi hjólhýsum:
Adria Altea 432 PX
Adria Adora 462 PU
Adria Adora 472 LU
Adria Astella 472 LU
Adria Astella 563 PT
Adria Alpina 563 UK
Adria Alpina 613 PC
Hymer Nova 540
Hymer Nova 545
Hymer S-Nova 545
Camp-let
CAMP-LET CLASSIC TJALDVAGN
VERÐ 1.490.000 KR.
ALINER
400.000 KR AFSLÁTTUR
GRINDIN Á A-HÝSUNUM ER GALVANÍSERUÐ!
ALINER EXPEDITION
VERÐ 2.890.000 KR.
Verð áður: 3.290.000 kr.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

**Fréttaskýring:** Samstarf Kínverja og Íslendinga um norðurslóðarannsóknir

# Breytt veðurfar rekur Kínverja norður

**Kínverski ísbrjóturinn Snædrekinn hefur lagt að baki eina erfiðustu siglingaleið sem þekkist – norðausturleiðina um Norður-Íshaf. Rannsóknaleiðangur skipsins er hálfnaður en þegar eru fimmtán þúsund sjómílur að baki. Um borð starfa tveir íslenskir vísindamenn að norðurslóðarannsóknum við hlið kollega sinna.**

Snædrekinn, sem er einn stærsti ísbrjótur Kínverja, batt landfestar í Reykjavík á þriðjudag eftir ótrúlegt ferðalag frá Kína. Skipið lagði úr höfn þann 2. júlí frá Qingdao í Kína í fimmta vísinda- og rannsóknaleiðangur Kínverja á norðurslóðir; CHINARE 5. Í leiðangrinum fór Snædrekinn svonefnda norðausturleið meðfram Rússlandi og Noregi og hefur viðkomu næstu daga á Íslandi í boði íslenskra stjórnvalda. Er það mat stjórnvalda og vísindasamfélags beggja landa að ferðin til Íslands styrki enn frekar rannsóknasamstarf landanna tveggja á sviði norðurslóðarannsókna.

## Sextíu vísindamenn um borð

Margvíslegar rannsóknir fara fram í þessari tímamótasiglingu en þetta er fyrsti kínverski rannsóknarleiðangurinn sem fer norðausturleiðina. Meðal þess sem var rannsakað eru áhrif loftlagsbreytinga á norðurheimskautsísinn og vistfræðilegt ástand svæðisins. Innanborðs eru sextíu vísindamenn frá hinum ýmsu stofnunum og háskólum og koma fimm þeirra utan meginlands Kína; þar af tveir Íslendingar.

Rannsóknasvið vísindamannanna skiptast í fjögur meginsvið: hafeðlisfræði, hafís og sjávarveðurfræði, sjávarjarðfræði, efnafræði sjávar og andrúmslofts og sjávarlíffræði og vistkerfi sjávar.

## Rannsakar norðurslóðasiglingar

Egill Þór Níelsson, gistifræðimaður við Heimskautastofnun Kína, var einn vísindamannanna um borð í Snædrekanum síðustu vikur, en hann víkur nú fyrir Ingibjörgu Jónsdóttur, dósent við Háskóla Íslands, sem tekur seinni legg leiðangursins á leiðinni til baka til Kína. Egill vinnur að verkefni í tengslum við norðurslóðasiglingar en Ingibjörg, einn fremsti hafíssérfræðingur okkar, rannsakar hörfun og ástand hafíss á norðurslóðum.

„Þetta er búið að vera strangt en mjög skemmtilegur tími,“ segir Egill en við komuna til Reykjavíkur hafði Snædrekinn verið um sex vikur í hafi. „Það eru forréttindi að fá þetta tækifæri og virkilega lærdómsríkt að sjá þetta svæði með eigin augum.“

Egill segir að það sem kom honum helst á óvart var hversu lítill ís var á norðausturleiðinni miðað við að um Norður-Íshafið er að ræða. „Við vorum tíu daga að sigla það sem kallast norðausturleiðin og hefðum getað verið fljótari. Það er til marks um breytingarnar sem þarna eru að verða að aukningin á siglingum um þetta svæði á milli áranna 2010 og 2011 var úr fjórum skipum í 34. Það eru þá helst flutningaskip með gas, olíu, málma og sjávarafurðir. Það er ljóst að siglingar þarna í gegn eru marktækt hafnar.“

Egill segir það eftirminnilegast úr ferðinni þegar siglingin í gegnum ísröndina hófst, það sé mikil upplifun að sjá hvernig ísbrjóti er beitt gegn þeim ægikröftum sem þar eru á ferðinni. „En rannsóknirnar um borð miða nær allar við loftslagsbreytingar og það eru forréttindi að fá að starfa um borð í svona skipi með eins færum vísindamönnum og þar vinna.“

> Hvort kínversk stjórnvöld hafa eitthvað annað í huga hefur aldrei komið fram í viðræðum mínum við þessa menn.
>
> **ÞORSTEINN GUNNARSSON** SÉRFRÆÐINGUR HJÁ RANNÍS

Þegar spurt er um hvernig það kom til að Egill starfar við Heimskautastofnunina í Kína segist hann einfaldlega hafa sótt um og fengið. Það sem rak hann til Kína var skólavist unnustu hans, svo „eitthvað varð ég að gera“, eins og hann orðar það.

## Veðurfar er forsenda rannsókna

Heimsókn Snædrekans til Íslands er skipulögð af Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) í víðtæku samráði við fjölmarga aðila hér á landi; embætti forseta Íslands, háskóla, ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög.

Þorsteinn Gunnarsson, sérfræðingur á greiningarsviði hjá Rannís, segir að leiðangurinn, og samstarfið í heild, sé íslensku vísindasamfélagi afar mikilvægt. Í samstarfi við Kínverja bjóðist tækifæri sem seint gæfust annars. Fáir vísindamenn annarra landa séu um borð og í því felist ákveðið forskot fyrir Íslendinga.

Spurður um hagsmuni Kínverja og ástæðu fyrir því að þeir leggja í leiðangur eins og för Snædrekans, segir Þorsteinn að fyrst og síðast séu vísindamennirnir að velta fyrir sér samhengi hlýnunar á norðurslóðum og veðurfars í þeirra heimalandi. „Þeir telja að hlýnunin á norðurslóðum hafi bein áhrif á veðurfar í Kína, þannig að þeir eru að reyna að afla sér þekkingar til að skilja samhengið þarna á milli. Þeir telja sig sjá meiri öfgar í veðurfari; storma og þurrka, en áður var. Hvort kínversk stjórnvöld hafa eitthvað annað í huga hefur aldrei komið fram í viðræðum mínum við þessa menn.“

Þorsteinn segir ekkert annað í kortunum en að samstarf þjóðanna í rannsóknum haldi áfram og verði aukið. Þegar sé kínverska heimskautastofnunin og Raunvísindastofnun að vinna að því að setja á fót sameiginlega rannsóknastöð fyrir norðurljós hér á landi. „Það verður mikið tækifæri fyrir íslenska vísindasamfélagið, og til marks um hvað samstarf sem þetta getur falið í sér.“

## Allir velkomnir

Á meðan á Íslandsdvöl Snædrekans stendur mun ísbrjóturinn heimsækja Reykjavík og Akureyri. Íslendingum gefst kostur á að fara um borð í Snædrekann og skoða.

Háskóli Íslands og RANNÍS standa fyrir opnu málþingi um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Norður-Íshaf á morgun í Háskóla Íslands. Málþingið verður sett af fulltrúa utanríkisráðherra og sendiherra Kína á Íslandi. Fyrirlesarar verða vísindamenn frá Kína og Íslandi sem fjalla um loftslagsbreytingar á norðurslóðum og almennt um norðurslóðastarf þjóðanna tveggja. Að loknum kynningum og umræðum verður skrifað undir viljayfirlýsingar um frekara vísindasamstarf á norðurslóðum og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flytur lokaávarp málþingsins.

Að málþinginu loknu munu forsetahjónin ásamt fylgdarliði heimsækja Snædrekann. Seinna um daginn mun forseti Íslands bjóða þátttakendum í fimmta rannsóknaleiðangri Kína um norðurslóðir heim að Bessastöðum.


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is




**Í AUSTUR-SÍBERÍUHAFI** Leiðin sem skipið siglir er bæði hættuleg og vandsigld. Hins vegar var veður afar gott á leiðinni og háði það aldrei vísindastörfum um borð. MYND/RANNÍS



**EGILL ÞÓR NÍELSSON** Gistifræðimaður við Heimskautastofnun Kína og einn vísindamannanna um borð.



**SNÆDREKINN Á SIGLINGU** Snædrekinn er stærsti ísbrjótur heims sem ekki er kjarnorkuknúinn. Hann er 167 metrar á lengd og 23 á breidd. Aðstaða fyrir vísindamenn er mjög góð með gagnamiðstöð og sjö rannsóknastofum. Alls eru 117 manns um borð og þar af um sextíu vísindamenn. Um borð eru þrír rannsóknabátar og þyrla.

## Siglingaleið Snædrekans frá Kína til Íslands






YOUNGBLOOD®
MINERAL COSMETICS

## Hefur þú hugsað um hvernig farða þú setur á húðina?

Youngblood farðinn er 100% náttúrulegur, olíulaus og án allra kemískra efna. Farðinn hylur fullkomlega og gefur einstakan ljóma. Einstaklega létt áferð sem fær þig til að gleyma að þú sért með farða. Án Parabena.




KYNNING Í

# HAGKAUP SMÁRALIND & KRINGLUNNI

*dagana 16. – 22. ágúst*

## 20% AFSLÁTTUR

af öllum YOUNGBLOOD og OLE HENRIKSEN vörum.
Kaupauki fylgir kaupum yfir 8.500 kr.

## Ultimate Lift Eye Gel

Styrkir augnsvæðið og vinnur á þrota og baugum.

TILBOÐSVERÐ 28ml á 6.475 í stað 8.999

OLEHENRIKSEN®




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 22. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð







**SPRENGJUÁRÁS Á HÓTEL Í DAMASKUS** Stór sprengja var sprengd við hótel í Damaskus í gær, þar sem friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa dvalist. Að minnsta kosti þrír særðust. NORDICPHOTOS/AFP

# Ábyrgðin sögð liggja hjá Sýrlandsstjórn

**Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna sakar Sýrlandsstjórn um stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni. Uppreisnarmenn hafa einnig gerst sekir um morð, pyntingar og kynferðisofbeldi, en þó í minna mæli en stjórnarliðar.**

**SÝRLAND, AP** Enginn vafi leikur lengur á því að Sýrlandsher og hrottasveitir hliðhollar Sýrlandsstjórn hafa framið stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni á síðustu vikum og mánuðum, né heldur að ábyrgðin sé hjá Sýrlandsstjórn.

Þetta er fullyrt í rúmlega hundrað blaðsíðna skýrslu rannsóknarnefndar á vegum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem meðal annars eru ýtarlegar lýsingar á framferði hermanna og hrottasveita í bænum Houla í maí. Þar voru meira en hundrað manns drepnir, allt almennir borgarar og nærri helmingur þeirra börn.

Meðal annars eru stjórnarliðar sakaðir um morð, pyntingar og kynferðisofbeldi.

Í skýrslunni eru sveitir uppreisnarmanna einnig sakaðar um sams konar glæpaverk, en þó fullyrt að það hafi gerst í minna mæli og sjaldnar en glæpir stjórnarliða.

Þetta er í fyrsta sinn sem nefndin kallar afbrot stríðandi afla í Sýrlandi stríðsglæpi, því hingað til hefur verið notað varfærnara orðalag. Ástæðan er sú að Alþjóðanefnd Rauða krossins lýsti því yfir um miðjan júlí að átökin í Sýrlandi gætu ekki lengur talist neitt annað en borgarastríð. Þar með þurfa stríðandi öfl í landinu að hlíta reglum Genfarsáttmálanna um framferði í stríði.

Í skýrslunni er fjallað um tímabilið frá 15. febrúar til 20. júlí á þessu ári. Skýrslan er byggð á viðtölum við fólk á átakasvæðunum og flóttamenn frá Sýrlandi.

Nefndin segir þó að starf hennar hafi verið gert torveldara vegna þess að stjórn Bashars al Assad Sýrlandsforseta sýndi engan samvinnuvilja.

gudsteinn@frettabladid.is

## Hverjir eru að berjast í Sýrlandi?

**Stjórnarherinn:** Þótt stjórnarherinn eigi í erfiðleikum með að ná tökum á uppreisnarmönnum í Aleppo og Damaskus, tveimur stærstu borgum landsins, eru flestar aðrar stærri borgir landsins enn á valdi stjórnarinnar. Bashar al Assad forseti heldur um stjórnartaumana ásamt bróður sínum Maher, sem stjórnar öflugum hersveitum, og fjórum yfirmönnum helstu leyniþjónustustofnana landsins.

**Frjálsi sýrlenski herinn:** Hefur verið öflugasti her uppreisnarmanna í meira en ár. Stofnaður af sjálfboðaliðum og liðhlaupum úr Sýrlandsher. Talið er að tugir þúsunda hafi nú gengið til liðs við herinn, sem smám saman hefur sankað að sér æ öflugri vopnum. Uppreisnarherinn hefur nokkur svæði í norðanverðu landinu á sínu valdi, meðal annars við landamæri Tyrklands. Hann hefur nokkrum sinnum náð á sitt vald hverfum í stærri borgum landsins, en til þessa verið hrakinn þaðan af stjórnarhernum.

**Sýrlenska þjóðarráðið:** Helsta afl pólitískrar stjórnarandstöðu í Sýrlandi, með aðalbækistöðvar í Istanbúl í Tyrklandi. Innri ágreiningur og ágreiningur við aðra hópa uppreisnarmanna veldur því að ráðið hefur ekki hlotið fulla alþjóðlega viðurkenningu, þrátt fyrir stuðning frá mörgum ríkjum á Vesturlöndum og í arabaheiminum.

**Samhæfingarnefnd þjóðarinnar:** Helsti keppinautur Sýrlenska þjóðarráðsins um forystu meðal stjórnarandstöðunnar. Stofnað af þekktum stjórnarandstæðingum í Sýrlandi, og starfar innan landamæranna. Sumir þeirra hafa verið pólitískir fangar. Þjóðarráðið sakar samhæfingarnefndina um að vera of hliðholla stjórnvöldum, en nefndin sakar ráðið aftur á móti ýmist um að vera fulltrúi Vesturlanda eða vilja hleypa hópum íslamista til valda.

**Erlendir málaliðar:** Erlendir málaliðar hafa komið til Sýrlands til að taka þátt í átökunum, rétt eins og gerðist í Afganistan og Írak. Ekki er mikið vitað um þá, en uppreisnarmenn hafa lítið viljað gera úr hlut þeirra og segja uppreisnina sprottna upp úr óánægju almennings heima fyrir.

**Öfgaöfl:** Ýmsir á Vesturlöndum hafa áhyggjur af því að hryðjuverkasamtök á borð við al-Kaída nái fótfestu í Sýrlandi, og Sýrlandsstjórn hefur ítrekað kennt hryðjuverkamönnum um árásir á almenning. Að minnsta kosti ein sýrlensk samtök, Al Nusra, hafa á síðustu mánuðum nokkrum sinnum lýst yfir ábyrgð sinni á hryðjuverkum.

**Hrottasveitir:** Sýrlandsher hefur verið sakaður um að siga hópum ofbeldismanna á almenning. Mannréttindasamtök hafa talað við fjölmörg vitni sem segja að oft í kjölfar árása stjórnarhersins á íbúðahverfi í borgum landsins hafi þessar hrottasveitir, sem nefndar eru Shabbiha, farið hús úr húsi og drepið alla sem fundust á lífi.

**HVER ÞREMILLINN!** Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. thremillinn@frettabladid.is

# Gátskildir á miðjum þjóðvegi

Tveir gátskildir standa á miðjum vegi við innganginn í Þjóðgarðinn á Þingvöllum, þrátt fyrir að fulltrúi Vegagerðarinnar hafi lýst því yfir í síðasta mánuði að aðskotahlutir mættu ekki vera á óupplýstum vegi.

Þá hafði Vegagerðin sett upp þéttbýlishlið við báða innganga inn í þjóðgarðinn. Þéttbýlishliðin samanstóðu af gátskjöldum í báðum vegarköntum og skildi á miðjum veginum í umferðareyju. Þetta þótti of hættulegt.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir skildi, eins og þá sem nú eru á veginum, meinlausa.

„Það gerist ekkert þó þú keyrir á skildina. Þeir eru sveigjanlegir neðst og gefa eftir,“ segir G. Pétur.

Hann segir þá þó ekki vera komna til að vera.

„Ég veit ekki nákvæmlega hver ástæðan fyrir þessu er, en þetta er ekki komið til að vera.“

- ktg



**GÁTSKILDIR** Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar segir ekki tiltökumál þótt menn keyri á skildina enda séu þeir sveigjanlegir og gefi eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fornleifafundur í Danmörku:

# Þúsund stríðsmenn í jörðu

**DANMÖRK** Jarð- og fornleifafræðingar hafa fundið beinagrindur þúsund manna í jörðu nálægt Skanderborg. Talið er að beinin tilheyri hermönnum og séu um tvö þúsund ára gömul.

Ekki er vitað hvers vegna beinagrindurnar liggja þarna, hvort um fórnir eða fjöldamorð hafi verið að ræða. „Þetta er mjög sérstakur fundur. Við höfum ekki séð neitt í líkingu við þetta í allri Norður-Evrópu," segir Mads Kähler Holst, fornleifafræðingur við Árósaháskóla, í samtali við bt.dk. - ktg

Bandaríkin rýmka reglur um ólöglega innflytjendur, en með skilyrðum:

# Þúsundir vilja fá atvinnuleyfi

**BANDARÍKIN, AP** Hundruð þúsunda ólöglegra innflytjenda sækja um dvalarleyfi í Bandaríkjunum eftir að reglur voru rýmkaðar nú í vikunni.

Þeir geta nú fengið atvinnuleyfi, sem tryggir að þeim verður ekki vísað úr landi. Þeir geta þó ekki gert sér vonir um ríkisborgararétt síðar meir.

Ströng skilyrði eru auk þess sett fyrir því að þeir geti fengið atvinnuleyfi: Þeir mega ekki vera eldri en þrítugir, þeir verða að hafa komið til Bandaríkjanna áður en þeir náðu sextán ára aldri og þeir verða að hafa búið í landinu í að minnsta kosti fimm ár. Auk þess þurfa þeir að vera skráðir í skóla, eða vera útskrifaðir úr skóla, eða hafa gegnt herþjónustu.

Barack Obama forseti boðaði þessar breytingar í júní eftir mikinn þrýsting frá íbúum af rómönskum uppruna, sem gagnrýndu hann fyrir að hafa ekki staðið við kosningaloforð um að endurskoða þau flóknu lög sem gilt hafa um innflytjendur í Bandaríkjunum. - gb



**FYLLA ÚT PAPPÍRA** Í sendiráði Hondúras í Washington fylltist allt af fólki sem kom til að fylla út umsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÞAKIÐ BLÓMUM** Stóra-torgið í Brussel hefur nú verið skreytt með blómateppi miklu, eins og hefð er fyrir annað hvert ár. NORDICPHOTOS/AFP



**LEIKVÖLLURINN MERKTUR** Innbæjarsamtökin á Akureyri krefjast þess að bærinn taki til við uppbyggingu í kringum Laxdalshús. MYND/HELGA FRÍMANN

Bærinn hvattur til aðgerða:

# Óáhugaverður völlur í bænum

**AKUREYRI Innbæjarsamtökin á Akureyri merktu leikvöllinn við Hafnarstræti sem „óáhugaverðan stað" til að skopast að bæjaryfirvöldum. Samtökin notuðu skilti, sem venjulega auðkennir áhugaverða staði, og teiknuðu á það rauðan kross. Akureyri vikublað greinir frá málinu á vef sínum.**

**Leikvöllurinn stendur á móti Laxdalshúsi, elsta húsi bæjarins, og segja samtökin svæðið í algjörri niðurníðslu og vera bæjaryfirvöldum til skammar. Bærinn er því hvattur til að hefja undirbúning að faglegri uppbyggingu á fjölnota útivistarsvæði fyrir gesti og íbúa hið fyrsta.** - sv

Japan og Suður-Kórea ósátt:

# Vaxandi harka í deilu um eyjar

**JAPAN, AP** Enn á ný deila Japanar og Suður-Kóreumenn hart um yfirráð nokkurra lítilla eyja í hafinu á milli þeirra. Spenna milli ríkjanna hefur vaxið eftir að Lee Myung-bak, forsætisráðherra Suður-Kóreu, sigldi í síðustu viku til eyjanna, sem nefnast Takeshima á japönsku en Dokdo á kóresku.

Japanskir þingmenn og ráðherrar hafa nú svarað með því að heimsækja Yakasuni-hofið, sem reist var til minningar um Japana sem féllu í stríðinu, þar á meðal menn sem frömdu stríðsglæpi gegn Kóreu. - gb





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-1429



# neytendur
*hagur heimilanna*

**22,7%** **VAR** sú hlutfallslega verðhækkun sem varð á barnaklippingu á Íslandi frá maí 2008 til maí 2012.

■ **Orkumál**

## Ný reglugerð um eftirlit með varmaorkumælum

Neytendastofa hefur unnið að undirbúningi að nýrri reglugerð um eftirlit með varmaorkumælum, þar sem afhent orka er reiknuð út frá hitastigi vatnsins og rúmmáli. Gildandi reglugerð um vatnsmæla nær aðeins til þeirra mæla sem eru sölumælar fyrir kalt og heitt vatn eftir rúmmáli. Eftir að hin nýja reglugerð tekur gildi munu neytendur einungis greiða fyrir þá varmaorku sem þeir fá afhenta, en ýmsar dreifiveitur selja heitt vatn með þessum hætti, er fram kemur á vef Neytendastofu. Á vef innanríkisráðuneytisins segir að reglugerðin muni setja ný skilyrði sem varmaorkumælar þurfi að uppfylla svo þá megi selja og taka í notkun hjá dreifiveitum í því skyni að nota þá sem sölumæla fyrir heitt vatn. Þá verður einnig kveðið á um gildistíma og eftirlit með mælum í notkun til þess að tryggja réttar mælingar. Reglugerðardrögin byggjast á samræmdum evrópskum reglum sem gilda um slík mæli-



# Skólar mega ekki skikka foreldra

**Sumir grunnskólar bjóða foreldrum yngstu nemendanna upp á sérstakan ritfangapakka. Pakkarnir geta verið mun dýrari en sams konar vörur í ritfangaverslun.**



**SKÓLAGANGAN HEFST** Mörg sex ára börn hefja skólagönguna nú í haust. Það er því í mörg horn að líta við val á skólavörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Grunnskólar í Reykjavík geta ekki skikkað foreldra sex ára barna sem eru að hefja nám í skólunum til að kaupa ritföng og stílabækur af þeim. Nokkrir skólar á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á slíka þjónustu á meðan skólastjórar annarra skóla hafa ekki heyrt á fyrirkomulagið minnst.

Meðal þeirra grunnskóla sem bjóða foreldrum upp á ritfangapakkann er Austurbæjarskóli, og hefur gert í nokkur ár. Í tilkynningu sem umsjónarkennarar fyrsta bekks skólans sendu foreldrum barna sem eru að stíga sín fyrstu skref í bóknámi, kemur fram að pakkinn í ár muni kosta fjögur þúsund krónur og fá allir sams konar skriffæri og bækur. Séu hlutirnir keyptir stakir í pakkann í ritfangaverslunum er hægt að fá hann ódýrari.

Í ritfangapakkanum í Austurbæjarskóla má finna stílabækur, skæri, möppur, blýanta, strokleður, liti og annað sem nauðsynlegt er. „Nemendur eiga að koma með skólatösku, ávexti eða grænmeti í nesti, sundföt og íþróttafatnað sem við á,“ segir í tilkynningu frá umsjónarkennurunum.

Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólasviðs Reykjavíkurborgar, segir engar sérstakar reglur gilda um þessi magninnkaup skólanna en skólarnir geta ekki skikkað foreldra til að kaupa pakkann af þeim.

„Ef einstaka skólar gera svona fyrir einhverja árganga þá mega þeir ekki skikka foreldra til að kaupa pakkann, heldur geta aðeins boðið þeim hann,“ segir Auður Árný. Reykjavíkurborg gefur engin fyrirmæli um að þessi „pakkaaðferð“ sé viðhöfð í grunnskólum borgarinnar. „Ef borgin væri með eitthvað svona, sameiginlega stefnu fyrir alla skólana, þá væri það útboðsskylt.“

Það er því hverjum skóla í sjálfsvald sett hvernig hann hagar sínum málum í þessum efnum. Til eru fleiri útfærslur á þessu kerfi. Sem dæmi má nefna Vesturbæjarskóla þar sem foreldrafélagið heldur utan um ritfangapakkann.

birgirh@frettabladid.is






■ Viðskipti

## Kortatímabilin eru ekki öll eins

Þegar kemur að nýju kortatímabili byrja hinar ýmsu verslanir að auglýsa ný tímabil. Það skiptir þó miklu máli við hvaða kortafyrirtæki viðkomandi korthafi skiptir því kortatímabilin hefjast ekki öll á sama tíma. Neytendasamtökunum hafa borist kvartanir um að jafnvel þó nýtt kortatímabil sé auglýst sé það oft ekki raunin.

Nýtt kortatímabil einstaklingskorta sem gefin eru út af Kreditkortum hefst 27. dag hvers mánaðar. Einstaklingskort sem eru gefin út af Valitor hafa breytilegt tímabil sé slíkt auglýst. Á heimabankanum má finna upplýsingar um tímabilin í kringum 25. dag hvers mánaðar. - bþh



**MYNTA** Lyktin af myntu og sítrusávöxtum á að gefa neytandanum aukna orku og þykir sérstaklega góð fyrir þá sem ferðast í viðskiptaerindum. MYND&GETTY

■ Ferðir

## Hótel nýta lyktarskynið í nýstárlegri markaðsetningu

Hótelkeðjur eru í auknum mæli byrjaðar að framleiða eigin ilmefni. Lykt getur á augnabliki framkallað ákveðnar minningar í huga neytenda og það eru þessi áhrif sem hótelin eru að sækjast eftir.

Bandaríska hótelkeðjan Westin rekur fleiri hundruð hótel um allan heim og er eitt þeirra fyrirtækja sem notar lyktarskyn neytenda í markaðsherferð sinni. Hótelkeðjan hefur í áraraðir látið framleiða lyktina White Tea eða Hvíta teið. Lyktinni er sprautað í alla innganga í hótelum sem tilheyra keðjunni, en einnig geta gestir hótelsins notað snyrtivörur með sama ilmi og að lokinni dvölinni keypt lítið glas með lyktinni til að taka með sér heim. Þetta kemur fram á vef danska blaðsins Politiken.

## GÓÐ HÚSRÁÐ egg

*Lærðu að sjá í gegnum egg*

Egg eru alltaf eins. Alveg sama hvort þau eru harðsoðin, ósoðin eða jafnvel fúl. Hægt er að finna út hvernig innihaldið er án þess að brjóta skurnina. Ef þú ert í vafa um hvort eggið sé soðið eða ekki er nóg að prófa að snúa því á borði, líkt og gert er í flöskustút. Ef eggið vaggar hægt í hálfan hring er það hrátt, ef það þýtur í marga hringi er það hins vegar soðið. Til þess að vita hvort eggið sé farið að fúlna er nóg að setja það í vatnsglas. Ef það flýtur er þér óhætt að borða það en egg sem sekkur er skemmt.



NEYTANDINN: ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON LEIKARI

# Panasonic-síminn var ekki að gera sig



Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, segist vera græjukarl mikill og hefur hann greinilega marga fjöruna sopið í þeim efnum.

„Verstu kaupin gerði ég á þeim árum þegar fyrstu þráðlausu símarnir voru að líta dagsins ljós," rifjar hann upp. „Það var einn félagi minn kominn með þennan líka fína Panasonic-síma, bara eins og gsm-síma, sem hann sýndi mér og ég ákvað strax að ég yrði að eignast einn slíkan. Ég var líka að fara til Spánar þannig að það kom sér vel að geta keypt einn slíkan þar. Ég fer í eina búðina og sé þessa glæsilegu græju, alveg eins og félagi minn var með, Panasonic og allt. En þegar ég kem heim og set þetta í samband komu einhver óhljóð úr þessu en annars var ekkert hægt að nota þennan blessaða síma svo ég fer með hann í viðgerð. Svo þegar ég ætlaði að sækja hann kem ég að afgreiðslumanninum skellihlæjandi.

Milli hláturskasta tókst honum þó að segja mér að þetta væri ekki sími heldur leikfang. En ég benti honum á að þetta væri Panasonic en þá bað hann mig að líta betur á sem ég og gerði og komst að því að þetta var hreint ekki Panasonic heldur Paenasonic.

Bestu kaupin eru hins vegar dönsku bræðurnir sem klikka aldrei, þeir Bang og Olufsen. Keypti slíkt sjónvarpstæki fyrir 25 árum með þennan risabelg aftan á en það slær öllum þessum þvengmjóu flatskjáum við."





GRENSÁSVEGUR 10 OG 8



ÁRMÚLI 2



GUÐRÍÐARSTÍGUR 2-4



LYNGHÁLS 9

TIL LEIGU

GRENSÁSVEGUR, ÁRMÚLI, GUÐRÍÐARSTÍGUR OG LYNGHÁLS

Gott atvinnuhúsnæði

Frábærlega vel staðsett verslunar- og skrifstofuhúsnæði

- **Grensásvegur 10 og 8**, 1.203 og 1.779 m², hentar mjög vel undir verslunarrekstur og skrifstofur
- **Ármúli 2**, 3.384 m², leigist í heilu lagi
- **Guðríðarstígur 2–4**, 2.045 m², hentar mjög vel undir verslunarrekstur og skrifstofur
- **Lyngháls 9**, 1.636 m², hentar mjög vel undir skrifstofur

**Nánari upplýsingar gefur:**

*Hermann Guðmundsson / hermann@m3.is* / **gsm 661 4700**

**www.m3.is**

m3 FASTEIGNARÁÐGJÖF LEIGUMIÐLUN

# Skólaba




## MacBook Air 11”

**16.659 kr á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 199.912*

**VAXTA LAUST**

**189.990 kr**
Staðgreitt

1,7GHz dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 2,6GHz
64GB ofurhröð flash geymsla

4GB 1600MHz vinnsluminni
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt baklýst lyklaborð

## MacBook Air 13”

**21.830 kr á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 261.955*

**VA LA**

1,8GHz dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 2,8GHz
128GB ofurhröð flash geymsla

4GB 1600MHz vinnsluminni
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt baklýst lyklaborð



KNOMO Lincoln
Fartölvutaska
**Verð: 11.990.-**



Incase Terra Sleeve
Fartölvuslíður
**Verð: 7.990.-**



Incase Neoprene Sleeve
Fartölvuslíður
**Verð: 6.990.-**



Walk on Water
Fartölvuslíður
**Verð frá: 6.990.-**



Superdrive
USB tengdur DVD lesari/s
**Verð: 14.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
* Þar af lántökugjald 3,25% og þóknun til Borgunar sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu

# ekurnar




MacBook Pro 13”

XTA
UST

**249.990 kr**
Staðgreitt

**20.101 kr á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 241.212*

VAXTA
LAUST

**229.990 kr**
Staðgreitt

2,5GHz tveggja kjarna Intel i5
Turbo Boost í allt að 3,1GHz
4GB 1600MHz vinnsluminni

500GB harður diskur
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt




krifari

Microsoft Office 2011
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá : 21.990.-**

epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

**829,6** **MILLJARÐAR KRÓNA** var upphæð vergs gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands í lok júlí. Hreinn gjaldeyrisforði var 456,1 milljarður króna.

# Eigendur taki við rekstri Hörpu

**Ef ekki næst samkomulag um að létta fasteignagjöldum af Hörpu munu ríkið og Reykjavíkurborg þurfa að taka við rekstri hennar, að sögn stjórnarformanns Portusar. Harpan greiðir um milljón á dag í slík gjöld. Ráðstefnutekjur 60 milljónum lægri en í áætlunum.**

Ef fasteignagjöld Hörpu verða ekki lækkuð munu eigendur byggingarinnar, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, þurfa að taka við rekstri hennar. Þetta segir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar ehf., eignarhaldsfélags Hörpu. Árleg fasteignagjöld Hörpu eru um 380 milljónir króna.

Fyrr í þessum mánuði var tilkynnt um að áætlanir gerðu ráð fyrir 407 milljóna króna rekstrartapi hjá Hörpu á þessu ári. Hluti þess taps er vegna þess að fasteignagjöld voru 157 til 238 milljónum krónum hærri en gert var ráð fyrir í upphaflegum rekstraráætlunum. Þau renna óskipt til annars eigenda Hörpu, Reykjavíkurborgar. Auk þess sýndi úttekt KPMG á rekstri og skipulagi Hörpu fram á að það væru nokkur önnur „veruleg frávik“ í rekstraráætlunum hússins. Þar munar mestu um að ráðstefnuhluti hússins skilaði um 80 prósenta lægri tekjum á síðasta rekstrarári en lagt var upp með.

Að sögn Péturs eru tekjur vegna ráðstefnuhalds á áætlun á þessu ári. „Þær voru um 60 milljónum krónum lægri í fyrra en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Þær eru á áætlun í ár þannig að við sjáum að ráðstefnutekjurnar munu skila sér. Það var svo margt sem gerðist á fyrsta árinu sem varð til þess að áætlunin gekk ekki eftir. Í fyrsta lagi var mjög erfitt að ákveða opnunardag, svo varð eldgos og loks er kreppa á stærsta markaðinum, sem er Evrópa.“

Pétur segir það auðvitað ekki vera stefnu Portusar að gat sé í rekstrinum endalaust. „Við reiknuðum með því að tapa í þrjú ár. Með eðlilegum vexti, í ráðstefnum og öðru, þá á þetta gat að lokast á þremur árum. Við reiknum með því að eigendurnir leysi þetta fasteignagjaldamál. Annaðhvort þarf að lækka gjöldin sjálf eða að eigendurnir taki við rekstrinum á þessari byggingu. Það er ekkert öðruvísi. Annað tap er viðráðanlegt fyrir okkur.“

Þegar Pétur er beðinn um að skýra nánar í hverju sú yfirtaka eigenda á rekstrinum gæti falist bendir hann á menningarhúsið Hof á Akureyri sem dæmi, en Hof greiðir 28 milljónir króna í fasteignagjöld og skilaði 1,5 milljóna króna hagnaði á síðasta rekstrarári. „Þar sér Akureyrarbær um fasteignagjöldin og bygginguna. Hof rekur bara innri starfsemi auk þess sem borguð er viðráðanleg leiga. Það er eigendanna að ákveða hvernig þetta verður. Harpan ræður ekki við að greiða um eina milljón króna í fasteignagjöld á dag. Þegar vandamálið er orðið þetta stórt þá ræður reksturinn ekki við það og þá er það orðið úrlausnarefni eigendanna. Við beindum þessu enda til þeirra strax í nóvember í fyrra.“

thordur@frettabladid.is



**HARPA** Ríkið og Reykjavíkurborg greiða tæpan milljarð króna vegna hússins í ár. Á móti fær Reykjavíkurborg um 380 milljónir króna í fasteignagjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skuldabréfaútgáfan upp á 19,3 milljarða til 30 ára

Ráðist var í skuldabréfaútboð til að endurfjármagna Hörpuna fyrr á þessu ári. Landsbankinn sölutryggði útgáfuna, sem er upp á 19,3 milljarða króna, og seldi síðan áfram, að mestu til lífeyrissjóða. Upphaflega stóð til að nýta ekki alla heimildina heldur selja bréf fyrir 18,6 milljarða króna. Það hefði dugað til að fjármagna lokafrágang hússins, lokauppgjör við verktaka, brúarlán sem ríkið og Reykjavíkurborg veittu Hörpu í lok síðasta árs og sambankalán íslensku bankanna upp á 17 milljarða króna sem veitt var til að fjármagna byggingu hússins.



PÉTUR J. EIRÍKSSON

Síðar var hins vegar ákveðið að nýta heimildina að fullu og taka um 700 milljónir króna inn í rekstrarfélög Hörpu til að greiða niður fyrirsjáanlegt tap á næstu árum. Pétur J. Eiríksson sagði í Fréttablaðinu á þriðjudag að það rekstrarfé muni duga fram á mitt ár 2013 eins og staðan er í dag. Afborganir eigenda Hörpu af skuldabréfaflokknum eru um 960 milljónir króna á ári, en hann er til 30 ára.



**SVARTSENGI** CRI rekur verksmiðju í Svartsengi þar sem endurnýjanlegt metanól er framleitt en verksmiðjan nýtir koltvísýring sem losaður er frá jarðvarmavirkjun HS Orku á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

CRI stefnir að því að reisa fleiri verksmiðjur á Íslandi:

# Carbon Recycling tryggir sér einkaleyfi

Carbon Recycling International (CRI) hefur verið veitt einkaleyfi í Bandaríkjunum á aðferð sem fyrirtækið hefur þróað og notar við framleiðslu á endurnýjanlegu metanóli. Fyrirtækið rekur eina verksmiðju á Íslandi en hún er við Svartsengi.



BENEDIKT STEFÁNSSON

„Þetta styrkir okkar stöðu gagnvart hugsanlegum keppinautum. Við höfum þegar fengið einkaleyfi útgefið á Íslandi en núna erum við komin með einkaleyfavernd í Bandaríkjunum sem skiptir fjárfesta til að mynda miklu máli. Í kjölfarið væntum við þess að auka frekar þessa einkaleyfavernd sem er mikilvæg fyrir tæknifyrirtæki eins og okkar,“ segir Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CRI.

CRI hefur þróað aðferð við framleiðslu á metanóli sem einnig má nota við framleiðslu ýmissa annarra efna. Í verksmiðju CRI við Svartsengi er koltvísýringur sem losaður er frá jarðvarmavirkjun HS Orku á svæðinu nýttur við framleiðslu á metanóli.

Benedikt segir að fyrirtækið hafi um nokkurt skeið verið að skoða möguleika á því að reisa fleiri verksmiðjur hér á landi. „Við höfum einkum horft til tveggja kosta. Annars vegar að byggja eins verksmiðju og þá sem er í Svartsengi nema bara tíu sinnum stærri og þá höfum við horft til Kröflusvæðisins. Hinn kosturinn er að nýta aðra útgáfu af okkar tækni og nota sorp af höfuðborgarsvæðinu til að framleiða gas sem nota má með metanólframleiðslu,“ segir Benedikt og bætir við að fyrirtækið hafi einnig átt í viðræðum við erlenda aðila en of snemmt sé að ræða af nákvæmni um þau mál.

- mþl



# Ertu örvhentur, lesblindur eða með aðra náðargáfu?



Verð 699 krónur

Ýmsar vinstrihandar vörur fyrir skólann!



Verð 799 krónur



Verð 699 krónur



Verð 209 krónur

Reglustika sem mælir frá hægri





Verð 499 krónur





Verð 499 krónur

A4 vinstrihandar stílabækur. Rúðu- og línustrikaðar með götun vinstra megin og gormum hægra megin.

## Vissir þú...

... að H blýantar henta örvhentum betur en HB því harðara blý smitar síður.

... að til eru fljótþornandi skriftarpennar sem dragast síður til. Við mælum með Energel.



Verð 519 krónur



Verð 3.999 krónur

A4 litaglærur fyrir lesblinda. Sérhæfð hjálparvara frá Crossbow. Til í bláu, grænu, bleiku og gulu.





Skoðaðu úrvalið í 60 síðna skólabæklingi á EYMUNDSSON.IS

## ÁFRAM NÁMSMENN

Gatari? Er það sá sem vinnur við að búa til göturnar?



## Vildarklúbbur fyrir námsmenn

5% afsláttur af ÖLLUM SKÓLAVÖRUM einnig af tilboðum

Sérstök vildarverð á völdum vörum. Taktu eftir merkinu!

Skráðu þig í næstu heimsókn!





30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARAFSLÆTTI

Verð nú kr. 104,-
Verð áður kr. 149,-

Gildir til og með 17. ágúst.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sterk staða – í bili

Ánægjulegt var að sjá niðurstöður Hafró um stærð makrílstofnsins við Ísland. Gengdin er álíka og verið hefur síðustu ár og skilað þjóðarbúinu miklum fjármunum. Ályktun framkvæmdastjóra LÍÚ um að þessi staðreynd styrki samningsstöðu Íslands í makríldeilunni er lógísk og mun það vonandi sjást við samningaborðið. Það er lag að nýta þessa sterku stöðu til að ná hagstæðri niðurstöðu nú. Þrátt fyrir að makríllinn hafi gert sig heimakominn við landið er ekki á vísan að róa. Það þarf ekki nema eina glataða vertíð til að kippa fótunum undan sterkri stöðu.



### Tímarammi og valmöguleikar

Talandi um samningsstöðu. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur margoft lýst yfir einlægri andstöðu við inngöngu Íslands í ESB og er svo sem ekkert að athuga við það. Þá vill hann að þjóðin verði spurð sem allra fyrst hvort hún vilji ganga í sambandið, í síðasta lagi fyrir lok kjörtímabilsins. Í viðtali við RÚV segir Ögmundur þjóðina hafa úrslitavaldið. En er ekki grafið undan samningsstöðu Íslands og valmöguleikum þjóðarinnar í málinu fækkað með því að reka á eftir niðurstöðu í viðræðunum? Er ekki þjóðinni alltaf í hag að hafa sem flesta valmöguleika, þó skiptar skoðanir séu um ágæti þeirra?



### Póli-drama-tík

Deilur stjórnarflokkanna um ESB-málið skera vissulega djúpt inn að kjarna stjórnarsamstarfsins en áhugafólk um póli-drama-tík getur horft með tilhlökkun til vetrarins. Stjórnarþingmenn eiga þá eflaust eftir að finna sér málaflokka þar sem naga má í samstarfsflokkinn og má þá kannski helst fylgjast með rammaáætlun og breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

thorgils@frettabladid.is

Tvískipt lífeyriskerfi og tvískiptur vinnumarkaður:

# Tifandi tímasprengja

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið sagði frá því í gær að stjórnvöld ættu nú í viðræðum við samtök opinberra starfsmanna um stórtækar breytingar á lífeyriskerfi þeirra. Meðal þess sem væri rætt um væri að hækka lífeyrisaldur úr 65 árum í 67 eins og tíðkast á almennum vinnumarkaði og færa réttindaávinnslu opinberra starfsmanna til samræmis við það sem gerist í almennum lífeyrissjóðum.

Meginmunurinn á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og almennra launþega er að hinir fyrrnefndu njóta ríkisábyrgðar á lífeyrisréttindunum, sem eru skilgreind í lögum. Ef iðgjöldin duga ekki fyrir réttindum borgar ríkið mismuninn, í stað þess að réttindin séu skert eins og á almenna markaðnum. Auk þess er lífeyrisaldurinn ólíkur og réttindaávinnslan hagstæðari. Ofan á allt saman njóta eldri starfsmenn tengingar við laun eftirmanns, sem þýðir að launabreytingar hækka lífeyrisskuldbindingarnar.

Þetta opinbera lífeyriskerfi er í raun tifandi tímasprengja fyrir skattgreiðendur og þar með ógn við hagsmuni allra launþega. Nú þegar er á því hundraða milljarða tryggingafræðilegur halli, þ.e. munurinn á því sem sjóðir opinberra starfsmanna þurfa að greiða í lífeyri og eignunum sem eiga að standa undir greiðslunum. Skattgreiðendur munu þurfa að brúa það bil.

Í Fréttablaðinu í dag koma fram sláandi tölur um hvað það mun að líkindum kosta skattgreiðendur árlega að greiða upp hallann á kerfinu sem þegar er orðinn til vegna áunninna réttinda. Ríkið hefur undanfarin ár sparað sér hækkun iðgjalds í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna (LSR) sem þýðir í raun eingöngu frestun á milljarða útgjöldum.

Það er ekki seinna vænna að vinda ofan af þessu kerfi. Það eru sameiginlegir hagsmunir allra launþega, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. Annars verða lífeyrisskuldbindingar hins opinbera slíkur baggi á sameiginlegum sjóðum að almannaþjónustan mun líða fyrir það og því fylgir að sjálfsögðu að störf opinberra starfsmanna verða í enn meiri hættu en orðið er.

Krafa samtaka opinberra starfsmanna er að áunnin réttindi verði ekki skert. Það er skiljanleg krafa. Hins vegar er hæpnara að krefjast þess að þeir, sem nú borga í A-deild LSR eigi rétt á að vera þar áfram með óbreyttum kjörum.

Opinberir starfsmenn gera sömuleiðis kröfu um leiðréttingu launa um leið og lífeyrisréttur skerðist. Það er líka eðlileg krafa. Lægri laun í opinbera geiranum en á almennum markaði hafa löngum verið réttlætt með betri lífeyrisrétti. Þrátt fyrir það hefur munurinn gert ríkinu erfitt fyrir í samkeppni um hæfasta fólkið. Á móti þessari breytingu mun ríkið hins vegar neyðast til að grípa til hagræðingar og ekki er víst að forsvarsmenn opinberra starfsmanna séu reiðubúnir að horfast í augu við það.

Um leið og laun og lífeyrisréttur opinberra starfsmanna og almennra launþega yrðu samræmd þyrfti að afnema þá tvískiptingu vinnumarkaðarins, sem felst í gjörólíkri vinnulöggjöf fyrir þessa tvo hluta. Rík uppsagnarvernd hefur til dæmis verið ein réttlætingin fyrir lægri launum í opinbera geiranum. Opinber rekstur yrði til muna skilvirkari ef sama vinnulöggjöf gilti þar og í einkageiranum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Kvenfyrirsæta**

Óskum eftir að ráða kvenfyrirsætu 25 ára eða eldri vegna myndlistarkennslu á haustönn 2012.

Nánari upplýsingar gefur fagstjóri myndlistargreina Guðrún G. Gröndal (ggg@fb.is) í síma 699 5798.

**Skólameistari**

Austurbergi 5, 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur fb@fb.is www.fb.is

HALLDÓR




# Mannslífum bjargað í Sómalíu

Hjálparstarf



Þórir Guðmundsson

sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins á Íslandi

Ífyrrasumar gaf almenningur á Íslandi af miklum rausnarskap um 57 milljónir króna í söfnun Rauða krossins vegna hræðilegrar hungursneyðar í Sómalíu. Nú, ári síðar, er rétt að gefa skýrslu um árangur af starfi Rauða krossins, sem er umtalsverður.

Hjálp kom víðs vegar að úr heiminum. Alls dreifði Alþjóða Rauði krossinn matvælum til tveggja milljóna manna í Sómalíu og margvíslegum hjálpargögnum til einnar milljónar manna í Kenýa og hálfrar milljónar í Eþíópíu.

Þó að mest áhersla hafi verið lögð á lífsbjargandi neyðaraðstoð þá var einnig veitt hjálp til uppbyggingar. Borað var eftir vatni, bændum hjálpað við að koma sér upp áveitum, hirðingjum gefin húsdýr, moskítónetum dreift og heilsugæslustöðvar efldar.

Eingöngu fyrir það fé sem íslenskur almenningur gaf í gegnum Rauða krossinn á Íslandi náðum við til um 50 þúsund berskjaldaðra skjólstæðinga. Við byrjuðum á að senda 770 þúsund pakka af vítamínbættu hnetusmjöri til 20 þúsund barna sem þjáðust af alvarlegum næringarskorti í sunnanverðri Sómalíu. Síðar sendum við skjólefni, hreinlætispakka og eldunaráhöld til aðstoðar um 30 þúsund flóttamönnum norðar í landinu.

Sem betur fer voru rigningarnar í fyrrahaust með besta móti og uppskeran í janúar og febrúar var góð. Margir sjálfsþurftarbændur eiga samt erfitt með að ná sér á strik og enn er Rauði krossinn að dreifa matvælum í Sómalíu, þó í minna magni sé en í fyrra.

Rauði krossinn á Íslandi hefur heldur ekki sagt skilið við Sómalíu. Á undanförnum mánuðum hófum við aðstoðað félaga okkar í Sómalíu við að styðja munaðarlaus börn á tveimur stöðum í landinu. Og nú er verið að koma á laggirnar sjúkrastöð á hjólum, sem þjónar hirðingjum norðarlega í landinu. Læknar og hjúkrunarfræðingar á stórum fjórhjóladrifnum bíl munu veita hirðingjum heilbrigðisþjónustu og meðal annars fylgjast með næringarástandi barna og gefa þeim mat sem illa eru haldin. Þetta verður hægt að gera þökk sé stuðningi frá Íslandi.

Í fyrra tókst að minnka verulega skaðann af hrikalegri hungursneyð. Í framtíðinni aukast lífsgæði hirðingja og lífslíkur barna þeirra fyrir aðstoð Rauða krossins á Íslandi. Íslenskur almenningur, sem styður þetta starf, getur verið stoltur af árangrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Af hverju ESB-aðild?

Evrópusambandið

Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra



Umræðan þessa dagana um Ísland og Evrópusambandið tengist ekki raunveruleika aðildarsamninganna heldur sýndarleik um ókunnar niðurstöður. Hinn mesti vindmyllubardagi er látlaust háður í Morgunblaðinu um þessi mál og tal um þjóðaratkvæðagreiðslu nú er út í bláinn enda einungis nokkrir mánuðir síðan Alþingi felldi síðast tillögu um slíkt. Ákvörðun þjóðarinnar um aðild á að sjálfsögðu að koma, en aðeins þegar málið liggur fyrir.

Þótt samningsniðurstöður liggi ekki fyrir hefur gríðarlega mikið verk verið unnið við að skila málinu í höfn. Frekari lokun samningskafla og efnislegt stöðumat mun liggja fyrir á næstu mánuðum og málið verður í heild sinni ljóst að vori þegar væntanlega verður efnt til Alþingiskosninga. NEI-liðið er, og hefur alltaf verið, hrætt við að aðildarsamningurinn verði þá eitt af þeim málum sem frambjóðendur og kjósendur taki til jákvæðrar afstöðu. Sá ótti stafar væntanlega af því að í ljós komi að aðildarsamningurinn sé hagstæður og landinu mikill ávinningur. Ég hef trú á því aðallega af eftirgreindum ástæðum:

- Við aðild að Evrópusambandinu og síðar upptöku evru verður sá efnahagslegi stöðugleiki sem Íslendingar hafa lengstum farið á mis við.
- Mikið öryggi og sparnaður verður við að þurfa ekki lengur að hafa stóran gjaldeyrisforða til að styðja við þá örmynt sem krónan er.
- Reynsla annarra sýnir að erlend fjárfesting mun aukast.
- Lækkun vaxta mun hafa veruleg áhrif á greiðslubyrði einstaklinga, heimila og fyrirtækja.
- Aðild að ESB leiðir til afnáms tolla á fullunnar íslenskar sjávarafurðir.
- Mikill viðskiptalegur ávinningur verður við alþjóðlegan gjaldmiðil sem nýtur trausts og er gjaldgengur í öðrum löndum án sérstaks aukaálags.
- Frekari ávinningur af áframhaldandi þátttöku Íslands í rannsóknar-, vísinda-, mennta- og menningarsamstarfi Evrópusambandsins.
- Niður fellur margvíslegur kostnaður vegna EFTA og reksturs EES-samningsins og Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins.

Af þessu má vera ljóst að kostnaður við ESB-aðild er ekki þrándur í götu, heldur þvert á móti. Þátttaka í Myntbandalagi Evrópu og upptaka evru yrði að sjálfsögðu markmið okkar. Nú er það svo að evran átti að vera varanleg lausn enda væri aðgætin fjár- og peningamálastefna skilyrði fyrir þeim árangri. Ekki varð sú raunin í löndum Suður-Evrópu og Írlandi. Framtíð núverandi evrusvæðis er í óvissu vegna vafa um þátttöku evruríkja sem höllum fæti standa. Það yrði augljóslega mikið áfall ef Grikkland og hugsanlega fjögur önnur evruríki drægju sig út úr því samstarfi og það ekki einvörðungu fyrir Evrópulönd. Komi til þess að þær þjóðir taki aftur upp eigin gjaldmiðil, sem reyndar er óvíst, verður sá vandi væntanlega aðeins tímabundinn. Utan hinna upprunalegu sex aðildarríkja, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Belgíu, Hollands og Lúxemborgar, virðist engan bilbug að finna á Austurríki, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Kýpur og Möltu í þessu samstarfi.

> Öllu heldur yrði það álitshnekkir að hlaupa frá þeim samningum aðeins vegna þess að Evrópusambandið er blóraböggull í vandræðalegri stjórnmálaumræðu.

Það er ekki aðeins augljós hagur okkar Íslendinga að ljúka aðildarviðræðunum. Öllu heldur yrði það álitshnekkir að hlaupa frá þeim samningum aðeins vegna þess að Evrópusambandið er blóraböggull í vandræðalegri stjórnmálaumræðu. Umfram annað er nauðsynlegt að hafa ávallt í huga að aðild að samstarfi Evrópuþjóða er verkefni ókominna ára og kynslóða. Hér ráða ekki skyndisjónarmið um misskilinn pólitískan ávinning í næstu kosningum. Nú er réttur tími fyrir Íslendinga að ráða því máli til lykta að okkar staða er í hópi fullgildra þátttakenda í því eina þjóðasamstarfi sem við tilheyrum – Evrópu.

# Hver á að borga skattinn

Skattheimta

Bergvin Oddsson
fulltrúi í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar



Það hefur varla farið fram hjá þjóðinni að ferðaþjónustuaðilar í hótel- og gistiþjónustu eru æfir út í ríkisstjórnina vegna hugmynda um að stórhækka virðisaukaskatt á gistinætur hótelrekenda og annarra sem sinna gistiþjónustu. Lagt er til að hækka virðisaukaskattinn úr 7% í 25,5% á næsta ári.

Ég tek að vissu leyti undir áhyggjur fyrirtækja í þessum rekstri, og margir hugsa af hverju ríkistjórnin þurfi að bregða fæti fyrir fyrirtæki sem eru í örum vexti og eru í harðri samkeppni við önnur fyrirtæki út um allan heim. Væri ekki nóg að þakka fyrir alla þá grósku sem ríkt hefur í ferðaþjónustu hér á landi eftir hrun og nánast bjargað þjóðinni úr hruninu? Þegar skoðað er hversu dýrt er að lifa á Íslandi sem ferðamaður miðað við önnur Evrópuríki, kemur í ljós að Ísland skipar 7. sætið á þeim lista.

Samt er rukkað ákveðið gistinóttagjald sem ferðamaðurinn er rukkaður aukalega um þegar hann tjékkar sig af hótelinu, en hótelin hér á landi hafa hingað til ekki tekið það á sig að greiða gistináttagjaldið, sem hleypur á innan við tveimur hundruðum á meðan annars staðar í Evrópu eru þetta oft á tíðum nokkrar evrur. Hið furðulega við verð á gistingu hér á landi er að verðið hefur hækkað umtalsvert meira en eðlilegt þykir í samhengi við aðrar verðlagsþróanir hér á landi, og á sama tíma hefur gengið verið mjög hagstætt ferðaþjónustuaðilum til að græða og notfæra sér veikingu krónunnar. Einnig greiða fyrirtæki í hótelrekstri lægri tekjuskatt af hagnaði en önnur fyrirtæki hér á landi. Samt sem áður hafa fyrirtæki í þessum geira séð sig knúin til að hækka verðið á gistingunni og telja sig á sama tíma ekki geta greitt hærri skatta, sökum samkeppninnar við önnur ríki.

Hið kjánalega við skattinnheimtur ríkisins gagnvart ferðaþjónustuaðilum er að þau fyrirtæki sem sjá um farþegaflutninga, má þar nefna rútur, sleðaferðir, hestaferðir og leigubíla svo eitthvað sé nefnt, greiða engan skatt af þessari þjónustu. Að mínu mati eiga allir í þessum geira að sitja við sama borð og greiða sama virðisaukaskattinn hvort sem þú ert að reka stórt hótel, litla hestaleigu eða leigubíl.

Það sem rekstraraðilar í ferðaþjónustu verða að huga að er að skattur vegna þessarar greinar er mikilvægur svo hægt sé að leggja fé í markaðssetningu eins og með Inspired by Iceland sem kostaði ríkissjóð hundruð milljóna. Svo ekki sé minnst á allan þann kostnað að halda úti vinsælum áningarstöðum hér á landi eins og Gullfossi og Geysi sem eru að kafna vegna átroðnings. Aukin skattinnheimta í ferðaþjónustunni þýðir bara aukið öryggi á öllum fallegu áfangastöðum landsins og hér er verið að láta þá sem rukka fyrir þjónustuna greiða gjald fyrir að selja hana. Það er því miður til takmarkað fé í ríkiskassanum og ef þjóðinni finnst mikilvægara að skera niður í velferðarkerfinu og lækka enn frekar fæðingarorlof foreldra og barna og vaxtabætur, svo eitthvað sé nefnt, verði íslensku þjóðinni þá að góðu næstu árin. Hér er algjört lykilatriði að standa vörð um íslenska ferðaþjónustu og á sama tíma að gæta jafnræðis þegar kemur að skattinnheimtu ólíkra ferðaþjónustuaðila hér á landi.

sjáðu citroën í dag
milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 8

Vinnandi vegur
á nýjum CITROËN BERLINGO

CITROËN

Sjáðu nýjan og glæsilegan Berlingo. Nýi Berlingo státar af rúmgóðu vinnu- og farþegarými sem sameinar kosti þæginda og hagkvæmni. Með framúrstefnulegri hugsun stenst Berlingo jafnt kröfur til vinnubíla ásamt því að tryggja rekstrarlegt hagræði.

Berlingo státar af aksturseiginleikum fólksbíls og miklu hleðslurými. Afturhurðir bílsins opnast um 180 gráður og því ekkert sem hindrar aðgengi og hleðslu bílsins. Plássið fyrir farþega og bílstjóra er rúmgott og uppfyllir þannig ítrustu kröfur um þægindi.

Búinn öllum nútímaþægindum sameinar Berlingo notagildi atvinnutækisins og þægindi einkabílsins. Berlingo auðveldar einfaldlega vinnuna og eykur afköstin.

Brimborg er vottaður þjónustuaðili fyrir Citroën á Íslandi. Sérfræðingar Brimborgar tryggja öryggi þitt með reglubundnu viðhaldi og eftirliti á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. **Sjáðu Citroën.**

Notaða Citroën bráðvantar á söluskrá. Nýttu gott tækifæri. Skiptu gamla uppí nýjan.




- 6 dyra útfærsla með hliðarhurðum báðum megin
- Fáanlegur 5 dyra með topplúgu
- Hleðslurými 3,3 m³
- Burðargeta 850 kg
- 3ja sæta. Tveir farþegar auk bílstjóra
- Öflug og sparneytin dísilvél



CITRÖEN BERLINGO 3 manna
1,6 dísill. 90 hestöfl. 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 5,3 l/100 km*
Koltvísýringur $CO_2$ 138 g/km
Rúmmál 3,3 $m^3$
Burðargeta 850 kg
Verð: **2.462.151 kr.** án/vsk**

* Í blönduðum akstri
** 3.090.000 kr. m/vsk.

*Kynntu þér lánamöguleikana og greiðslukjörin.*
*Settu gamla bílinn uppí nýjan Berlingo.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

Brimborg og Citröen áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




**USA**
NAUTAGRILLSTEIK

40% AFSLÁTTUR

**1.799**
ÁÐUR 2.998 KR/KG

# BESTU **TILBOÐIN**



**PLÓMUR**
500 G ASKJA

50% AFSLÁTTUR

**199**
ÁÐUR 398 KR/PK



**KJÚKLINGUR**
OKKAR - FERSKUR

**694**
ÁÐUR 798 KR/KG



**ÝSUFLÖK**
OKKAR - FROSIN

**987**
ÁÐUR 1.299 KR/KG




**X-TRA KAFFI**
400 GR

100 KR AFSLÁTTUR

**289**
ÁÐUR 389 KR/PK




**PEPSI/PEPSI MAX**
330 ML

34% AFSLÁTTUR

**65**
ÁÐUR 99 KR/STK




**EASY UPPÞVOTTALÖGUR**
500 ML

2FYRIR 1

**199** KR/2STK
ÁÐUR 398 KR/2STK

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

BRAZIL
GRÍSAVÖÐVI



Kjötbankinn

**1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG

# Í NETTÓ

PIZZUR
NICE'N EASY



39% AFSLÁTTUR

**298**
ÁÐUR 489 KR/STK

GLÓALDIN
SAFI - 1L





**169**
ÁÐUR 225 KR/STK

GULRÓTARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM*



50% AFSLÁTTUR

**299**
ÁÐUR 598 KR/STK

ldir ekki um Nettó Salavegi

NÝBAKAÐ

TALENT ELDHÚSRÚLLUR
4 STK





40% AFSLÁTTUR

**179**
ÁÐUR 298 KR/PK

COOP SALERNISPAPPÍR
16 STK





**869**
ÁÐUR 1.198 KR/PK

COMFORT TAUMÝKIR
750 G





**299**
ÁÐUR 399 KR/STK

**Tilboðin gilda 16. - 19. ágúst**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Björt framtíð

Stjórnmál



**Guðmundur Steingrímsson**
formaður Bjartrar framtíðar



**Heiða Kristín Helgadóttir**
stjórnarformaður Bjartrar framtíðar

Þótt Björt framtíð sé nýtt stjórnmálaafl er hún ekki jaðarframboð eða sérframboð. Hún er heldur ekki óánægjuframboð. Björt framtíð er frjálslynd og bjartsýn miðjuhreyfing sem er vonandi komin til að vera. Hún er miðflokkurinn sem vantar í íslensk stjórnmál. Hún er nýtt afl fyrir nýja tíma. Hún er stofnuð 4. febrúar 2012 af fólki úr öllum áttum sem vill sjá stjórnmálin breyta um stefnu, í átt til meiri yfirvegunar og skynsemi. Í átt til bjartari og traustari framtíðar. Björt framtíð fagnar lýðræðinu og möguleikanum sem í því felst fyrir okkur öll til þess að gera gagn. Hún er ánægjuframboð.

Björt framtíð mun ekki lofa gulli og grænum skógum né draga kanínur úr hatti. Við viljum stunda stjórnmál af ábyrgð. Mörg stærstu og mikilvægustu viðfangsefni þjóðarinnar eru vandmeðfarin og yfirgripsmikil. Úrlausn þeirra krefst samræðu margra einstaklinga. Þess vegna er það eitt af markmiðum Bjartrar framtíðar að innleiða traust í samfélaginu, hvers á öðru og á upplýstri samræðu okkar á milli. Þetta viljum við gera með því að byrja sjálf að treysta og vera sjálf traustsins verð.

Viðfangsefnin blasa við. Á Íslandi þarf meiri fjölbreytni. Samfélag er betra eftir því sem möguleikar fólks til þess að nýta hæfileika sína eru fleiri. Þess vegna höfðum við frumkvæði að gerð fjárfestingaáætlunar, sem ýtt hefur verið úr vör, þar sem áhersla er lögð á að efla vaxandi atvinnugreinar, aðrar en hinar hefðbundnu.

Ísland þarfnast líka stöðugleika. Sumir fagna sveiflunum. Við gerum það ekki. Við viljum skapa á Íslandi samfélag þar sem fólk getur keypt bíl og íbúð án þess að gerast spákaupmenn. Þar sem fólk borgar skaplega vexti í takti við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Við viljum að fólk geti gert plön fyrir sjálft sig og fyrirtæki sín.

Sveiflurnar eru afleitar fyrir smátt samfélag. Maður þekkir mann. Þeir sem eru inn undir afla, aðrir tapa. Tækifærin eru ekki jöfn. Björt framtíð vill skora klíkusamfélagið og sérhagsmunasamfélagið á hólm og innleiða fjölbreytt og stöðugt samfélag jafnari tækifæra, þar sem fagmennska borgar sig, þar sem rök halda, upplýsingar og menntun skiptir máli og þar sem erfiði einstaklinga endar í góðri uppskeru. Það er marghliða verkefni og metnaðarfullt.

Við viljum að Íslendingar allir njóti góðs af auðlindunum ásamt þeim sem nýta þær. Í arðinum af auðlindunum liggur besta og áþreifanlegasta tækifærið til þess að skapa hinn breiða grunn fyrir fjölbreytni sem okkur er tíðrætt um. Milljarðar geta nýst til þess að treysta velferðarkerfið, efla stuðning við nýsköpun og lækka álögur á fólk og fyrirtæki. Þannig vöxum við og döfnum.

Tvennt verður þó alltaf að liggja til grundvallar: Virðing fyrir umhverfinu og virðing fyrir mannréttindum. Björt framtíð er grænn flokkur. Allur vöxtur og öll velferð verður að byggja á jafnvægi. Við verðum að umgangast umhverfi okkar og náttúru þannig að komandi kynslóðir njóti góðs til jafns við okkur. Þannig tengjast í raun umhverfismál mannréttindum, eins og orðað er ágætlega í drögum að nýrri stjórnarskrá.

Hér hefur verið tæpt á grundvallaratriðum. Ályktun um þjóðfélagsmál, í stóru sem smáu, bíður umfjöllunar á væntanlegum stjórnarfundi. Við köllum hana Ályktun nr. 1. Svo opnum við einnig heimasíðu bráðum sem heitir Heimasidan.is. Þar ætlum við að hafa málefnastarfið. Við hvetjum fólk til þess að taka þátt.

Fátt er mikilvægara í lýðræðisríki en að fólk taki þátt. Ef stjórnmál eru leiðinleg, öfgar ráða ríkjum og niðurrif, er hætt við að fáir vilji taka þátt. Stjórnmál verða geislavirk. Svið fyrir fáa. Þetta hefur gerst á Íslandi. Því skyldi enginn gera lítið úr enn einu markmiði sem Björt framtíð hefur sett sér: Að gera stjórnmál skemmtileg, innihaldsrík og uppbyggileg.

> Í arðinum af auðlindunum liggur besta og áþreifanlegasta tækifærið til þess að skapa hinn breiða grunn fyrir fjölbreytni sem okkur er tíðrætt um.

# Uppnefndur þjófur að ósekju

Afþreying



**Hilmar Hallbjörnsson**
framkvæmdastjóri isProject ehf.

Á síðastliðnum dögum hafa SMÁÍS, samtök myndrétthafa á Íslandi, verið með harkalega auglýsingaherferð í Fréttablaðinu. Auglýsingarnar hafa verið á þann veg að birt er mynd af skúrki, fyrst af manni sem þeir kölluðu Yuri og er líklega rússneskur og síðan af Brad, en hann er líklega bandarískur, og undir er texti sem segir að þeir séu að aðstoða Íslendinga við að brjóta lög og rétthafar myndefnis fái ekki greitt það sem þeir eigi að fá greitt. Leitt er að því að þeir sem noti þjónustur á borð við Netflix og erlenda hluta iTunes búðarinnar séu að brjóta lög.

En þar stendur hnífurinn í kúnni. Hvaða lög er verið að brjóta? Ég er því miður ekki lögfróður maður, en það sem ég tek út úr auglýsingunni er að vesalings rétthafarnir fái ekki lengur aurinn sem „þeir eiga rétt á“. Málið er að auglýsingunum er líka ætlað (að mér sjálfum finnst) að fá fólk til að setja samhengi á milli þessa lagabrots og þess að stela myndefni og tónlist af netinu. En þarna er grundvallarmunur á. Svo ég minnist nú ekki á rasismann sem í auglýsingunum liggur.

Þeir sem kaupa þjónustu af Netflix og Apple eru nefnilega ekki að stela neinu. Þeir eru klárlega að greiða fyrir efnið, og greiða það sama og aðrir greiða (þ.e. aðrir í sama landi, oftast Bandaríkjunum). Eigendur myndefnisins og tónlistarinnar hafa samþykkt þessar veitur sem löggilta söluaðila og því er klárt að ekki er verið að snuða þá sem framleiddu efnið.

Þá eru „rétthafarnir“ eftir, þeir sem kaupa rétt til dreifingar á efninu innan ákveðins lands. Ég geri mér alveg grein fyrir að þeir hafa greitt fyrir að fá að dreifa efninu og auðvitað vilja þeir ekki fá ólöglegt efni hingað til lands, en ég get ekki skilið hvernig hægt er að túlka þetta sem ólöglegt efni. Það eru mörg fyrirtæki sem hafa einkaumboð á hinum og þessum vörum hér á landi en enginn talar um lögbrot ef farið er til annars lands og varan keypt þar og síðan flutt til landsins. Hver er munurinn á svörtum kassa og stafrænu efni í þessum skilningi? Og af hverju, árið 2012, á ég að bíða eftir því í eitt og hálft ár (þátturinn Detroit 1-8-7, sem nú er nýfarinn að rúlla á RÚV) að einhverjum „þóknist“ að sýna mér efnið, þegar það stendur mér til boða á stafrænu formi gegn greiðslu úti í heimi?

Það sem ég er að reyna að koma á framfæri er að SMÁÍS og önnur rétthafasamtök eru á miklum villigötum þegar kemur að málflutningi og málatilbúnaði. Þeir ættu að hætta að standa í sífelldum ákærum og klögun gegn nýrri tækni og reyna frekar að vinna með henni. Lögfræðin hefur orðið út undan þegar kemur að stafrænu frelsi og stafrænum rétti og ættu þeir frekar að einsetja sér að berjast fyrir breyttu lagaumhverfi heldur en að þjófkenna annan hvern aðila á Íslandi sem á spjaldtölvu. Það eru langflestir búnir að átta sig á því að þjófnaður á stafrænu efni fer fram á torrent-síðum og öðrum skráarveitum, en það er EKKI þjófnaður að versla við aðila utan Íslands sem hafa fullgild leyfi frá eigendum efnisins til að áframselja það.

Komið með okkur hinum inn í framtíðina, því annars skiljum við ykkur bara eftir. (Mér til stuðnings bendi ég ykkur á að kynna ykkur hvernig fór fyrir Blockbuster-myndbandaleigukeðjunni. Netflix gróf þá í kaf á tveimur árum með ódýrari og betri þjónustu.)

Og að endingu: Ég kæri mig ekki um að vera kallaður þjófur að ósekju!

# Hærri virðisaukaskattur á gistingu á sumrin?

Skattheimta



**Jón Þorvaldur Heiðarsson**
lektor við Háskólann á Akureyri

Árunum fyrir hrun varð verðlag á Íslandi gríðarlega hátt í alþjóðlegum samanburði vegna þess að krónan varð mjög sterk. Það kom þó ekki í veg fyrir það að erlendum ferðamönnum fjölgaði feikilega á sama tíma. Þessi staðreynd bendir til að ferðamennska til Íslands sé ekki mjög viðkvæm fyrir háu verði. Það er, að hátt verðlag fæli ekki frá ferðamenn í miklum mæli. Með gengisfalli var tækifæri fyrir ferðaþjónustuna að hækka verð (í íslenskum krónum talið) og auka arðsemina í greininni. Þetta er sérstaklega aðkallandi á háönninni yfir sumarið, verð þyrfti að vera verulega hærra þá en á lágönn til að auka nýtingu á fjárfestingum. Í ferðaþjónustunni er hins vegar mikil samkeppni margra aðila, sem betur fer, og slík samkeppni heldur verði sjálfkrafa niðri.

Ef virðisaukaskattur verður hækkaður á gistingu mun það gera ferðir til Íslands dýrari. Líklega munu færri ferðamenn koma til landsins en ella en af reynslunni fyrir hrun að dæma mun það þó ekki hafa afgerandi áhrif. Hærra verð mun ýta í þá átt að ferðamenn sem hingað koma séu í meira mæli vel stæðir. Þá má spyrja hvort það sé ekki í lagi? Viljum við bara hugsa um magn eða líka um afrakstur? Þrátt fyrir að stórir hlutar Íslands séu herfilega vannýtt auðlind í ferðamennsku, svo sem Norðurland, þá eru blikur á lofti á suðvesturhorninu, sumir staðir þar hafa varla gott af meiri ferðamannafjölda. Því er spurning hvort nú sé í rauninni slæmt að verð hækki og meiri gjaldeyristekjur verði eftir í landinu þó það dempi örlítið hina miklu aukningu sem verið hefur. Staðreyndin er sú að auðveldasta leiðin til að auka afrakstur greinarinnar fyrir Ísland er með sköttum. Þá sitja allir í geiranum við sama borð, allir þurfa að hækka verð.

Enn skynsamlegra er að ríkið stuðli að betri nýtingu fjárfestinga í ferðaþjónustu í gegnum skattkerfið. Skattar verði hærri á greinina á háönn en á lágönn. Hér er því lagt til að skattur á gistingu verði vissulega hækkaður úr 7% í 25,5% en einungis yfir mánuðina júní, júlí, ágúst og september. Þetta yrðu nokkur nýmæli í skattkerfinu en enginn vafi er að þetta er vel gerlegt. Flest fyrirtæki gera upp virðisaukaskatt fyrir hvern mánuð og þurfa að tilgreina veltu í hverju skattþrepi. Áhrifin af þessu yrðu þau að þann 1. júní hækkaði gjaldskrá allra hótela og gistirýma en þann 1. október lækkaði hún aftur. Ferðaskrifstofur myndu fylgjast með, þeir sem ætluðu að halda verðinu háu inn í veturinn yrðu ekki vinsælir.

Það verður að segjast að hærri skattur á gistingu er að mörgu leyti heppilegur. Hann lendir ekki á þeim efnaminni. Hann lendir að stórum hluta á útlendingum en ekki Íslendingum. Ef hærra skattþrepið er einungis notað yfir sumarið stuðlar það að betri nýtingu gistirýma. Það truflar ekki áform um stóraukna vetrarferðamennsku. Það truflar ekki ferðir Íslendinga innanlands á veturna svo sem í skíðaferðum. Það truflar ekki heldur ráðstefnuhald fyrir utan sumarmánuðina en það er svið innan ferðamennskunnar sem þarf að leggja sérstaka áherslu á. Ég hvet því stjórnvöld eindregið til að kanna þennan möguleika.




© Inter IKEA Systems B.V. 2012
Klár
í skólann?
KUPOL skúffur 1.790,-/2 í pk.
B27×D35, H16cm. Hvítt
1.190,-/2 í pk.
KUPOL skúffur
B13×D18, H8cm. Hvítt
FORSÅ vinnulampi 3.790,-
H50cm. Nikkelhúðað
Fæst einnig í svörtu
17.950,-
MICKE skrifborð
B142×D50, H75cm. Ýmsir litir
DOKUMENT pappírs-
karfa 895,-
H35cm. Ýmsir litir
5.900,-
SNILLE snúningsstóll
Sæti H39-51cm. Ýmsir litir
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# Þar sem Evrópa endar? Um Ísland í Evrópu

Evrópumál

Árni Páll Árnason
alþingismaður



Við lifum mikla umbrotatíma. Óþarfi er að fjölyrða um íslenskt banka- og gjaldeyrishrun og afleiðingar þess. Um alla Evrópu hafa afleiðingar fjármálakreppunnar árið 2008 líka verið miklar og langvarandi. Allar þessar hræringar vekja spurningar um evrópskt efnahagssamstarf og gildi þess.

Þess vegna er óhjákvæmilegt að allir hugi að stöðu Íslands í evrópsku samstarfi og hvernig hún verði best tryggð. Sjálfsagt er til dæmis í þessu samhengi að spyrja hvort aðildarumsóknin sé tímaskekkja og hvort EES-samningurinn dugi okkur. En við verðum að meta þessa stöðu af raunsæi. Aðild leysir ekki sjálfkrafa úr öllum erfiðleikum sem að löndum steðja eftir fjármálakreppuna, en staða utan evrusamstarfsins gerir það ekki heldur. Þátttaka í Evrópusamstarfi hefur í för með sér hættur, rétt eins og ávinning. Fyrsta skrefið er því að greina þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi frá því EES-samningurinn var gerður og hvaða jákvæðar og neikvæðar afleiðingar þessi opnun hagkerfisins hefur haft.

Ísland varð með EES-samningnum árið 1993 aðili að mikilvægasta þætti Evrópusamstarfsins, innri markaði sem tryggir hindrunarlaus viðskipti með vörur, þjónustu, frjálsa för vinnuafls og fjármagnshreyfingar. Ástæðan fyrir aðild okkar að innri markaðnum þá var augljós, en þó langt í frá óumdeild. Íslenskt efnahagslíf var komið í ógöngur einangrunar, hringamyndunar og pólitískra flokkadrátta undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Fyrir ungu fólki í dag hljómar það fjarstæðukennt að pólitískar skoðanir en ekki vörugæði hafi ráðið kaupum á bifreiðum, tækjum, olíu, tryggingum og frakt, en sú var engu að síður raunin. Hægt var að aka um sveitir landsins og sjá á bíla- og vélakosti hvort viðkomandi bóndi kysi Framsókn eða Sjálfstæðisflokk. Frægt er tilsvar Framsóknarmannsins: „Frekar keyri ég bensínlaus en á bensíni frá Skeljungi.“

Þetta einhæfa atvinnulíf var komið í þrot af súrefnisleysi undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Það var óhagkvæmt, varið fyrir samkeppni og naut hvorki fullnægjandi aðgangs að fjármagni á arðsemisforsendum né erlendum mörkuðum. Hið lokaða Ísland forréttindahópa Kolkrabba og Sambandsins gekk vel á meðan sjávarafli jókst ár frá ári, en um leið og gjöfular auðlindir hættu að niðurgreiða kostnað þjóðarinnar af fákeppni og klíkuveldi hætti hagkerfið að vaxa.

EES-samningurinn leysti þetta vandamál í einu vetfangi og var alger forsenda efnahagsuppgangs sem hófst strax upp úr miðjum tíunda áratug tuttugustu aldar. Íslenskar útflutningsgreinar fengu fullan og hindrunarlausan markaðsaðgang og tollar á flestar sjávarafurðir féllu niður. Íslenskar samkeppnisgreinar fengu ný vaxtartækifæri sem þær nýttu vel – Össur, Marel, Actavis, CCP eru bara nokkur dæmi um fyrirtæki sem uxu í skjóli frjálsra markaðsviðskipta og aðgangs að fjármagni og mörkuðum og hefðu ekki getað vaxið með sama hætti fyrir tilkomu EES-samningsins. Samkeppnislöggjöf var sett í fyrsta sinn að evrópskri fyrirmynd og þannig var bundinn endir á víðtækt og landlægt samráð um verð og framboð á vöru og þjónustu, sem hafði takmarkað getu samfélagsins til verðmætasköpunar um áratugi og jafnvel aldir. EES-samningurinn opnaði einnig fyrir erlent fjármagnsstreymi til Íslands, sem var burðarstoð í uppbyggingu atvinnulífsins. Nágrannalönd okkar búa við aldalanga reynslu af frjálsum mörkuðum, þar sem ólíkir hagsmunir leikast á og aðferðir við eftirlit með markaðshegðun hafa þróast á löngum tíma. Reynsla Íslands af frjálsum og valddreifðum markaði nær ekki einu sinni tveimur tugum ára.

> EES-samningurinn leysti þetta vandamál í einu vetfangi og var alger forsenda efnahagsuppgangs sem hófst strax upp úr miðjum tíunda áratug tuttugustu aldar.

EES-samningnum fylgdi líka fjölþjóðlegt eftirlit og dómsvald, sem var ekki síður mikilvægt. Eftirlitsstofnun EFTA var sett á fót til að tryggja að íslensk stjórnvöld færu að samningnum og EFTA-dómstólnum var falið dómsvald um réttindi og skyldur. EES gaf Íslendingum þannig kærkomið og langþráð frelsi til athafna í eigin rétti, braut niður pólitískt skömmtunarvald og kom bændum á rótgróið ofríki íslenskra stjórnvalda gagnvart eigin borgurum. „Með EES fengum við frelsi til að vera við sjálf,“ sagði ein góð kona.

Hannes Pétursson orðaði í frægu kvæði tilvistarspurningu Íslendingsins með þeim hætti sem vísað er til í heiti þessarar greinar: „Minn staður er hér, þar sem Evrópa endar.“ Hinn augljósi ávinningur af aðild Íslands að hinu evrópska viðskiptaumhverfi ætti að leiða okkur að þeirri niðurstöðu að við eigum augljóslega heima í Evrópu og Ísland sé ekki handan endimarka Evrópu. En þrátt fyrir þennan mikla ávinning hefur alþjóðavæðing efnahagslífsins og aðild okkar að EES líka haft í för með sér ýmsa neikvæða fylgikvilla og gert okkur berskjölduð gagnvart stórviðrum í hinu alþjóðlega fjármálaumhverfi. Um það mun ég fjalla í næstu grein.

# Hæstiréttur á heljarþröm

Réttarkerfið

Sveinn Óskar Sigurðsson
viðskiptafræðingur MSc í fjármálum



Nýlegur dómur Evrópudómstólsins nr. C-618/10 hefur snúið við þeirri þróun sem var að hefjast hér á landi þar sem Hæstiréttur Íslands taldi sig geta breytt ákvæðum lánasamninga eftir að einstök ákvæði þeirra hafi verið dæmd ólögmæt. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem almenningur á Íslandi hefur fengið betri rétt frá öðrum dómstól en sínum eigin.

Hæstiréttur Íslands, sem var talinn einn af mikilvægari þáttum í sjálfstæðisbaráttunni á sínum tíma svo Ísland gæti staðið á eigin fótum, þarf að leggja á sig svo að sjálfstæðra og fullvalda ríkja, hefur ítrekað sýnt af sér ábyrgðarleysi í dómaframkvæmd. Hins vegar hefur Hæstiréttur verið skömminni skárri en Alþingi upp á síðkastið í að færa fólki eilitla réttarbót en sú réttarbót hefur reyndar kostað það að fjölskyldur þessa lands eru látnar bera þá réttarbót uppi og húsnæði þeirra látið brúa bilið svo fjármálastofnanir geti náð endum saman og rúmlega það eftir að hafa farið illa að ráðum sínum.

Hví ekki að benda dómurum réttarins á að lesa sér til í nýlega útgefnu ábyrgðarkveri til að átta sig á samhengi hlutanna þegar kemur að því að gangast í að niðurgreiða löggjöf til allra annarra en þegna landsins, neytenda á Íslandi. Til langframa mun slíkt aðeins móta kæruleysislega hegðun innan fjármálafyrirtækja þar sem vitað er að ávallt er hlaupið undir bagga með þeim en ekki fjölskyldum á Íslandi. Þetta er algilt vandamál og alröng nálgun sem einkennir Ísland um of.

### Mannréttindi ítrekað brotin í frjálsu og fullvalda ríki – Íslandi

Árið 2001 féll dómur í máli nr. 35771/97 hjá Mannréttindadómstól og varðaði það mál félagafrelsi. Benda má einnig á reiðhjólamálið frá Akureyri sem leiddi til þess að aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði varð að veruleika um 70 árum eftir að nágrannaríki okkar umbyltu sínu kerfi. Við Íslendingar værum því ekki sjón að sjá ef ekki nyti við þróunar erlendis frá þegar kemur að réttarbót fyrir almenning hér á landi.

Þeir Íslendingar sem eru á móti ESB og kjósa fremur að vera sjálfstæðir og innleiða tilskipanir Evrópusambandsins verða að átta sig á því að um er að ræða alþjóðaskuldbindingar. Neytendur eru að öðlast betri rétt og bankar látnir taka meiri ábyrgð. Alþingismenn hafa gengið erinda annarra og má þar sérstaklega vísa til Árnalaganna þar sem Alþingi beinlínis innleiddi stjórnarskrárbrot í lög.

Greinarhöfundur er ekkert sérlega áhugasamur um aðild að ESB en öll rök hníga að betri löggjöf, t.a.m. í formi tilskipana, til handa fólkinu í landinu og neytendum komi einmitt þaðan.

### Nýr dómur kallar á nýja hugsun og nýja nálgun

Nýlegur dómur Evrópudómstólsins er skýr og áréttar það að Hæstiréttur hefur farið gegn tilskipun Evrópusambandsins verða sig sem er varðar rétt neytenda með því að breyta lánasamningum. Hæstiréttur hefur beinlínis hafnað, í málum þessum tengdum, að leitað yrði álits EFTA dómstólsins og er það á skjön við það sem Páll Hreinsson, nú dómari við EFTA dómstólinn, fv. hæstaréttardómari og formaður rannsóknarnefndar Alþingis sagði til um í ræðu nýlega þegar hann sagði að leita ætti oftar álits EFTA dómstólsins. Hvað gekk honum þá til þegar hann sjálfur hafnaði að leitað yrði álits EFTA dómstólsins í máli nr. 660/2010? Ekki er að undra að spurt sé hvort þessir aðilar séu í raun samkvæmir sjálfum sér þrátt fyrir góða framkomu og mikið fas.

Mega dómarar Hæstaréttar Íslands því líta sér nær í leit að réttlætinu svo fólkið í landinu geti talið þá réttmæta fulltrúa dómsvalds fullvalda og sjálfstæðs ríkis sem virðir alþjóðaskuldbindingar sínar og réttindi eigin þegna.

# Ævintýri úr Lýðræðislandi

Stjórnarskráin

Júlíus Valdimarsson
í landsráði Húmanistaflokksins



Ýmsir stuðningsmenn frumvarps stjórnlagaráðs tala um að í frumvarpinu felist risastórt skref í lýðræðisátt en í raun er frumvarpið vægast sagt afar fátækt af ákvæðum sem gefa fólkinu ákvarðanavald um mál sem snerta daglega tilveru þess og hag.

Aðeins ein grein frumvarpsins – 65. greinin – veitir þjóðinni það vald (beint lýðræði) að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. að ákveða sjálf um sín mál. Samkvæmt þessu ákvæði er hins vegar m.a. óheimilt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlagagerð og skattheimtu.

Þversögnin sem felst í þessu hefur innblásið mig til að gerast skáld eina örskotsstund og búa til lítið ævintýri.

### Ævintýri úr Lýðræðislandi

„Eitt sinn var land sem hét Lýðræðisland. Það dró nafn sitt af því að í þessu landi ríkti algjört lýðræði, þ.e. fólkið sem bjó þar ákvað alla hluti sín í milli og ef upp komu vandamál voru þau bara rædd og fundin lausn sem kom öllum vel því allir voru sammála um að þjóðfélagið ætti að vera gott fyrir alla sem þar bjuggu.

Einn góðan veðurdag kom einn hálærður fræðimaður með þá tillögu að það væri miklu betra að kjósa fulltrúa til þess að taka allar þessar ákvarðanir, því þá þyrfti fólkið ekki lengur að standa í því stússi. Í þessu fælist mikil hagræðing. Hann kallaði þetta fyrirkomulag „þingræði“ þar sem þingfulltrúarnir réðu um málefni fólksins. Hann stakk upp á því – af því hann var alinn upp í Lýðræðislandi – að fólkið myndi sín í milli búa til stjórnarskrá fyrir þetta nýja fyrirkomulag.

Stjórnarskráin varð til og þar var gert ráð fyrir að fólkið kysi fulltrúa til þess að ráða um málefni þess. Einu málefnin sem voru undanþegin voru hins vegar skattheimta og hvernig skattfénu skyldi ráðstafað, þ.e. til hvers ætti að nota peninganna og hvernig peningarnir ættu að skiptast milli fólksins, því þarna voru notaðir peningar sem ávísun á lífsgæðin alveg eins og tíðkast í okkar landi.

Allt var nú sett af stað og auglýst eftir frambjóðendum til þess að taka sæti á þinginu. En þá kom upp stórt vandamál. Enginn fékkst til að bjóða sig fram til að sitja á þinginu. Ástæðan var sú að enginn nennti að taka þátt í svoleiðis, þar sem fulltrúarnir myndu ekki ráða því sem mestu máli skipti fyrir afkomu fólksins og hvað gert væri í landinu. Og hvaða tilgangur væri í því?

Fræðimaðurinn sem lagt hafði fram upphaflegu tillöguna reyndi ásamt ýmsum félögum sínum – sem voru líka mikið lærðir – að fá fólkið til að breyta stjórnarskránni og gefa þinginu meiri völd. Allt kom þó fyrir ekki því fólkið vildi alls ekki missa þann rétt að ákveða sjálft um líf sitt, enda væri það bara mjög skemmtilegt og allt hefði gengið ljómandi vel fram að þessu.

Þannig mistókst þessi tilraun og fólkið í Lýðræðislandi lifði hamingjusamt alla tíð upp frá því.“

### Öll ævintýri hafa einhvern boðskap

Hver er svo boðskapurinn í þessu ævintýri? Ég held að hann sé sá að það er ekki hægt að tala um beint lýðræði – ef í því felst ekki ákvörðunarréttur um þau grundvallarmálefni sem snerta afkomu fólks og hvernig sameiginlegu skattfé er ráðstafað. Eigum við að hugleiða í smástund hvernig það væri ef Alþingi væri meinað að taka ákvarðanir um skattamál eða fjárlög, slíkar ákvarðanir væru í höndum fólksins? Það virðist að minnsta kosti súrrealískt að kalla slíkt fyrirkomulag „þingræði“. Réttara væri að kalla slíkt fyrirbrigði „lýðræði“ því þar réði „lýðurinn“ – fólkið – en ekki fulltrúarnir á Alþingi.

> Eigum við að hugleiða í smástund hvernig það væri ef Alþingi væri meinað að taka ákvarðanir um skattamál eða fjárlög, slíkar ákvarðanir væru í höndum fólksins? Það virðist að minnsta kosti súrrealískt að kalla slíkt fyrirkomulag „þingræði“.

### Greinarmunur á þingræði og beinu lýðræði

Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvort raunverulegt lýðræði er framkvæmanlegt eða ekki og hvort það er æskilegt yfirleitt. Það myndi hins vegar auðvelda umræðuna ef gerður yrði greinarmunur annars vegar á þingræði, þar sem fámennur hópur tekur allar mikilvægustu ákvarðanirnar um hag fólks og hins vegar raunverulegu lýðræði, þar sem fólkið annast ákvarðanatökuna.

### Alvöru lýðræði er málið

Eina leiðin til þess að draumurinn um það þjóðfélag sem langflesta dreymir um verði að veruleika er alvöru lýðræði. Engar raunverulegar breytingar geta orðið með fámennisvaldi; saga aldanna sýnir að það fyrirkomulag leiðir til ójafnaðar og spillingar. Í Porto Allegre í Brasilíu tekur almenningur þátt í fjárlagagerð og ákvarðar um ráðstöfun skattfjár. Það hefur jöfnuður aukist og spilling nánast horfið. Þetta er 21. öldin, þetta er Lýðræðislandið. Leyfum okkur að fara þangað!


VIÐHALDS
DAGAR
JOTUN
LADY
PURE COLOR
supermatt 01
VEGG
NYHET!
20%
afsláttur
af allri
innimálningu
RÝMINGARSALA
30%
afsláttur
útileguvörur,
garðhúsgögn og
útileikföng
VIÐARPARKET
VERÐ FRÁ:
3.890
kr. fermetrinn
PLASTPARKET
VERÐ FRÁ:
895
kr. fermetrinn
EMMEVI
Emmevi blöndunartæki
13.995 kr.
Áður: 15.995 kr.
Vnr.7900023
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
Þvottavél
EWF106410W
1000 snúninga
85x60x60 cm,
6 kg.
1805650
85.900 kr.
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
Þurrkari
EDe77550W
Með barka og rakaskynjara.
1805423
VERÐ ÁÐUR 89.900
NÚ 73.900 kr.
VIÐHALDS DAGAR
2012
Sjáðu úrvalið í netblaðinu
á www.husa.is
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# tímamót

timamot@frettabladid.is



54 **MADONNA** á afmæli í dag.

*„Ég er hörð, ég er metnaðarfull og ég veit hvað ég vil. Ef það gerir mig að tík, þá verður bara að hafa það.“*



Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**ELLERT RÚNAR SIGURJÓNSSON**
**Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12,**

lést mánudaginn 6. ágúst. Jarðarförin var gerð frá Fossvogskapellu 13. ágúst. Fjölskyldan þakkar starfsfólkinu í Sjálfsbjargarhúsinu fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Sigurjón Sigurðsson** — **Guðbjörg Elentínusardóttir**
**Rafn Sigurjónsson** — **Elísabet Skúladóttir**
**Guðbjörg Eva Rafnsdóttir**
**Berglind Ösp Rafnsdóttir**
**Sigríður Jóna Rafnsdóttir**



Þökkum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, ömmu og langömmu,

**KRISTÍNAR ÞORVALDSDÓTTUR**
**áður til heimilis að Hörpugötu 13.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Elín Nóadóttir** — **Ásgeir Sigurðsson**
**Matthías Nóason** — **Vigdís Hansen**
**Margrét Nóadóttir**
**Hilmar Böðvarsson** — **Steinunn Linda Jónsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Okkar ástkæra,

**HJÖRDÍS HULDA JÓNSDÓTTIR**
**læknir,**
**Reykási 11, Reykjavík,**

lést á heimili sínu föstudaginn 10. ágúst. Útför hennar verður frá Árbæjarkirkju þann 20. ágúst klukkan 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu LSH í síma 543-1159.

**Kristján Ágústsson**
**Ragnhildur Kristjánsdóttir** — **Páll Ragnar Pálsson**
**Stefán Örn Kristjánsson** — **Jóna Karen Sverrisdóttir**
**Fríða Kristín Strøm** — **Lars Øyvind Strøm**
**Margrét Eyjólfsdóttir**
**Kristian, Tormod, Sölvi, Styrmir.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL HALLDÓR JÓHANNESSON**
**frá Bæjum, Snæfjallaströnd,**
**Hlíf II, Ísafirði,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði þriðjudaginn 7. ágúst. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum.

**Anna Jóna Magnúsdóttir**
**Kristinn Arnar Pálsson** — **Hrönn Þórarinsdóttir**
**Rebekka Jóhanna Pálsdóttir** — **Pétur Ingi Ásvaldsson**
**Magnús Ási Pálsson**
**Haraldur Bjarmi Pálsson** — **Hrönn Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**ÞÓRDÍS ÓSKARSDÓTTIR KÄMPE**

lést á Södersjukhuset í Stokkhólmi 25. júlí. Minningarathöfn verður haldin föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00 í Árbæjarkirkju.

**Åke Kämpe**
**Joakim Kämpe** — **Celia Cobo-Losey**
**Kristín Jónasdóttir**
**Steinþór Jónasson** — **Guðbjörg Gylfadóttir Blöndal**
**Johan Kämpe** — **Lilia Severina**
**Sigríður Sæunn Óskarsdóttir** — **Kjartan Már Ívarsson**
**Jakobína Óskarsdóttir** — **Friðþjófur Friðþjófsson**
**Auður Svavarsdóttir** — **Guðmundur Einarsson**
**Lindsay Þórdís Bauman, Timothy L. Jónas Bauman,**
**Kristín Manuela Suarez Jónasdóttir,**
**Viktor Þór Grönfeldt Steinþórsson,**
**Ugla Stefánsdóttir, Filip Kämpe**

GÆRUR, GLIMMER OG GADDAVÍR: FRUMSÝNT Á LJÓSANÓTT Í REYKJANESBÆ

## Hreinræktuð Suðurnesjasýning

„Eitt af því skemmtilegasta við þessa sýningu finnst mér vera sú staðreynd að þetta er allt fólk héðan af svæðinu sem syngur, spilar og tekst á við þessi gömlu lög. Þarna mætast tímarnir og það finnst mér mjög heillandi. Pabba mínum finnst það líka mjög heillandi,“ segir Arnór Vilbergsson organisti í Keflavíkurkirkju og tónlistarstjóri sýningarinnar Gærur, glimmer og gaddavír sem verður frumsýnd í Andrews leikhúsinu á Ásbrú á Ljósanótt í Reykjanesbæ þann 29. ágúst.

Um er að ræða framhald af sýningunni Með blik í auga sem sýnd var á sama stað á síðasta ári, en í þeirri sýningu voru áratugirnir tveir milli 1950 og 1970 umfjöllunarefnið. Nú er hins vegar komið að því að gera tónlist og tíðaranda áranna milli 1970 og 1980 skil í tali og tónum.

Eins og Arnór minnist á er sýningin hreinræktuð Suðurnesjasýning. Yfir þrjátíu manns af svæðinu í kringum íslenska Bítlabæinn taka þátt og má þar nefna feðgana Valdimar Guðmundsson og Guðmund Hermannsson og einnig bræður Guðmundar, þá Karl og Eirík, söngkonurnar Fríðu Dís Guðmundsdóttur, Bríeti Sunnu Valdimarsdóttur og fleiri, en handritshöfundur er Kristján Jóhannsson.

„Þetta er ekki leiksýning heldur leiðir Kristján handritshöfundur okkur í gegnum áratuginn og varpar upp myndum og skemmtisögum frá þessum tíma. Tónlistin er svo að sjálfsögðu í aðalhlutverki, en frá 1970 til 1980 áttu hinar og þessar hljómsveitir gríðarlega vinsæl lög. Til dæmis Brimkló, HLH-flokkurinn, Mannakorn, Brunaliðið og fleiri. Það er af nógu að taka frá þessum áratug,“ útskýrir Arnór.

Spurður hvort pönkið, sem hóf innreið sína hingað til lands undir lok áttunda áratugarins, sé áberandi í sýningunni segir Arnór svo ekki vera. „Það glittir örlítið í gaddavírinn, en þó ekki mikið í tónlistarlegu tilliti heldur er meira talað um það. Fyrri sýningin, Með blik í auga, var í raun óður til útvarpsins sem var ráðandi á þeim tíma, en áttundi áratugurinn er auðvitað áratugur sjónvarpsins og sýningin tekur mið af því. Það er gaman að geta rammað þetta svona skemmtilega inn.“

Aðspurður segir Arnór enn ekki tímabært að leggja drög að sýningu um næsta áratug, 1980 til 1990. „Við erum ekkert byrjuð að ræða það. Við vorum óvenju fljót að undirbúa þessa sýningu því Með blik í auga var svo rosalega vinsæl sýning. Þá var uppselt á þrjár sýningar og nú hafa líka þrjár sýningar verið auglýstar. Hugsanlega verður aukasýning ef áhorfendur eru spenntir,“ segir Arnór.

kjartan@frettabladid.is




**SUÐURNESJAFÓLK** Hópurinn sem stendur að sýningunni Gærur, glimmer og gaddavír. Arnór Vilbergsson tónlistarstjóri er annar frá hægri í fremstu röð.

**ÞETTA GERÐIST:** 16. ÁGÚST 1960

## Hraðskreiðasti maður heims

Á þessum degi árið 1960 setti bandaríski hermaðurinn Joseph W. Kittinger II. þrjú heimsmet sem standa enn. Hann stökk þá úr loftbelgnum Excelsior í 102.800 feta hæð (31.330 metrar) og setti heimsmet í fallhlífarstökki úr mestri hæð. Hann sveif í frjálsu falli í fjórar mínútur og 36 sekúndur sem er annað met, og hann náði 988 kílómetra hraða á klukkustund (274 metrar á sekúndu) en svo hratt hefur enginn karl eða kona farið fyrr né síðar, það er að segja án þess að sitja í flugvél.

Stökkið var þriðja stökk Kittingers en fyrsta stökkið fór fram í nóvember 1959. Það var úr mun minni hæð, 76.400 fetum en litlu munaði að illa færi. Kittinger, sem þola þurfti G-kraft sem nemur 22-földu þyngdarafli á jörðu niðri, missti meðvitund en sjálfvirkur sleppibúnaður fallhlífar hans bjargaði lífi hans. Þrátt fyrir áfallið var Kittinger kominn upp í loftbelg og búinn að stökkva aftur viku síðar. Það stökk var úr 74.700 fetum og var vel heppnað í alla staði.





Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**MAGNÚS JAKOB MAGNÚSSON**
**Kötlufelli 11,**

verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu föstudaginn 17. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

**Guðmundur Magnússon** — **Jóhanna Helgadóttir**
**Halldóra Magnúsdóttir**
**Gunnar Kári Magnússon** — **Nana Egilson**
**Halla Magnúsdóttir** — **Maríus H. Guðmundsson**
**og frændsystkini**



Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**ELÍN REYNISDÓTTIR**
**Sambýlinu Mururima 4, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 8. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Ás Styrktarfélag s.: 414-0500.

**Reynir Kjartansson** — **María Ólafson**
**Þuríður Reynisdóttir** — **Ágúst Guðmundsson**
**Viðar Reynisson** — **Anna Lilja Másdóttir**
**María Ágústsdóttir** — **Guðrún Viðarsdóttir**



Þökkum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÖNNU GUÐJÓNSDÓTTUR**
**frá Núpi í Fljótshlíð,**
**Bólstaðarhlíð 41.**

**Guðrún Pétursdóttir** — **Kristján Aðalsteinsson**
**Guðjón Örn Pétursson** — **Ágústa Sumarliðadóttir**
**Hólmfríður Pétursdóttir** — **Ólafur M. Óskarsson**
**Guðbjörg Pétursdóttir** — **Ólafur Ragnarsson**
**Karítas Pétursdóttir** — **Símon Sigurpálsson**
**Dóra Pétursdóttir** — **Jón Á. Kristjánsson**
**Hrund Logadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN RAGNAR THORSTENSEN**

lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð þann 11. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 21. ágúst kl. 11.00. Þökkum starfsfólki Holtsbúðar fyrir góða umönnun.

**Ragnar Jónsson** — **Halla Angantýsdóttir**
**Ingvar Jónsson** — **Gerður Bárðardóttir**
**Stefán Valur Hansson**
**Hrafn Goði Ingvarsson**
**Snædís Sól Ingvarsdóttir**
**Hekla Huld Ingvarsdóttir**



## ALLTAF MEÐ HANSKA

**Helstu tískulöggur hafa reynt að finna aldurseinkenni á poppstjörnunni Madonnu. Sérstaklega hafa þær bent á hendur og handleggi söngkonunnar. Tekið hefur verið eftir að Madonna kemur ekki lengur fram nema hafa hanska á höndum og oftast í jakka að auki.**


GLÆSILEGT NÝTT SNIÐ



Teg. 12047 - mjög fallegur í C,D,E skálum á kr. 5.800,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar
Vertu vinur



Eirberg

Hásinahlífar

BAUERFEIND®



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Lokadagur ÚTSÖLU

Allt á að seljast



Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

UMDEILDIR PISTLAR

vísir - oft á dag




**HERRALEGT HJÁ STRÁKUNUM** Gosi á Rauðhettu og úlfinum segir hausttískuna vera með mýkri línum og mildari litum en verið hefur. MYND/GVA

# MINNA OG MÝKRA

**HÁRIÐ Í HAUST** *Hártískan í ár verður fjölbreytt en öll mýkri en hún hefur verið. Litir verða minna ýktir og pastellitir koma sterkir inn.*

Haustið er tími breytinga og margir sem vilja prófa eitthvað nýtt á þeim tíma. Þá er um að gera að fara á hárgreiðslustofu og skipta um lit eða klippingu. Gosi, annar eigenda hárgreiðslustofunnar Rauðhetta og úlfurinn, er sérfræðingur þegar kemur að hári og hefur puttann á púlsinum varðandi hausttískuna.

„Tískan í haust er svolítið frjáls, fólk getur gert það sem það vill. Stelpurnar verða annaðhvort með sítt hár eða mjög stutt. Stutta hárið verður með afgerandi klippingu og hvössum línum, nokkurs konar tölvuleikjaútlit á því,“ segir Gosi.

Litirnir fara að dofna með haustinu. „Alveg ljóst eða svart hár eða verður ekki málið í haust heldur verða litirnir minna ýktir. Pastellitir koma inn og flott að vera með tvílitt hár, sérstaklega í síðu hári, þá eru endarnir til dæmis ljósari en hinn hlutinn. Fleiri verða með afgerandi liti í hárinu og þeir sem þorðu ekki að fara í sterku, neonlitina fara í pastellitina. Þeir sem vilja vera öðruvísi verða enn meira öðruvísi, verða með fleiri en einn lit og jafnvel fleiri en tvo. Þeir fara alla leið í þessu og verða allt öðruvísi.“

Liðir verða áfram í tísku en það teygist á þeim og þeir verða mýkri. Hái snúðurinn sem hefur mikið verið í tísku í sumar færist neðar og töglin verða jafnvel aðeins tekin til hliðar. Sítt hár verður frekar haft slegið. Hárbönd koma sterk inn og verða skreytt með blúndum og blómum. Hjá strákunum verða línurnar mýkri og herralegri. „Það verður áfram greitt til hliðar en allt verður mýkra og fallegra. Að vera með rakað í hliðunum, þessi svokallaða Jóns Gnarr-klipping, hún hefur runnið sitt skeið. Gamaldags herraklipping verður mest töff í haust,“ segir Gosi.

■ lilja.bjork@365.is



**TVÍLITT**
Bandaríska leikkonan Jamie Chung er ein þeirra fjölmörgu sem hefur hárið ljósara neðst. Þetta útlit verður meira áberandi hér á landi í haust.


*3,5% lántökugjald

SUMAR ÚTSALA

Svefn & heilsa

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerið gæða- og verðsamanburð

www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX
2x80x200
339.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



DÖMULEG EN SMÁ ROKKUÐ Á myndinni klæðist Arna buxum úr Vila, skyrtu úr American Apparel, peysu úr H&M og skóm úr Aldo. MYND/VILLI

# SPENNT FYRIR HAUSTTÍSKUNNI



**SETTLEG OG FÍN** *Arna Þorbjörg er að hefja sitt síðasta ár í Verzlunarskólanum. Hún er búin að kaupa föt fyrir haustið en hana vantar þó enn hina fullkomnu skó.*

Arna Þorbjörg Halldórsdóttir er 19 ára verslunarskólamær. „Ég er ótrúlega spennt að hitta alla krakkana og komast aftur í rútínu.“

Arna hefur mikla þekkingu á tísku enda fyrrverandi formaður tískuráðs Verzlunarskólans og hefur sett upp tvær tískusýningar. Í ár er hún þó í Listafélaginu og ætlar að komast í hinn nýstofnaða Verzlunarskólakór.

Nú er útsölunum flestum lokið en Arna hefur aðeins verið að spóka sig um í verslunum Reykjavíkur. Hún verslar aðallega við Topshop, Zöru, Nostalgíu, Spútnik og Dótturfélagið en hefur ekki keypt mikið á netinu þar sem henni finnst það of mikið happdrætti. Hún er svo heppin að systir hennar er flugfreyja og kippir stundum nokkrum flíkum með heim fyrir Örnu. „Núna eru skór það eina sem mig vantar fyrir veturinn,“ segir Arna þegar hún er spurð út í fatakaupin.

Stíl Örnu má lýsa sem dömulegum og fínum en henni finnst gaman að breyta til og vera aðeins grófari. Í fataskápnum má finna ógrynni af pilsum, kjólum og skyrtum og þó svo að Arna sé alltaf fallega klædd og vel til höfð þá er hún svo sannarlega ekki þræll tískunnar heldur fylgir hún eigin sannfæringu og hefur sinn eigin sérstaka stíl.

„Ég er búin að fara á marga tónleika í sumar og dugleg að spóka mig um í bænum, óvenju menningarlegt sumar hjá mér,“ segir Arna. ■ gunnhildur@365.is



ÖÐRUVÍSI Uppáhaldsdressin. Kjóll og keðja úr Topshop og jakki sem er eins og krókódílaleður. MYND/VILLI

**Á UPPLEIÐ** | RAKEL SÓLRÓS JÓHANNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

## FRÁ GARÐINUM TIL LUNDÚNA

**■ Rakel Sólrós Jóhannsdóttir ólst upp í Garði á Suðurnesjum en hugurinn leiddi hana út í heim. Eftir að hafa lokið BA-prófi í fatahönnun árið 2010 lá leiðin til Lundúna þar sem hún starfar í fatahönnunargeiranum.**

**Hvers vegna ákvaðst þú að fara í fatahönnun?** Ég byrjaði snemma að sauma föt á Barbie-dúkkurnar og fór svo að sauma föt á sjálfa mig. Fyrstu saumavélina keypti ég tólf ára og ég hef verið saumandi síðan.

**Hvað tók við eftir útskrift?** Ég sýndi útskriftarlínuna mína á Sólseturshátíð í Garðinum og einnig á LungA á Seyðisfirði en þar fékk ég viðurkenningu frá Hönnunarsjóði Auroru, sem ég er mjög stolt af. Mig dreymdi alltaf um búa í öðru landi. Ég fékk vinnu í Farmers Market og vann þar í ár til að spara pening. Í september síðastliðnum flutti ég svo til London.

**Hvað ertu að gera í London?** Ég vinn sem aðstoðarmaður hönnuða hjá meðalstóru hönnunarfyrirtæki. Það er alltaf brjálað að gera því við erum að hanna fyrir fyrirtæki eins og Primark, Topshop, Next og fleiri. Ég er mjög ánægð með vinnuna mína því það er erfitt að komast að í þessum bransa.

**Ertu á heimleið í bráð?** Ég væri mikið til í að flytja heim ef það væri einhver vinna í boði í þessum geira.

**Hver er eftirlætishönnuðurinn þinn?** Alexander McQueen hefur alltaf verið í uppáhaldi og hann er mér mikill innblástur, sem hönnuður og listamaður.

**Hver er draumurinn?** Einfaldlega að vinna í tískubransanum og skapa eitthvað á hverjum degi. Þetta er síbreytilegur bransi og manni leiðist því aldrei. Um þessar mundir er ég að vinna mig upp í að vera aðstoðarhönnuður.





HÖNNUÐUR Í LONDON Rakel Sólrós elti draumana og starfar nú sem aðstoðarmaður hönnuða í hönnunarfyrirtæki í London.




NÝ SENDING AF VETRAVÖRUM OG ÚTSÖLULOK

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Útsölulok



Kjólar áður ~~19.990 kr.~~ Nú 5.000 kr.

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Vertu vinur




E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM BYLGJUNNAR

BYLGJAN 989




vísir - oft á dag


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**





# HLÝ HÖFUÐDJÁSN

**PERSÓNULEG SKÖPUN** *Handprjónuð húfa er hlý og sæt gjöf sem yljar að hjartarótum. Í bókinni Húfuprjón leynast uppskriftir að heillandi jólagjöfum.*

Húfur þóttu það allra púkalegasta á mínum ungdómsárum en í dag þykja handprjónaðar húfur mikil höfuðprýði og eftirsóknarvert að bera húfur sem fólk hefur ýmist prjónað sjálft eða fengið prjónaðar hjá sínum nánustu.“

Þetta segir Guðrún S. Magnúsdóttir handavinnukennari sem í vikunni sendi frá sér prjónabókina Húfuprjón. Í bókinni eru 57 fjölbreyttar uppskriftir að húfum fyrir kríli, krakka, konur og karla; einfaldar, skýrar og með gagnlegum leiðbeiningum, ráðum og kennslu.

„Mér þótti þörf á íslenskri húfubók þar sem engin slík var til. Húfur eru óþrjótandi brunnur sköpunar og ímyndunarafls, og þótt stuðst verði við uppskriftir mínar í bókinni þætti mér gefandi ef þær vektu áhuga og innblástur til nýrra húfuhugmynda.”

Guðrún segir allt í tísku þegar kemur að handprjónuðum höfuðfötum. „Tíðarandinn nú er þannig að allt gengur og hver á sinn stíl. Íslenskt veðurfar kallar á húfunotkun árið um kring og hafa ber í huga að húfur eru höfuðskraut. Því er gaman að prjóna sér nokkrar til skiptanna, ólíkar að gerð og í litum sem passa við mismunandi fatnað. Eins er hægt að gefa húfu alveg spánnýjan blæ með því að krækja í hana fallega nælu.“

**thordis@365.is**



**PRJÓNAFJÖLSKYLDA** Guðrún gaf út bókina Sokkaprjón í fyrra. Hún stendur ekki ein að bókum sínum því fjölskyldan kemur öll við sögu.

MYND/STEFÁN

Kuldagallarnir komnir
Vatnsheldir - vindheldir - efnið andar
Enn meiri gæði og betra verð en í fyrra
name it
Kringlan – Smáralind
facebook.com/nameiticeland
str. 80-98
8.990
str. 104-140
9.990



Smart Boutique
Laugavegur 55 • www.smartboutique.is
ÚSALA í 4 DAGA
Rýmum til fyrir nýjum vetrarvörum




30% afsláttur af öllum loðhúfum, krögum og jökkum





50% afsláttur af öllum slæðum og treflum
Opið til kl 21 á MENNINGARNÓTT
Opið sunnudag 19. ágúst frá kl 12 – 17
35% afsláttur af öllum töskum og veskjum



Smart Boutique
Laugavegur 55, sími 551-1040
Sendum í póstkröfu um allt land.
www.smartboutique.is




MENNINGAR
NÓTT
18.08 · 2012

vodafone



Lög Ingibjargar Þorbergs munu meðal annars hljóma í garði Þóru að Ingólfsstræti 21a.

# Tónleikar til heiðurs Ingibjörgu Þorbergs

**Þeir verða ófáir listamennirnir sem flytja tónlist þessarar heiðurskonu á menningarnótt.**

Á menningarnótt verða settir upp skemmtilega öðruvísi tónleikar til heiðurs Ingibjörgu Þorbergs, einnar ástsælustu söngkonu okkar Íslendinga í tilefni þess að hún verður 85 ára á þessu ári.

Það sem er öðruvísi við þessa tónleika er að þeir verða á sex stöðum í miðbænum og munu listamenn á borð við Ragga Bjarna, Möggu Stínu, Jónas Sig og Harmonikkufélag Íslands koma fram og taka lög Ingibjargar.

Tónleikarnir byrja á Hlemmi klukkan 13.30 á laugardaginn. Þaðan munu þeir færa sig niður í Þingholtin og loks enda í Hörpunni klukkan 16. Ingibjörg hefur samið og sungið margar



Ingibjörg Þorbergs

af helstu perlum íslenskrar dægurlagatónlistar og því er tilvalið að heiðra hana og rifja upp hennar fallegu söngbók ásamt því að kynna hana fyrir nýjum kynslóðum.

Hægt verður að sjá nánari upplýsingar á http://lagaleidangur-ingibjargarthorbergs.wordpress.com/. Enn ríkir mikil leynd yfir hvaða tónlistarmenn verði á hvaða stað en þær upplýsingar munu hugsanlega koma inn á heimasíðuna þegar nær dregur.

**MENNINGARNÓTT.IS**

**Höfuðborgarstofa ber** ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd menningarnætur.

**Forstöðumaður Höfuðborgarstofu:** Sif Gunnarsdóttir.

**Verkefnisstjórn menningarnætur:** Einar Örn Benediktsson formaður, Óttarr Ólafur Proppé, Áslaug Friðriksdóttir, Jakob Frímann Magnússon og Sif Gunnarsdóttir.

**Verkefnisstjórar menningarnætur** eru Karen María Jónsdóttir og Guðmundur Birgir Halldórsson.

**Landsbankinn hefur** verið máttarstólpi menningarnætur frá upphafi.

**Vodafone býður** gestum menningarnætur upp á flugeldasýninguna.

Gakktu í bæinn
MENNINGAR NÓTT
18.08·2012

**Ath.: Dagskráin** er ekki tæmandi og auk þess birt með fyrirvara um breytingar.

**Nánari upplýsingar** má finna á www.menningarnott.is.

**Höfuðborgarstofa þakkar** öllum þeim sem komu að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd menningarnætur, án þeirra hefði hátíðin ekki orðið.



**OPIÐ HÚS í Rétttrúnaðarkirkjunni 18. ágúst 2012 - Öldugötu 44, 101 Reykjavík**

**Open House in the Russian church at 16:30 – 18:00**

- excursion in the temporary Orthodox church and parish house
- lecture about Russian iconography and church architecture; photo exhibition of Russian church design through centuries
- tea and coffee

18:00 evening service dedicated to the Holy Transfiguration of Our Lord Jesus Christ and traditional blessing of grapes and fruits



**Velkomin! Við erum nágrannar!**



Védís Kjartansdóttir, Saga Sigurðardóttir og Inga Huld Hákonardóttir. Saga er umsjónarmaður verkefnisins en Védís og Inga munu túlka dansverk gesta og gangandi. Á myndina vantar þriðja dansarann, Rósu Ómarsdóttur.

# Búðu til eigið dansverk!

**Þeir sem hafa látið sig dreyma um að gerast danshöfundar geta látið drauminn rætast í Dansverkstæðinu á menningarnótt. Þar verður gestum boðið að semja sitt eigið dansverk og sjá það lifna við í flutningi atvinnudansara.**

Dansverkstæðið á Skúlagötu 30 hýsir nýja vinnuaðstöðu sjálfstætt starfandi danshöfunda og dansara í Reykjavík. Á menningarnótt verður þar opið hús þar sem almenningur getur komið og kynnt sér aðstöðuna og starfsemina.

Enn fremur gefst skúffudansskáldum – og raunar hverjum sem er – kostur á að sjá dansverk sín vakna til lífs í flutningi atvinnudansara. Gestir og gangandi geta leitað í sérútbúinn hugmyndabanka til að fá innblástur í verk sín eða lagt fram eigin hugmyndir. Yfirumsjón með verkefninu hefur Saga Sigurðardóttir, dansari og danshöfundur. „Við ætlum að bjóða upp á eins konar dansmatseðil. Gestir geta komið og valið sér óskadansverk sem þrír atvinnudansarar munu svo framreiða. Innihald verksins velja gestirnir af þessum dansmatseðli og raða því saman og fá þannig sinn dansrétt,“ útskýrir Saga.

„Verkefnið byggir á spuna, svo dansverkið verður flutt samstundis, fyrir danshöfundana og aðra gesti,“ segir Katrín Ingvadóttir, verkefnastjóri Dansverkstæðisins. „Dansverk eru oft þróuð og unnin í langan tíma en svo er líka hægt að gera margt á staðnum. Hér viljum við sýna hvað sköpunargáfan hjá þessum listamönnum er svakalega lifandi.“

Dansararnir sem túlka munu verkin heita Inga Huld Hákonardóttir, Védís Kjartansdóttir og Rósa Ómarsdóttir en þær hafa allar stundað nám við hinn virta dansskóla P.A.R.T.S. í Brussel.

Auk dansréttsins verður gestum boðið upp á léttar veitingar og vonast aðstandendur verkefnisins til að sem flestir líti við í Dansverkstæðinu, hvort sem það er til að horfa á dans eða taka þátt, sem dansunnendur eða danshöfundar.

# Ljóð, tónar og myndlist

**Anna S. Björnsdóttir ljóðskáld skipuleggur ásamt fleiri listamönnum; ljóðskáldum og myndlistarmönnum, viðburð í Saltfélaginu á menningarnótt. Auk þeirra halda trúbadorar uppi góðum anda.**

Ljóð, myndlist og tónlist munu renna saman í eitt í Saltfélaginu á menningarnótt. Þar munu koma saman listamenn og samþætta list sína. Þetta eru ljóðskáldin Anna S. Björnsdóttir, Anna Karin Júlíussen og Þór Stefánsson auk myndlistarmannanna Sigurðar Örlygssonar og Sigurðar Þóris. „Þetta samstarf hófst í Gunnarshúsi í vor þar sem við héldum ljóðakvöld sem fjölmargir sóttu. Það tókst raunar svo vel að gestir hvöttu okkur til að endurtaka leikinn og báðu okkur jafnframt að láta sig vita þegar það myndi gerast,“ segir Anna S. Björnsdóttir, skipuleggjandi viðburðarins. „Hópurinn kallar sig Fimm saman en svo höfum við einn til tvo trúbadora til að halda uppi stemningunni á milli ljóðaupplestra.“

Ljóðskáldin þrjú lesa upp úr ljóðum sínum á heila tímanum og fyrsti upplestur fer fram klukkan 14. „Við gerum ráð fyrir fimm mínútum á mann og svo mega gestir varpa fram spurningum og ræða ljóðin,“ segir Anna.



Frá vinstri: Sigurður Þórir, Þór Stefánsson, Sigurður Örlygsson, Anna S. Björnsdóttir og Birgir Svan Símonarson. Á myndina vantar Önnu Karin Júlíussen.

Á milli þess munu frönsk lög hljóma á harmonikku auk tónlistar trúbadoranna tveggja. „Við bjóðum öll skúffuskáld velkomin í spjall, við viljum endilega sjá hvað fólk er að sýsla.“

Í rýminu mun hanga myndlist og skapa stemningu ásamt tónlistinni. „Svo ætlum við að hafa þetta heimilislegt og bjóða upp á veitingar. Ég ætla til dæmis að baka brauð,“ segir Anna og brosir. „Þetta stóra rými verður blandað af þrautreyndum myndlistarmönnum, tónlistarfólki og svo ljóðaupplestri,“ bætir hún við. Ljóst er að hún hlakkar mikið til viðburðarins og hvetur alla til að líta við. Opið hús verður frá hálf tvö til tíu um kvöldið á menningarnótt, næstkomandi laugardag.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

ALLIR VELKOMNIR
GÓÐ SKEMMTUN OG FRÍTT INN!!

# Dillon
WHISKEY BAR

# 2012 MENNININGARNÓTT
## REYKJAVÍK
## 18. ÁGÚST

14.00 - 14.30 **WHY NOT JACK**
14.45 - 15.15 **URBAN LUMBER**
15.30 - 16.00 **DÚKKULÍSURNAR**
16.15 - 16.45 **TWO TICKETS TO JAPAN**
17.00 - 17.30 **THE WICKED STRANGERS**
17.45 - 18.15 **DIMMA**
18.30 - 19.00 **FRÆBBBLARNIR**
19.15 - 19.45 **DIAMOND THUNDER**
20.00 - 20.30 **HLJÓMSVEITIN ÉG**
20.45 - 21.30 **THE VINTAGE CARAVAN**
21.45 - 22.45 **LEAVES**

Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR
Í BAKGARÐI DILLON

THULE

Í SAMSTARFI VIÐ THULE LÉTTÖL

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA







# Dagskrá Menningarnætur 2012

## Gamla höfnin

### Íslenski Cadillac-klúbburinn

**Kl. 11.00–17.00** Félagsskapur karla og kvenna sem eru aðdáendur þessara amerísku eðalvagna sýnir gripina sína gestum og gangandi. ***Hörputorg, Austurbakka 2***

### Myndlistarsýning Sigurðar Sævars

**Kl. 13.00–22.30** Sigurður Sævar Magnúsarson, fæddur 1997, hefur á síðustu misserum þróað fjölbreyttan myndlistarstíl sinn. ***Saltfélagið, Grandagarði 2***

### Andlit

**Kl. 13.00–22.30** Verkið samanstendur af nokkrum teikningum, innblásnum af tískuheiminum og innrömmuðum af tveimur skúlptúrum. ***Saltfélagið, Grandagarði 2***

### Opið hús

**Kl. 13.00–22.30** Vatnslitamyndir, kort og olíumálverk. ***Saltfélagið, Grandagarði 2***

### Fimm saman

**Kl. 13.00–22.30** Myndlistarsýning Sigurðar Örlygssonar og Sigurðar Þóris ásamt upplestri ljóðskáldanna Önnu S., Önnu K. og Þórs Stefáns. ***Saltfélagið, Grandagarði 2***

### Fitore - Uppreisn gegn yfirgangi

**Kl. 13.00–22.30** Myndirnar sýna hálfnakið fólk með orð máluð á húðina sem kalla fram áhrifamikil hugrenningatengsl. ***Saltfélagið, Grandagarði 2***

### Leikir og tónlist

**Kl. 13.00–23.00** Fjölbreytt dagskrá og tónlistaratriði. Dorgveiðikeppni, föndursmiðja og ratleikur fyrir yngri kynslóðina. ***Sjóminjasafnið, Grandagarði 8***

### Tónlistarhátíð unga fólksins

**Kl. 13.30–14.20, 15.00–15.50 og 16.30–17.20** 100 ungir tónlistarnemar leika kammertónlist í Hörpuhorninu og Himnastiganum. ***Harpa, Austurbakka 2***

### Leiðsögn um listaverkið Hörpu

**Kl. 13.30–14.30 og 15.00–16.00** Heiðar Rannversson listfræðingur leiðir gesti um Hörpu þar sem eru listaverk úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Skráning í miðasölu. ***Harpa, Austurbakka 2***

### Maxímús Músíkús

**Kl. 14.00–15.00** Einstakt tónlistarævintýri fyrir börn á öllum aldri. Miðar í miðasölu Hörpu. ***Harpa, Austurbakka 2***

### Unstable

**Kl. 14.00–18.00** Marcos Zotes og Gerður Sveins leiða gesti um varðskipið Tý og stórkostlega ljósainnsetningu. ***Faxagarður, við Hörpu***

### Bönd og bingó

**Kl. 14.00–22.00** Tónleikar og bingó í Netagerðinni þar sem fram koma Legend, Melchior, Moses Hightower og Sóley. ***Netagerðin, Mýrargötu 14***

### Reykjavík Shorts&Docs Festival

**Kl. 14.00–20.00** Sýndar verða íslenskar og pólskar stuttmyndir sem og norrænar heimildarmyndir. ***Sýningarsalur Hotel Reykjavík Marina, Mýrargötu 2***

### Þína skál Reykjavík

**Kl. 14.30-15.30** Reykvískir höfundar flytja skáldskap um Reykjavík í bland við tónlistarflutning Bókbandsins. ***Norðurbryggja, Harpa, Austurbakka 2***

### Robert the Roommate

**Kl. 15.00–15.45** Hljómsveitin sækir innblástur sinn til listamanna sem voru hvað mest áberandi á 7. og 8. áratugnum. ***Sjóminjasafnið, Grandagarði 8***

### Jazz

**Kl. 15.00–17.00** Jazz fyrir gesti og gangandi á Munnhörpunni. ***Munnharpan, Harpa, Austurbakka 2***

### Blús á Café Haiti

**Kl. 16.00-17.00** Blússveit Þollýjar leikur kröftugan ryþmablús í bland við hugljúfari melódíur fyrir gesti og gangandi. ***Café Haiti, Geirsgötu 7b***

### Hanus G. Johansen frá Færeyjum

**Kl. 17.00–17.50** Hanus er frægur færeyskur söngvari, höfundur og gítarleikari frá Klaksvík. ***Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2***

### Fjölbreytt klassík

**Kl. 17.00–18.00** Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Jóhanni Má Nardeau trompetleikara. Miðar fást í miðasölu. ***Harpa, Austurbakka 2***

### Tékknesk þjóðlagaveisla

**Kl. 17.00–18.00** Tékkneski þjóðlagahópurinn Osminka syngur, leikur á hljóðfæri og dansar. ***Bryggjan, Sjóminjasafnið, Grandagarði***

### Chroma

**Kl. 17.00–19.00** Einkasýning á verkum I Huldu Hlínar Magnúsdóttur myndlistarkonu. ***Saltfélagið, Grandagarði 2***

### Undiralda á Menningarnótt

**Kl. 17.00–19.00** Captain Fufanu, Halleluwah, Oyama, Dream Central Station, Mr Silla og Boogie Trouble spila. ***Hörputorg, Austurbakka 2***

### Járnbrautin 2012

**Kl. 17.00–23.00** Sudden Weather Change, Dream Central Station og fleiri bjóða upp á lifandi tónlist, mat og drykk. ***Járnbraut, Hólmaslóð 2***

### Alþjóðlegt ljóðaspil

**Kl. 17.30 – 18.00** Reykvísk skáld af ólíkum uppruna leiða saman skáldfáka sína og flytja saman ljóð á ýmsum tungumálum á sprelllifandi ljóðadagskrá. ***Norðurbryggja***

### Sunny Side Road

**Kl. 18.00–18.30** Hand- og raddknúin tónlist þar sem gleði, pónýhestar og kandífloss eru allsráðandi. ***Bryggjan, Sjóminjasafnið, Grandagarði 8***

### Lena og Niclas frá Færeyjum

**Kl. 19.00–20.00** Lena, söngkona og gítarleikari frá Færeyjum spilar með hinum þjóðþekkta Niclas Johannesen. ***Harpa, Kaldalón, Austurbakka 2***

### Barr sextett

**Kl. 20.30–21.30** Barr sextett flytur þekkt lög eftir Joni Mitchell, Carole King og Dolly Parton. ***Café Haiti, Geirsgötu 7b***

### Heimspeki hjartans

**Kl. 20.00–22.00** 13 sonnettur eftir Kristján Hreinsson með tónlist eftir Þorvald Gylfason. Flytjendur: Garðar Cortes og Bergþór Pálsson. ***Harpa, Kaldalón, Austurbakka.***

### Varsjárbandalagið

**Kl. 22.00–23.00** Balkan og klezmer á bryggjusporðinum! Óráfmögnuð stemning undir lok hátíðardagsins. ***Bryggjan, Sjóminjasafnið, Grandagarði 8***

### Flugeldasýning í boði Vodafone

**Kl. 23.00–23.15** Stórkostleg flugeldasýning til að ljúka kvöldinu. Sýningin er í boði Vodafone. ***Gamla höfnin***

## Gamli austurbærinn

### Mannslífið er dýrmætt

**Kl. 10.00–17.00** Myndlistarsýning þar sem almenningur kýs besta verkið. Tónlistaratriði á staðnum. ***Undirgöng við Laugaveg 32b***

### Finnsk menning

**Kl. 10.00–22.00** Útimarkaður og finnskur tangó. Sýning á vatnslitamyndum af íslenskri náttúru eftir Teuvo Kaipainen og fleiri. ***Suomi PRKL!, Laugavegi 27***

### Káratorgsmarkaður

**Kl. 12.00–16.00** Skemmtilegur markaður með ýmsum vörum, bæði notað og nýtt, handunnið og hönnun. Lifandi tónlist. ***Káratorg á horni Kárastígs og Frakkastígs***

### Housebyrgi 2012

**Kl. 12.00–23.00** Rjóminn af raftónlistarmönnum Reykjavíkur flytur danstónlist frá hádegi og fram á nótt. ***Laugavegur 32, bakhús***

### Pönnukökulampar

**Kl. 12.00–23.00** Lampar unnir úr postulíni íblönduðu pappírsmassa, raðað upp eins og stafla af pönnukökum. ***Postulínsvirkið, Laugavegi 48b***

### Ástarmafían

**Kl. 13.00–14.00** Í heimi þar sem allir fylgjast með öllum getur verið erfitt að fremja hinn fullkomna glæp. ***Laugavegi 100***

### Að heiman

**Kl. 13.00–18.00** Myndlistarmenn frá Suður-Kóreu og Íslandi standa að sýningunni. ***Bergstaðastræti 4***

# Galleríi Fold á Menningarnótt
# 20 ÁRA afmælishátíð hefst kl. 11



Sýningar í Gallerí Fold
**18. ágúst – 2. september**

**Allir velkomnir
á opnun sýninganna
kl. 13**



## Skapað af list
**20 listamenn vinna og spjalla við gesti um list sína**

11.30–13.30 Nikhil Nathan Kirsh málar
13.30 –15.30 Iréne Jensen þrykkir
15.30–17.30 Soffía Sæmundsdóttir málar
17.30–19.30 Elva Hreiðarsdóttir þrykkir
18.30–20.30 Þórdís Elín Jóelsdóttir þrykkir
19.30–21.30 Ingimar Waage málar

**Listamannaspjall á hálftíma fresti.**
14 listamenn spjalla við gesti.

### Hortus Conclusus
## Ragnhildur Þóra Ágústsdóttir

Laugardaginn 18. ágúst kl. 13 verður opnuð sýning á verkum Ragnhildar Þóru Ágústsdóttur í Forsal Gallerís Foldar. Sýningin er hluti af dagskrá Menningarnætur og stendur til 2. september.




uppbod.is

Þrjú ný uppboð á netinu;
á myndlist, silfri og skartgripum og
á vínyl hljómplötum.



## Ástþór Magnússon
### Inside Iceland

Sýnir í Gallerí Fold
til 26. ágúst

## Valerie Boyce

Sýnir í Gallerí Fold
18. ágúst – 2. september



# Vökum af list í Galleríi Fold

Dagskráin er á myndlist.is • Opið til kl. 22 á Menningarnótt Lokað sunnudag



Leikur fyrir alla
### Hvaða saga er í myndinni?

Listaverk hangir uppi í galleríinu. Finndu myndina og skrifaðu niður titil eða hvaða sögu þér finnst myndin segja. Ein saga verður valin og í verðlaun er listaverkabók. Dregið er þrisvar yfir daginn.



### Ratleikur fyrir börn og fullorðna

kl. 11–13 · kl. 13–15 · kl. 15–17
kl. 17–19 · kl. 19–22

Leikurinn felst í að finna listaverk sem sýnd eru í galleríinu. Við hvert þeirra er lítil frásögn og í henni bókstafur sem er hluti af orði sem gestir eiga að finna út. Dregið er úr réttum lausnum og heppinn þátttakandi fær listaverkabók í verðlaun. Dregið er fimm sinnum yfir daginn.



### Listaport fyrir börnin
Kl. 11–19

Vinnustofa í gerð og skreytingu á pappírsskutlum fyrir börn 12 ára og yngri. Ný vinnustofa hefst í Listaporti á klukkustundarfresti. Allir fá viðurkenningu og geta prófað skutlunar sínar.

## Bráðlifandi músik
Guðbjörn Guðbjörnsson

Hádegistónleikar kl. 13.30 · Síðdegistónleikar kl. 16.30

Guðbjörn Guðbjörnsson syngur létt lög við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur. Alltaf sama fjörið hjá þeim.

Arnar Ingi og Johnny Cash kl. 15.30

Arnar Ingi spilar nokkur lög úr smiðju Johnny Cash fyrir gesti Gallerís Foldar.

kl. 13
**Gallerí Fold er 20 ára og fagnar með súkklaðiköku**

Kl. 12 og svo á 30 mínútna fresti til 21.30

## Listahapp

Allir gestir fá happdrættismiða. Dregið verður á 30 mínútna fresti alls 20 sinnum. Dregið verður þangað til vinningar ganga út. Vinningar eru ýmist listaverk eða listaverkabækur.

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold





FRAMHALD AF SÍÐU 4

### Töfranætur

**Kl. 14.00–21.00** All colours up, með Kristínu Hjartar, Aðalsteini Aðalsteins, Veróníku Gunnars, Fanney Bjarna og Ingu Kristins. ***L51 Art Center, Laugavegi 51***

### Knús í boði

**Kl. 14.00–15.00** Vegfarendum á Laugaveginum er boðið upp á knús og faðmlög í boði Hlutverkasetursins. Það bætir, hressir og kætir. ***Hlutverkasetrið, Laugavegi 25***

### The Great Support Band

**Kl. 14.00–15.30** Tónleikar hljómsveitarinnar The Great Support Band. ***Káratorg, á horni Kárastígs og Frakkastígs***

### Samtökin '78 bjóða í bæinn

**Kl. 14.00–22.00** Samtökin '78 bjóða gestum í bæinn þar sem í boði verður skemmtun, fræðsla, vöfflur og gott kaffi. ***Laugavegi 3, 4. hæð***

### HúsÓnæði

**Kl. 15.00–18.00** Innsetning/gjörningur eftir Evu Gunnbjörnsdóttur og Hrund Atladóttur sem tekur á ofurraunveruleika og er sviðsetning á daglegu lífi fólks. ***Njálsgata 48, græn hurð***

### Ráðskonuríki

**Kl. 15.30–15.45** Söngvarar Alþýðuóperunnar munu bregða á leik og sýna valin atriði úr uppfærslunni Ráðskonuríki. ***Hjartagarðurinn, hliðina á Laugavegi 21***

### Ráðskonuríki

**Kl. 16.30–16.45** ***Káratorg, á horni Kárastígs og Frakkastígs***

### Söngfjelagið Góðir grannar

**Kl. 16.45–17.05** Góðir grannar flytja þekktar íslenskar perlur í bland við lög frá hinum Norðurlöndunum. ***Við Vínberið, Laugavegi 43***

### Beats of Reykjavik

**Kl. 17.00–22.00** Listamenn úr íslensku raftónlistarsenunni sýna það nýjasta sem senan hefur upp á að bjóða. ***Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1***

### Kjarni

**Kl. 19.00–21.00** Opnun á einkasýningu Jónu Hlífar Halldórsdóttur í Gallerí Þoku. ***Kjallari Hrím, Laugavegi 25***

## Gamli vesturbærinn

### Kaffi og vöfflur í Myndhöggvarafélaginu

**Kl. 14.00–17.00** Gísli Kristjánsson mun fræða áhugasama um eldsmíðar. Kaffi og vöfflur. ***Myndhöggvarafélagið, Nýlendugötu 15.***

### Tónaseyði

**Kl. 16.30–17.10** Þjóðlög sagnasöngvara frá ýmsum hornum heimsins undir ljúfum tónum gítarsins með vermandi jurtaseyði í stofunni hennar Sillu. ***Öldugata 7a***

## Kvosin

### Reykjavíkurmaraþon

**Kl. 08.30–15.00** Fjölskylduviðburður þar sem allir geta tekið þátt, ungir sem aldnir, hlaupandi, gangandi eða hvetjandi. ***Lækjargata***

### Skákakademían

**Kl. 12.00–18.00** Undrabörn og stórmeistarar tefla við gesti og gangandi. Fjöltefli, Alheimsmótið í „Leiftursk‌ák" og margt fleira skemmtilegt. ***Lækjartorg***

### Tónlistaratriði

**Kl. 12.30–13.30** Rakel Björk syngur nokkur vel valin lög við undirleik gítarleikarans Auðuns Lúthers. ***Austurvöllur, við Thorvaldssen***

### Listamannaspjall

**Kl. 13.00–13.30 og 15.00 – 15.30** Ingibergur Magnússon segir frá tilurð verka sinna Tíminn í náttúrunni / Náttúran í tímanum og rýnir í innihald þeirra. ***Íslensk grafík, Tryggvagötu 17 (hafnarmegin)***

### Ráðskonuríki

**Kl. 13.30–13.45** Söngvarar Alþýðuóperunnar bregða á leik og sýna valin atriði úr uppfærslunni Ráðskonuríki. ***Austurvöllur***

### Nonnasögur

**Kl. 13.00–13.30, 14.00–14.30 og 18.00–18.30** Helga Jóhanna höfundur kemur með risastóru Nonnasögurnar sínar og les fyrir börnin. ***Iðnó, 2. hæð, Vonarstræti 3.***

### Sameinuð í fjölbreytileika

**Kl. 13.00–17.00** Áhugaverð ljósmynda- og myndbandasýning tileinkuð fjölbreytileika og mannréttindum. Kaffi og vöfflur í boði. ***Evrópustofa, Suðurgötu 10***

### Testofa

**Kl. 13.00–18.00** Tefélagið býður gestum og gangandi að þiggja tesopa í Testofu Tjarnabíós og skemmtilegan fróðleik um te. Ókeypis veitingar. ***Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12***

### Marilyn og Greta

**Kl. 13.00–22.00** Komdu og sjáðu vinkonurnar Marylin Monroe og Gretu Garbo, tvíefldar á veggjum bókasafnsins. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15

### Atomic Bomb Victims

**Kl. 13.00–22.00** Sýning sem lýsir afleiðingum kjarnorkuárásanna á Hírósíma og Nagasaki árið 1945 í máli og myndum. ***Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15***

### Barnadagskrá Bylgjunnar

**Kl. 13.30–15.30** Bylgjan býður upp á dagkrá sem er sérstaklega ætluð ungum hlustendum. Friðrik Dór, Ávaxtakarfan og fleira. ***Ingólfstorg***

### Götuleikhús Hins hússins

**Kl. 14.00–14.15 og 15.55–16.15** Götuleikhúsið leikur listir sínar. Hitt ***húsið, Pósthússtræti 3-5***

### Íris

**Kl. 14.00–14.40** Píanó og söngur leikur stórt hlutverk í tónlist Írisar en hún flytur lög af væntanlegri hljómplötu. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

### Grannmetis- og átvaxtaveisla Ljótakórs

**Kl 14.00–14.40 og 15.30–16.10** Ljótikór flytur ljóð Þórarins Eldjárns við tónlist eftir Hauk Tómasson. ***Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12***

### Suðræn salsastemning

**Kl. 14.00–16.00** Salsadansarar mæta á svæðið og dansa frá sér allt vit. Kennarar frá Salsaceland kenna grunnsporið. ***Lækjartorg***

### Sólskoðun á Austurvelli

**Kl. 14.00–16.00** Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn bjóða fólki að kíkja á sólina í gegnum sjónauka ef veður leyfir. ***Austurvöllur***

### Umhverfa

**Kl. 14.00–17.00** Gjörningar í tengslum við myndlistarsýningu Helenu Reynis. Gestir skoða sig og aðra frá öllum hliðum. ***Gallerí Tukt, Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

### Spilastund með Spilavinum

**Kl. 14.00–17.00** Spilavinir koma með úrval borðspila sem kennd verða. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. ***Ráðhús Reykjavíkur, matsalur, Tjarnargötu 11***

### Suðurland í sókn

**Kl. 14.00–18.00** Kvæðamenn frá Suðurlandi koma í heimsókn og kveðast á. Fatahönnuðir sýna einnig það nýjasta í sunnlenskri tísku. ***Höfuðborgarstofa, Aðalstræti 2***

### Ferðatöskumarkaður

**Kl. 14.00–19.00** Listafólki er boðið að koma með varning sem rúmast í einni ferðatösku og vera með á markaðinum. ***Kirsuberjatréð, Vesturgötu 4***

### Norðurlöndin í máli og mynd

**Kl. 14.00–20.30** Dagskráin tekur okkur til hinna Norðurlandanna í tónlist og tali. Borgarstjóri setur dagskrána. ***Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11***

### Tónleikar við Thorvaldsen bar

**Kl. 14.00–22.00** Hljómsveitirnar Lame Dudes, Casio Fatso, Brimlar, John McAnger og Jakob Viðar leika tónlist af ýmsum toga. ***Thorvaldsen, Austurstræti 8-10***

### Tveir kassar á faraldsfæti

**Kl. 14.15–14.40** Tveir kassar bregða á leik, syngjandi kátir að venju. ***Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

### Ljóðadagskrá

**Kl. 14.30–15.00** Ljóðahópur Gjábakka les úr ljóðabókinni Ýtt úr vör. Átta heppnir gestir fá ljóðabókina að gjöf. ***Fógetagarðurinn við Aðalstræti***

### Góðgerðarkeyrsla HOG

**Kl. 14.30–16.30** HOG býður upp á mótorhjólaakstur í kring um Tjörnina. Ferðin kostar 700 kr. Ágóðinn rennur öll til Umhyggju. ***Alþingishúsið, Kirkjustræti***

### Byssukisi

**Kl. 14.40–15.10** Byssukisi flytur eigin tónlist. ***Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

### Söngfjelagið Góðir grannar

**Kl. 15.00–15.20** Góðir grannar flytja íslenskar perlur í bland við lög frá hinum Norðurlöndunum. ***Við Grófarhúsið***

### Líparít

**Kl. 15.00–15.40** Ljósgrá, gulleit litadýrðin stafar af jarðhitaummyndun. Kísilsýrmagn yfir 67% og kristalgerð sést aðeins í smásjá. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

### Huldukonur í tónlist

**Kl. 15.00–16.30** Flutt verða lög eftir fjögur gleymd en glæst kventónskáld og saga þeirra sögð. Flytjendur. Sigurlaug, Þóra, Sólveig og Hildur. ***Hallveigarstaðir, Túngötu 14***

### Heimspekikaffihús

**Kl. 15.00–17.00** Hvað heldur samfélagi saman? Heimspekilega sinnað áhugafólk kemur saman í siðmenntaðri rökræðu. ***Iðnó, 2. hæð, Vonarstræti 3***

### Vinsamleg listræn hjálp

**Kl. 15.00–18.00** Ten Singarar gera tilveruna skemmtilegri með andlitsmálningu, gítarkennslu, kakói og spjalli. ***Austurvöllur, við Vallarstræti***

### Heima – prjónaskapur og spjall

**Kl. 15.00–18.00** Gestir og gangandi leggja lokahönd á Prjónahúsið sem stendur uppi í Hafnarhúsinu. ***Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17***

### Area of Stylez

**Kl. 15.10–15.30** Strákarnir í Hiphop danshópnum dansa á sinn einstaka hátt. ***Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

### Ljóðadagskrá

**Kl. 15.15–15.45** Ljóðahópur Gjábakka les úr ljóðabókinni Ýtt úr vör. Átta heppnir gestir fá ljóðabókina að gjöf. ***Fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11***

### Guðmundsdætur

**Kl. 15.30–15.55** Guðmundsdætur leika klassíska tónlist. ***Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

### Komum mynd á mannréttindi

**Kl. 15.30–16.00** Verðlaunaafhending ljósmyndasamkeppni Mannréttindastofu Reykjavíkur. ***Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11***

### Colorful rights

**Kl. 15.00–17.00** Teiknismiðja fyrir börn. Verkin verða send í alþjóðlegu teiknisamkeppnina Colorful Rights. ***Borgarbókasafn,Tryggvagötu 15***

### Ljóðadagskrá

**Kl. 16.00–16.30** Ljóðahópur Gjábakka les úr ljóðabókinni Ýtt úr vör. Átta heppnir gestir fá ljóðabókina að gjöf. ***Við styttu Tómasar, við Tjörnina, við Skothúsveg***

### Tónleikar með Elízu Newman

**Kl. 16.00–16.40** Elíza frumflytur lög af komandi breiðskífu sinni þar á meðal útvarpsslagarann Stjörnuryk. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

### Tónleikar með Tunas Granada

**Kl. 16.00–18.00 og 20.00–21.30** Tónleikar með hinni þekktu spænsku hljómsveit Tunas de Granada á Tapas barnum. ***Tapas barinn, Vesturgötu 3b***

### Skáld til sölu

**Kl. 16.00–20.00** Í skiptum fyrir lesin ljóð greiða vegfarendur táknræna greiðslu til skáldanna sem standa ein við rauð ljós í stórum gluggum. ***Hafnarstræti 17***

### Sparkle poison

**Kl. 16.15–16.35** Sparkle Poison dansa





og syngja með glæsibrag eins og þeim einum er lagið! ***Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

## Blikkið - Saga Melavallarins

**Kl. 16.30–17.30** Saga vallarins og allra þeirra sem kepptu, unnu, svitnuðu, blæddu og grétu tárum á rykmettaðan völlinn og náðust á kvikmynd. ***Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12***

## Blikkkálfur

**Kl. 16.35–17.00** Blikkkálfur spilar sumarlegan jazz. ***Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5***

## Atónal blús

**Kl. 17.00–17.40** Trommur, munnharpa, rafmagnsgítar, söngur og kontrabassi. Frumstæðir ryþmar í rafrænni umgjörð. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

## Contemporary.is

**Kl. 17.00–19.00** Menningarvefmiðlunin contemorary.is mun opna formlega með frumsýningu 13 nýrra myndbanda. ***SÍM, Hafnarstræti 16***

## Lavaland 2

**Kl. 17.00–22.00** Sýning á skúlptúrum unnum í postulín og svartan leir. Innblástur sóttur í hraunlandslag. ***Skörin, Aðalstræti 10***

## Ágústtónar

**Kl. 18.00–18.40** Una Dóra og Margrét Hannesar halda klassíska söngtónleika með íslenskum og erlendum sönglögum og óperuaríum. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

## Plötusnúðaveisla F.Í.R

**Kl. 18.00–23.00** Twinsonic flytur frumsamið efni, plötusnúðar F.Í.R. spila undir dansi og Firewall verður með eldsýningu. ***Við Kaffi Zimsen, Hafnarstræti 18***

## Þoka

**Kl. 19.00–19.40** Hljómsveitin Þoka mun spila bæði ljúfa og leikandi tóna á tónleikum sínum. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

## Avaspo

**Kl. 20.00–21.30** Avaspo er litháísk verðlaunahljómsveit sem vinnur með ljóð, tónlist og sjónræna upplifun. ***Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12***

## Destroyed Word

**Kl. 20.00–21.30** Gjörningur spænska listamannsins Santiago Sierra. ***Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17***

## Varsjárbandalagið

**Kl. 20.00–21.30** Fjörug balkan- og klezmer-tónlistarblanda leikin af gleði í fallegasta samkomusal bæjarins. ***Iðnó, Vonarstræti 3***

## Stórtónleikar Bylgjunnar

**Kl. 20.30–22.30** Margar af helstu hljómsveitum landsins koma fram. ***Ingólfstorg***

## Tónaflóð Rásar 2

**Kl. 20.30–22.30** Margar af helstu hljómsveitum landsins koma fram. ***Arnarhóll***

## Guðrún Árný í Dómkirkjunni.

**kl. 20.45–21.30** Guðrún Árný spilar á píanó og syngur brot af sínum uppáhaldslögum og eigin lögum. ***Dómkirkjan í Reykjavík***

## Indælar aríur og elskuleg sönglög

**Kl. 21.30–22.30** Söngvararnir Hallveig Rúnars, Sigríður Ósk, Sigurlaug Knudsen og Hrólfur Sæmunds skemmta með söng og gleðilátum. ***Dómkirkjan við Kirkjustræti.***

# Norðurmýrin

## Ratleikur fyrir börn og fullorðna

**Kl. 11.00–22.00** Leitaðu að listaverkum og leystu úr þrautum. Heppinn þátttakandi fær listaverkabók í verðlaun. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Listaport fyrir börn

**Kl. 11.00–19.00** Skrautskutlukeppni fyrir 12 ára og yngri. Nýtt námskeið hefst á klukkustundarfresti. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Hvaða saga er í myndinni

**Kl. 11.00–15.00 og 15.00–18.00 og 18.00–22.00** Finndu myndina og skrifaðu hvaða sögu þér finnst hún segja. Ein saga verður valin og í verðlaun er listaverkabók. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Sýning á antikplötuspilurun

**Kl. 11.00–22.00** Sýning á gömlum plötuspilurum. Spiluð verður tónlist á plötuspilarana, meðal annars þá sem var í eigu Maríu Markan. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Skapað af list

**Kl. 11.30–13.30** Nikhil Nathan Kirsh vinnur við olíumálun í galleríinu og ræðir við gesti og gangandi. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Listamannaspjall

**Kl. 12.00–12.30** Gunnella ræðir við gesti um list sína. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Listahapp

**Kl. 12.00–21.40** Dregið á 30 mínútna fresti í ókeypis listaverkahappdrætti þar til vinningarnir, sem eru listaverk og listaverkabækur, ganga út. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Hvað sérð þú?

**Kl. 13.00–14.00** Sér maður aðeins með augunum eða sjáum við með hjartanu og heilanum líka. ***Kjarvalsstaðir, Flókagötu 24***

## Listamannaspjall

**Kl 13.00–15.00** Ragnheiður Ágústsdóttir ræðir við gesti um list sína og nýopnaða sýningu. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Flóamarkaður Dísu og Betu

**Kl. 13.00–17.00** Skemmtilegur markaður með býsn eigulegra muna, eldhúsdóti, skrautgripum og retró-hlutum af ýmsu tagi. ***Karlagötu 14***

## Gallerí Fold er 20 ára

**Kl. 13.00–18.00** Komdu og fáðu sneið af 20 metra langri súkkulaðiköku í tilefni 20 ára afmælis Gallerí Foldar. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Sýningaropnun

**Kl. 13.00–22.00** Ragnheiður Ágústsdóttir opnar sýningu á olíumálverkum. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Sýningaropnun

**Kl. 13.00–22.00** Hin franska Valerie Boyce opnar sýningu á vatnslitamyndum sem hún hefur unnið á ferðalögum sínum um landið. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Eins og honum einum er lagið

**Kl. 13.30–14.00 og 16.30–17.00** Guðbjörn Guðbjörnsson óperusöngvari syngur létt lög og fjörug við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg12-14***

## Skapað af list

**Kl. 13.30–15.30** Iréne Jensen vinnur í galleríinu og þrykkir meðal annars á grafikpressu Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Listamannaspjall

**Kl. 14.00 –14.30** Þorsteinn Helgason ræðir við gesti um list sína. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Ísland frá hinum ýmsu tímum

**Kl. 14.00–18.00** Ljósmyndir, óljós skil draums og veruleika og daður við fortíðarblæ filmunnar. ***Reiðhjólaverzlunin Berlin, Snorrabraut 56, bakatil.***

## Arnar Ingi og Johnny Cash

**Kl. 15.30–16.00** Er Arnar Ingi endurfæddur Johnny Cash? Hann spilar nokkur lög úr smiðju meistarans. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Skapað af list

**Kl. 15.30–17.30** Soffía Sæmundsdóttir vinnur við olíumálun í galleríinu og ræðir við gesti. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Listamannaspjall

**Kl. 16.00–16.30** Ástþór Magnússon ræðir við gesti um ljósmyndasýningu sína og nýlega ferð niður í Þríhnúkagíg. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Concrete Jazz

**Kl. 16.00–17.00** Tónlistarmennirnir Magnús R. Rafns og Andrés Þ. Gunnlaugs taka ný og sígild djasslög. ***Kjarvalsstaðir, Flókagötu 24***

## Listamannaspjall

**Kl. 16.30–17.00** Hallur Karl Hinriksson ræðir við gesti um list sína. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Skapað af list

**17.30–19.30** Elva Hreiðarsdóttir vinnur í galleríinu og þrykkir meðal annars á grafikpressu Guðmundar frá Miðdal. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Listamannaspjall

**Kl. 18.00–18.30** Sigurjón Jóhannsson ræðir við gesti um list sína. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Skapað af list

**Kl. 18.30–20.30** Þórdís Elín Gestsdóttir vinnur í galleríinu og þrykkir meðal annars á grafikpressu Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. ***Gallerí Fold, Rauðarárstíg 12-14***

## Skapað af list

**Kl. 19.30–21.30** Ingimar Waage vinnur við olíumálun í galleríinu og ræðir við gesti. ***Gallerí Fold, Rauðarárstígur 12-14***

# Skólavörðuholtið

## Götutónlist til góðs

**Kl. 13.00–17.00** Ágústa Dómhildur leikur á fiðlu með fiðlukassann opinn fyrir frjálsum framlögum sem renna til UNICEF. ***Eymundsson, Skólavörðustíg 11***

## Víkingar og vopnaskak

**Kl. 13.00–18.00** Félagar úr Einherjum Víkingafélagi Reykjavíkur slá upp tjaldi og verða með bardagasýningar. ***Fyrir framan Hallgrímskirkju, Skólavörðuholti***

## Flóamarkaður

**KL.13.30–17.30** Smóking, skór, hattar, skartgripir, úr, barmmerki, myndir, bækur, smíðaáhöld, símar, áttaviti, ritvélar, útvarp og m.fl. ***Baldursgötu 37 (gengið inn Lokastígsmegin)***

## Lagaleiðangur Ingibjargar Þorbergs

**Kl. 14.00–14.20** Ýmsir listamenn leiða okkur á hraðferð í gegnum langan feril þessa ástsæla lagahöfundar. ***Óðinstorg***

## Hvað má bjóða þér gæskan?

**Kl. 14.00–15.00** Gengið með Birnu um bæinn. Magnús R. Einarsson töfrar fram tóna. ***Frá Skólavörðuholti, styttunni af Leifi Eiríkssyni***

## Mjaðmahnykkir og músíkveisla

**Kl. 14.00–16.00** Afró, bollywood, húllahopp, diskó! Kurt Weil-prógram, à capella, blús, þjóðlagatónlist og margt meira. ***Kramhúsið, Skólavörðustígur 12, Bergstaðastrætismegin***

## Málverkasýningin Umbreyting

**Kl. 14.00–16.00** Listakonan R. Benedikta spjallar við gesti á Café Loka og sýnir verk sem unnin eru með „patine au vin" og ösku úr Eyjafjallajökli. ***Café Loki, Lokastíg 28***

## Torghátíð á Norrænu höfuðborgarmóti

**Kl. 14.00–21.00** Boðið verður upp á flotta og fjölbreytta tónlistardagskrá auk annarra skemmtiatriða fyrir fólk á öllum aldri. ***Óðinstorg***

FRAMHALD Á SÍÐU 8

# LANDSBANKINN AUSTURSTRÆTI 11

**Kl. 12.00–13.00, 13.00–14.00 og 14.00–15.00** ***Fræðsluganga*** um listaverk í eigu Landsbankans.

**Kl. 15.00–15.30** ***Gunni og Felix*** skemmta börnum á öllum aldri og fá Sprota í heimsókn.

**Kl. 15.30–16.30** ***Nótan – tónlistarskólar*** gefa tóninn. Þrjú atriði af uppskeruhátíð tónlistarskólanna.

**Kl. 16.30–17.00** ***Skemmtikrafturinn Sólmundur Hólm*** verður með uppistand og tekur lagið.

**Kl. 17.00–17.30** ***Tónlistarmaðurinn Valdimar*** flytur sín þekktustu lög.

FRAMHALD AF SÍÐU 7

### Lagaleiðangur Ingibjargar Þorbergs

**Kl. 14.30–14.50** Ýmsir listamenn leiða gesti í gegnum langan feril þessa ástsæla lagahöfundar. ***Portið hjá 12 tónum, Skólavörðustíg 15***

### Listasafn Hótel Holts

**Kl. 15.00–16.00** Hótelstjóri leiðir gesti um stærsta einkalistasafn Íslands og segir sögur af uppruna listaverkanna. ***Hótel Holt, Bergstaðastræti 37***

### Austan fyrir fjall

**Kl. 15.00–17.00** Ljósmyndasýning Baldurs Kristjánssonar sýnir umhverfisportrett frá ferðalagi um Asíu árið 2010. ***Skólavörðustígur, frá Laugavegi að Bergstaðastræti***

### Sálmafoss 2012

**Kl. 15.00–21.00** Margir kórar og organistar flytja gamla og nýja sálma. Allir fá að syngja með. Klais-orgelið, ómar allan daginn. ***Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti***

### Ljóða- og söngvafléttа

**Kl. 15.00–22.00** Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson tónlistarmaður flytur blandaða dagskrá á heimavelli þar sem ljóð og söngvar fléttast saman og gestum bregður fyrir. ***Skólavörðustígur 27***

### Lagaleiðangur Ingibjargar Þorbergs

**Kl. 15.30–15.50** Ýmsir listamenn leiða okkur á hraðferð í gegnum langan feril þessa ástsæla lagahöfundar. ***Hornið á Skólavörðustíg og Bankastræti***

### Hver var Kolskeggur?

**Kl. 16.00–17.00 og 19.00–20.00** Fjölskylduleiðsögn þar sem Eyrún Óskars listfræðingur fjallar um fornmenn í verkum Ásgríms Jónssonar. ***Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74***

### Söngfjelagið Góðir grannar

**Kl. 16.00–16.20** Góðir grannar flytja íslenskar perlur í bland við lög frá hinum Norðurlöndunum. ***Við Geysi, Skólavörðustíg 16***

### Ný Stjórnarskrá

**Kl. 16.00–20.00** Landsfrægir tónlistarmenn stíga á stokk og kynna nýja stjórnarskrá í tali og tónum. ***Leikvöllurinn Haðarstíg***

### Rikki og vinir

**Kl. 17.00–19.00** Rikki og vinir spila nokkur frumsamin lög eftir Ríkharð Jósafatsson. ***Við Bernhöftsbakarí, Bergstaðastræti 13***

### Robert the Roommate

**Kl. 18.00–18.45** Hljómsveitin sækir innblástur sinn til listamanna sem voru hvað mest áberandi á 7. og 8. áratugnum. ***Óðinstorg.***

### Ylja - Söngvaseiður

**Kl. 20.00–20.40** Hljómsveitin Ylja flytur frumsamin lög og texta á íslensku. ***Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74***

### Sveitarómantík - Selló og sópran

**Kl. 20.00–20.45 og 21.30–22.15** Ilmandi Gleym-mér-ei-ar, kindur sem jarma í kofum, hundar sem gelta á bæjum, horfnar og nýjar ástir, hanagal og háðvísur. ***Listasafn Einars Jónssonar, Eiríksgötu***

### Á valdi náttúrunnar

**Kl. 21.00–21.45** Leiðsögn um sýningarnar. Hættumörk, Ölvuð af Íslandi og Dáleidd af Íslandi, í fylgd Halldórs Björns Runólfssonar. ***Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti 74***

## Skuggahverfið

### Innlit

**Kl. 11.00–23.00** Guðlaug Geirsdóttir heldur sýningu á nýjum leirskúlptúrum sem taka á innri gerð lífheimsins. ***Þjóðmenningarhús, Hverfisgötu 15***

### Dance to the people

**Kl. 12.00–17.00** Dansverkstæðið býður þér að taka þátt í stuttum vinnustofum eða bara upp á snarl. Á klukkutíma fresti frá kl. 13.00. ***Við Kex-garðinn, Skúlagötu 30***

### Festivall

**Kl. 13.00–23.00** Listahátíðin Festisvall býður alþjóðlegum listamönnum að sýna skúlptúra, teikningar, málverk, bókverk og að flytja tónlist. ***Hjartagarðurinn, Hverfisgötu 30 og Bíó Paradís, Hverfisgötu 54***

### Suðrænt síðsumar

**Kl. 14.00–14.45** Þórunn Elín, Lilja Dögg og Daði Sverris flytja sönglög, dúetta og píanóverk eftir Ravel, Delibes og fl. ***Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15***

### Grafík og stuttmyndir í MÍR

**Kl. 14.00–22.00** Sýningaropnun Arlens Kashkúrevitsj frá Hvíta-Rússlandi. Sýningar stuttmynda kl. 15, 17 og 20, fleiri atriði og kaffiveitingar. ***MÍR, Hverfisgötu 105***

### 13 Yöntrur

**Kl. 14.00–22.30** Hjónin Helga og Viðar sýna töfrandi málverk sín. Litadýrð, samhljómur og kraftur sköpunar. ***Pedersen-svítan, Gamla bíó , Ingólfsstræti 2a***

### Rauðhetta, Öskubuska og Grísirnir Þrír

**Kl. 15.00–15.40** Lýðveldisleikhúsið flytur þrjú Grimms-ævintýri. Þetta eru smásöngleikir þar sem stuðst er við útgáfur Roalds Dahl. ***Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a***

### Skýjaborg

**Kl. 15.00–16.00 og 16.30–17.30** Danssýning fyrir unga áhorfendur þar sem ljós, hreyfingar og tónlist eru sérstaklega samin með börn í huga. ***Kúlan, Þjóðleikhúsið, Lindargötu 7***

### Thundercat Racing bátakeppni

**Kl. 15.00–17.00** Brautarkeppni með útsláttarfyrirkomulagi. ***Fyrir framan Sólfarið á Sæbraut***

### Arctic Light Quartet

**Kl. 15.30–16.00** Strengjakvartettinn Arctic Light Quartet leikur vinsæla suðræna tónlist og íslensk söng- og þjóðlög. ***Sjáðu, Hverfisgötu 52***

### Tékknesk þjóðlagaveisla

**Kl. 15.30–16. 30** Tékkneski þjóðlagahópurinn Osminka syngur, leikur á hljóðfæri og dansar í litríkum þjóðbúningum. ***Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15***

### Læknirinn er inni

**Kl. 16.00–22.00** Á Kaffistofunni renna myndlist, tónlist og gjörningar saman í eitt. ***Kaffistofan, nemendagallerí LHÍ, Hverfisgötu 42***

### Dansinn í hruni

**Kl. 17.00–17.30** Lýðveldisleikhúsið kynnir gráglettinn gamanleik í söngleikjaformi um litla þjóð sem spilar rassinn úr buxunum. ***Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a***

### Tónleikhús

**Kl. 17.00–17.45** Sönghópurinn Spectrum og söngkonan Ingveldur Ýr flytja sönglög á leikrænan hátt. ***Þjóðmenningarhúsið, Bókasalur, Hverfisgötu 15***

### Gímaldin

**Kl. 18.00–18.30** Gímaldin og félagar spila blús. ***Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a***

### Litir sígildrar tónlistar

**Kl. 18.00–18.45** Fræg meistaraverk klassískrar tónlistar öðlast líf á striga. Mamiko Dís Ragnarsdóttir á píanói og Fríða Adriana Martins málar. ***Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15***

### Vigri

**Kl. 18.30–19.10** Vigri spilar fallega, tilfinningaríka tónlist með breiðu úrvali hljóðfæra. ***Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a***

### Skrúðganga Jazzhátíðar Reykjavíkur og upphitun

**Kl 18.00–19.45** Stærsta djasssveit Reykjavíkur verður skipuð þjóðþekktum tónlistarmönnum og öllum þeim sem mæta með hljóðfæri. ***Frá Kexi hosteli að Hörpu***

### Hundur í óskilum

**Kl. 19.00–20.30** Tónleikar og brot úr Sögu þjóðar. Eiríkur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson. ***Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15***

## Vatnsmýrin

### Þjóð verður til

**Kl. 11.00–12.00** Leiðsögn á ensku um varanlega sýningu safnsins. ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

### Fjörkálfur

**Kl. 12.00-12.30 og 14.00–14.30** Fjörkálfur er barnatónverk þar sem spila saman fjörleg saga og lifandi tónlist. ***Norræna húsið, Sturlugötu 5***

### Setningarhátíð Menningarnætur

**Kl. 12.30–13.00** Jón Gnarr borgarstjóri setur hátíðina. ***Hljómskálagarðurinn***

### Skátaveröld

**Kl. 12.30–18.00** Skátaveröld og líf skátans. Tjaldbúðagerð, súrringar, útieldun, klifurveggur og flekagerð. Eitthvað fyrir alla. ***Hljómskálagarðurinn***

### Tízka - kjólar og korselett

**Kl. 14.00–15.00** Leiðsögn þar sem sagt er frá kjólunum frá tímabilinu 1937-1970 og þeir settir í sögulegt samhengi. ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

### Autobahn - Opnun

**Kl. 14.00–18.00** Ljósmyndasýning Jimi Tenor sem myndað hefur dýr sem eru fórnarlömb bílaumferðar. Leiðsögn kl. 15 og 16. ***Norræna húsið, Sturlugötu 5***

### Einleikurinn Aðventa

**Kl. 15.00–16.00** Möguleikhúsið sýnir einleik byggðan á samnefndri sögu Gunnars Gunnarssonar. ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

### Hugar(úr)vinnsla

**Kl. 15.00–18.00** Eygló Benediktsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir sýna verk frá liðnum vetri. ***Norræna húsið, Sturlugötu 5***

### Þjóðvegur 66

**Kl. 16.00–16.45** Frásögn í máli og myndum um ferð 12 manna hóps á mótorhjólum vestur eftir hinum sögulega þjóðvegi 66 í Bandaríkjunum. ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

### Rokkabillý förðun og hárgreiðsla

**Kl. 18.00–20.00** Fáðu hárgreiðslu og förðun í anda 6. áratugarins. Ómissandi undirbúningur fyrir ballið sem á eftir kemur! ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

### Möguleikhúsið - Völuspá

**kl. 19.00–19.45** Barnaleiksýningin Völuspá veitir áhorfendum innsýn í hugmyndaheim heiðinnar goðafræði. ***Norræna húsið, Sturlugötu 5***

### Rokkabillýkennsla

**Kl. 20.00–20.30** Meðlimir úr Háskóladansinum kenna gestum dansspor fyrir rokkabillýball um kvöldið. ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

### Rokkabillýball

**Kl. 20.30–22.00** Langi Seli og Skuggarnir spila kraftmikið rokkabillý eins og þeim einum er lagið. ***Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41***

## Þingholtin

### Aldingarðurinn Orr

**Kl. 10.00–22.00** Gullsmiðirnir Ástþór og Kjartan framkvæma innsetningu þar sem innviðir taka á sig mynd aldingarðs. ***Verslunin Orr, Bankastræti 11***

### Ég átti bara leið hjá ...

**Kl. 12.00–19.00** Verk um spor í landslaginu. Önnur sem byggð eru á bókinni „Ósýnilegu borgirnar". ***7Factory Gallerí, Bergstaðastræti 10a***

### Ljóðadagskrá

**Kl. 13.00–13.30** Ljóðahópur Gjábakka les úr ljóðabókinni Ýtt úr vör. Átta heppnir gestir fá ljóðabókina að gjöf. ***Mæðragarðurinn, við Fríkirkjuveg 7***

### Skógarjóga

**Kl. 13.30–14.30 og 14.30–15.30** Það er frábært og ólýsanlegt að gera jóga úti í náttúrunni. Komdu með dýnu eða teppi og vertu með. ***Hallargarðurinn, Fríkirkjuvegi 11***

### Ljóðadagskrá

**Kl. 13.45–14.15** Ljóðahópur Gjábakka les úr ljóðabókinni Ýtt úr vör. Átta heppnir gestir fá ljóðabókina að gjöf. ***Útitaflið við Lækjargötu***

### Garðveisla hjá Þóru

**Kl. 14.00–16.00** Vöfflukaffi, tónleikar til heiðurs Ingibjörgu Þorbergs, hljómsveitin Útidúr spilar og höggmyndir verða til sýnis. ***Ingólfsstræti 21a***

### Vöfflukaffi

**Kl. 14.00–16.00** Íbúar Þingholtanna bjóða gestum og gangandi í vöfflur og kaffi á eftirtöldum stöðum.
***Baldursgötu 1***
***Bjargarstíg 5***
***Bjargarstíg 17***
***Freyjugötu 28***
***Grettisgötu 29/31***
***Grundarstíg 4, 2h***
***Grundarstíg 10***
***Lokastíg 20a***
***Njarðargötu 9***
***Óðinsgötu 8b***
***Spítalastíg 10***

### Plöntur í fóstur

**Kl. 14.00–17.00** Mæðgurnar Rakel og Elsa bjóða fólki að koma með plöntur eða tré úr garðinum sínum og setja í fóstur í Mæðragarðinum. ***Mæðragarðurinn, við Fríkirkjuveg 7***

### Ráðskonuríki

**Kl. 14.30–14.45** Söngvarar Alþýðuóperunnar bregða á leik og sýna valin atriði úr uppfærslunni Ráðskonuríki. ***Bankastræti (port á milli Upplýsingamiðstöðvar og Lækjarbrekku)***

### Guðjón töframaður

**Kl. 14.30–15.30** Frábær töfrabrögð í návígi fyrir alla aldurshópa sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. ***Bankastræti***

### Opið hús í sendiráðinu

**Kl. 15.00–17.00** Í tilefni Menningarnætur verður opið hús hjá sendiherra Bandaríkjanna. ***Laufásvegur 21***

### Harmonikuball

**Kl. 16.00–17.00** Félagar úr Harmonikufélagi Reykjavíkur halda harmonikuball þar sem öllum er velkomið að stíga dansinn. ***Taflborðið við Lækjargötu***

### Hugleiðsla í Aðventkirkjunni

**Kl. 16.00–23.00** Íhugun á kærleika Guðs í þeim tilgangi að þroskast í umburðarlyndi, kærleika og fyrirgefningu. Tónlist kl 20.00 og 22.00. ***Aðventkirkjan, Ingólfsstræti 19***

### Eins konar rauður

**Kl. 20.30–23.00** Sigríður Anna Garðarsdóttir opnar abstrakt málverkasýningu sína Eins konar Rauður, verkin eru unnin úr olíu. ***Kaffi Sólon, Bankastræti 7a***

### Stefnumót í Fríkirkjunni

**Kl. 22.00–22.45** Gunnar Gunnarsson organisti og Ellen Kristjáns söngkona flytja lög um ástina á milli þess sem Hjörtur Magni fríkirkjuprestur les texta um ást og kærleika. ***Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi 5***

## HÁTÍÐAÁR REYKJAVÍKUR 2012-2013
## HARPAN, AUSTURBAKKA 2

**Kl. 14.00–18.00** ***Reykjavík Dans Festival*** – opið Danceoke. Flóinn

**Kl. 14.00–21.00** ***Bókmenntahátíð í Reykjavík*** – Ljósmyndasýning um rithöfunda. Við 12 tóna

**Kl. 14.00 og 16.00** ***Lókal Alþjóðleg leiklistarhátíð*** – brot frá hátíðinni 2012. Flóinn

**Kl. 14.00–22.00** ***Hönnunar Mars*** – sýning á heimi hönnunar. Við Epal

**Kl. 14.00–22.00** ***Food and Fun*** – Myndir og vídeó frá hátíðinni 2012. Flóinn

**Kl. 14.30–15.20** ***RIFF*** – forsmekkurinn að dagskránni í haust og stuttmyndir! Kaldalón

**Kl. 15.00–15.45** ***Blúshátíð Reykjavíkur*** – Blue Ice band slær upptak að næstu hátíð. Norðurljós

**Kl. 16.00–16.30** ***Lestrarhátíð í Reykjavík*** – Dagskrá með tónlist, uppistandi og spjalli. Norðurbryggja

**Kl. 16.00–16.45** ***Myrkir músíkdagar*** – Kynning á íslenskri samtímatónlist og tónleikar. Kaldalón

**Kl. 17.30–19.30** ***Airwaves*** – Caterpillarmen, Kiriyama Family, Úlfur Úlfur og The Vintage Caravan spila. Norðurljós

**Kl. 20.00–22.00** ***Jazzhátíð í Reykjavík*** – Setning hátíðar, lifandi tónlist og áhugaverð ávörp. Norðurljós



## FRÍTT Í STRÆTÓ

**Sveitarfélögin á** höfuðborgarsvæðinu munu eins og áður bjóða frítt í strætó og eru gestir hátíðarinnar hvattir til að skilja bílinn eftir heima eða við stærri bílastæði utan miðbæjarins og nýta sér ókeypis ferðir með Strætó. Skynsamlegt er að leggja bílnum þar sem er að finna stór og rúmgóð stæði svo sem við skóla, stóra vinnustaði eða íþróttamannvirki, með biðskýli í nálægð. Þar sem miðbærinn er meira og minna lokaður munu allar leiðir sem aka venjulega um miðbæinn stoppa á BSÍ. Eftir klukkan 22.00 verður hefðbundið leiðakerfi Strætó auk þess gert óvirkt og sérstakt leiðakerfi Menningarnætur sett í gang. Nánari upplýsingar má finna á www.straeto.is.

## BÍLASTÆÐI OG LOKANIR

**Á menningarnótt** er miðborgin ein allsherjar göngugata og því meira og minna lokuð fyrir bílaumferð. Í jaðri hátíðarsvæðisins verða fjölmörg bílastæði stúkuð af og mörg bílastæðahús opin til klukkan 01.00. Sektað verður fyrir stöðubrot eins og lög gera almennt ráð fyrir. Nánari upplýsingar um lokanir og bílastæði má finna undir „upplýsingar" á vefsíðu Menningarnætur www.menningarnott.is.



## PERSÓNULEG DAGSKRÁ

**Á vefsíðunni** menningarnott.is er boðið upp á dagskrárkerfi sem gerir fólki kleift að finna og merkja við áhugaverða atburði á mjög einfaldan og skilvirkan hátt. Þegar dagskráin er skoðuð er hægt að velja atburði með því að „bæta við" og sjá svo persónulega dagskrá með því að smella á „mínir viðburðir". Vefsíðan er mjög aðgengileg og auðvelt að hafa uppi á þeim dagskrárliðum sem henta. Hægt er að nota leitarvélina en einnig má velja viðburði eftir flokkum, tímasetningum og hverfahlutum. Dagskrá Menningarnætur er auk þess hægt að fá beint í símann í gegnum vefsíðu hátíðarinnar.

# JAZZHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

**Jazzhátíð Reykjavíkur** verður sett á Menningarnótt og stendur hátíðin til 1. september næstkomandi. Þetta er 23. djasshátíðin og verður hún bæði vegleg og fjölbreytt en rúmlega fjörutíu viðburðir eru á dagskránni.

„Dagskráin er ótrúlega fjölbreytt og við verðum með allt frá hefðbundnum djassi út í tilraunakennda tónlist," segir Pétur Grétarsson, framkvæmdastjóri og listrænn stjórnandi Jazzhátíðar.

Á hátíðinni í ár munu fjölmargir þekktir djasstónlistarmenn koma fram svo sem Deborah Davis frá New York sem heldur tónleika í Hörpu næstkomandi mánudag, norski píanistinn Tord Gustavsen og Bill Frisell sem lokar hátíðinni. „Frisell er einn merkilegasti gítarleikari djasssögunnar. Hann getur verið framúrstefnulegur og uppátækjasamur en í þetta skiptið spilar hann tónlist eftir John Lennon sem verður eflaust mjög spennandi og öðruvísi."

Af öðrum má meðal annars telja Tómas R. Einarsson, Sigurð Flosason og Björn Thoroddsen. Gítarleikararnir Paul Brown frá Los Angeles og Friðrik Karlsson úr Mezzoforte. Nánari upplýsingar má finna á reykjavikjazz.is.



Bill Frisell kvartettinn leikur lög eftir John Lennon á Jazzhátíð Reykjavíkur. MYND/JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR



# Ljótikór er fallegur

**Ljótikór flytur ljóðatónleika byggða á textum Þórarins Eldjárns við tónlist eftir Hauk Tómasson. Mikið lagt upp úr lifandi flutningi og leikrænum tilburðum.**



Ljótikór leggur mikið upp úr lifandi flutningi með leikrænum tilburðum.

Ljótikór endurflytur ljóðatónleika sína frá síðastliðnu vori sem byggjast á ljóðum Þórarins Eldjárns úr bókinni „Grannmeti og átvextir”. Tónlistin er eftir tónskáldið Hauk Tómasson sem útsetti þau sérstaklega fyrir kórinn. Kristín Valsdóttir, deildarforseti Listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, er einn meðlima kórsins. „Þessi lög eru alveg frábær og textar Þórarins eyrnakonfekt.“

Ljótikór rekur upphaf sitt til 2009 og er ekki hugsaður sem hefðbundinn kór. „Nanna Hlíf Ingvadóttir er upphafskona að kórnum. Hún var í námi í Salzburg og skrifaði lokaritgerð um kórinn Amanda í Svíþjóð. Sá kór byggir á þeirri hugsun að vinna á lýðræðislegri hátt en venjan er í kórum. Þess vegna erum við ekki með eiginlegan stjórnanda heldur geta allir komið með hugmyndir.“

Ljótikór hefur komið fram á ólíklegustu stöðum án fyrirvara. „Við sungum einu sinni á Hlemmi sem var mjög skemmtilegt. Einnig á BSÍ og í anddyri Hörpunnar.“

Kórinn leggur áherslu á lifandi flutning með leikrænum tilburðum. „Kórar þurfa ekki alltaf að standa í hnapp. Þegar við fáum verk í hendur reynum við að hugsa út fyrir kassann og skemmta okkur í leiðinni.“

Hljóðfæraleikur er í höndum meðlima kórsins. „Innan hópsins er starfandi ukulele-hópur sem hittist hálftíma fyrir kóræfingar til að æfa sig. Þannig hefur ukulele ratað inn í okkar verk.“

Spurð hvaðan nafnið komi segir Kristín að Eva María Jónsdóttir hafi eitt sinn komið of seint á æfingu þar sem allt var slökkt og kórinn að gera raddæfingar. „Hún spurði hví við værum að pukrast þetta í myrkrinu. Svarið var: Við erum svo ljót. Þannig varð nafnið til þótt við séum hið fallegasta fólk.“ Tónleikarnir verða í Tjarnarbíói frá 15.30 til 16.00 á laugardag og henta öllum.






## RAFTÓNLIST Á MENNINGARNÓTT

**ÍBÚAR MIÐBÆJAR REYKJAVÍKUR** eru hvattir til að bjóða gestum í heimsókn á menningarnótt. **Steindór Grétar Jónsson og Kristjana Björg Reynisdóttir** tóku áskoruninni og bjóða gestum menningarnætur upp á raftónleika á heimili sínu í bakhúsi við Laugaveg 32. Húsið opnar kl. 12 á hádegi og verður opið gestum fram á kvöld. Gestgjafarnir hafa sett upp hljóðkerfi í íbúðinni af þessu tilefni og verður raftónlist spiluð allan daginn. Fjölskyldufólki er sérstaklega bent á að kíkja í heimsókn fyrri hluta dags en Steindór Grétar og Kristjana Björg ætla einmitt að nota daginn til að kynna fjölskyldum sínum raftónlist. Boðið verður upp á innlenda tónlist í bland við erlenda. Meðal þeirra sem troða upp eru President Bongo úr GusGus, DJ Margeir, Logi Pedro úr Retro Stefson og Steindór sjálfur.



MYND/NORRÆNA FÉLAGIÐ

## NORRÆN HÁTÍÐARDAGSKRÁ

**NORRÆNA FÉLAGIÐ** á Íslandi heldur upp á 90 ára afmæli sitt í ár og er þátttaka félagsins í menningarnótt hluti af afmælisdagskránni. Félagsmenn standa að venju fyrir hátíðarhöldum á Óðinstorgi og verður fjölbreytt dagskrá þar á milli klukkan tvö og sjö. Fram kemur fjöldi flytjenda, til dæmis koma hljómsveitirnar Mirra, Robert the Roommate og **Moses Hightower** fram. Dagskrána má sjá á vefsíðum menningarnætur, menningarnott.is, og Norræna félagsins, norden.is.

Þá verður opnuð sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Sýningin á að gefa hugmynd um hið yfirgripsmikla samstarf sem er á milli Norðurlandanna í máli og myndum. Á morgun verður fórnarlamba hryðjuverkanna í Ósló og Útey 22. júlí 2011 minnst við lund í Vatnsmýrinni þar sem plantað verður átta íslenskum reynitrjám og 77 birkitrjám. Reynitrén tákna Norðurlöndin fimm og sjálfstjórnarsvæðin þrjú, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Birkitrén eru eitt fyrir hvern sem lést í hryðjuverkunum.

Fleiri uppákomur verða í tilefni afmælisins en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Norræna félagsins, norden.is.

## LOKUÐ INNI Í ÞRJÁ DAGA



**ÁSTARMAFÍAN KYNNIR** hinn fullkomna glæp er starfsheiti á hópi ungs listafólks sem stendur fyrir þriggja daga listviðburði á Laugavegi 100. Viðburðurinn hefst í dag klukkan 10.00 og endar með klukkutíma sýningu á laugardag kl. 13.00. Hópur listamanna með ólíkan bakgrunn í leiklist, dans, tónlist, myndlist og búningahönnun kannar mörk listformanna eins og flestir þekkja þau. Leikarinn **Stefán Hallur Stefánsson** er einn þeirra sem taka þátt í verkefninu. „Þátttakendur verða lokaðir inni í rýminu í þrjá daga þar sem þeir vinna með þemað „Hinn fullkomni glæpur“.

Síðan er bara að sjá hvað gerist þegar einstaklingar með mikla tjáningarþörf og skapandi hugsun eru lokaðir inni í rými með þessa hugsun. Unnið verður eftir fyrir fram ákveðnum reglum og geta gangandi vegfarendur fylgst með hverju skrefi í gegnum glugga á Laugaveginum auk þess sem hægt verður að fylgjast með hópnum allan sólarhringinn á netinu. Þetta er einnig ákveðin félagsstúdía, líkt og sjónvarpsþættirnir Survivor og Big Brother, þar sem alltaf er verið að fylgjast með fólki.“

# MENNINGAR NÓTT 18.08 · 2012

**Upplýsingar**
Aðalstræti kl. 13:00-22:00
Höfðatorgi kl. 13:00-17:00
Þjónustusími Rvk.borgar
opinn 13:00-23:00
Sími: 411 1111

Bílastæðahús
Opin til kl.01:00

Bílastæði Hreyfihamlaðra

Möguleg bílastæði

Strætó

Möguleg akstursleið íbúa út af hátíðarsvæði

Göngustígur um hafnarsvæðið

Hátíðarsvæði
Akstur vélknúinna ökutækja bannaður

Strætó ekur að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut, gegnt BSÍ, þar sem allar leiðir sem venjulega aka um miðbæinn munu stöðva. Hefðbundið leiðakerfi Strætó verður gert óvirkt kl. 22:00 og sérstakt kerfi Menningarnætur tekur við.




Nánari upplýsingar á
**menningarnott.is**

Einnig er hægt að nálgast sérstaka snjallsímasíðu ef þú ferð inn á menningarnott.is/m í snjallsímanum þínum!

vodafone


Menningarnótt í beinni með Vodafone
Deildu upplifun þinni með #Menningarnótt á Instagram og þú gætir unnið Samsung Galaxy SIII. Allar myndirnar, flugeldasýningin og tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Menningarnæturrásinni nr. 196 í Vodafone Sjónvarpi.
Þín ánægja er okkar markmið
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**Háþrýstiþvottur og Sandblástur**
á nánast hverju sem er
Öflug tæki – GOTT VERÐ
s: 860 2130

## Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
**Stubbahús**



www.verslun.is
Pöntunarsími: 5351300



**Gróðurhús rýmingarsala**
6 fm með hertu gleri 190þ. 9 fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552 3300.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Verslun

**ÚTSALA 15-30% afsláttur**
BROOKS
2XU COMPRESSION
NIKE
CUBE
ZOOT SPORTS
CRAFT
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

**EGGIN FRÁ HOLLANDI KOMIN!**



elskendur.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykrja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Fyrir veiðimenn

**Ála og bleikjugildrur**
Fyrirdráttarnet fyrir veiðirétthafa, netin komin í Veiðivötn. Heimavík, Smiðjuvegur 28, 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Skrifstofuherbergi**
Á besta stað á höfuðborgasvæðinu, aðgangur að interneti fylgir, góð bílastæði, upplýsingar gefur Axel í síma 825-0000.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Atvinna í boði

Starfsmaður óskast í sérvöruverslun á Laugaveginum. Hlutastarf. Vinnutími eftir samkomulagi. Reynsla af verslunarstörfum æskileg. Áhugasamir geta sent upplýsingar á kat3101@gmail.com

**KvikkFix leitar að starfsfólki.**
**KvikkFix leitar að vönum bifvélavirkja, vönum smurmanni og starfsmanni á verkstæði. Einnig vantar mann í lagerstarf, útkeyrslu og þrif.**
**Fyrirspurnir sendist á orri@nrg.is**
**www.kvikkfix.is**

Bakarameistarinn

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf. Störf í boði eru: vinnutími 10-17 Glæsibæ, 10-19 Austurveri auk helgarvinnu, 10-19 Suðurveri, 11-19 Húsgangahöll. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

LEIKSKÓLINN SJÁLAND

**Hefur þú áhuga á hollum mat og að reka þitt eigið eldhús?**
**Í Leikskólanum Sjálandi er matreiddur hollur og ferskur matur og leitum við að einstakling sem hefur áhuga á að sinna því. Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt og vera skipulagður. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.Umsóknarfrestur er til 20 ágúst nk.**
**Nánari upplýsingar veitir Sara Hrund Finnbogadóttir starfsmannastjóri í síma 578-1220 eða á netfangið; sarahrund@sjaland.is**

**KVÖLDVINNA!**
Óska eftir þjónustustúlku reyklaus, reynsla af þjónustustörfum er æskileg sendið ferilsskrá með mynd td@yummy.is

**Fjarðarbakarí**
**Óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í verslunum okkar Dalshraun 13, HF, Borgarholtsbraut 19, Kóp. og Kosti Dalvegi. Starfsmaður þarf að vera stundvís og snyrtilegur. Íslensku kunnátta nauðsynleg.**
**Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is eða í síma 898 0445 Sjöfn**

Óskum eftir starfsmanni í fullt og hlutastarf í eldhús, sal og uppvask. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

**Við leitum að söluráðgjafa**
Ung og framsækin tryggingamiðlun á besta stað í Kópavogi óskar eftir frambærilegum söluráðgjafa í ráðgjöf og sölu. Kostir þínir þurfa að vara gott skipulag, sjálfstæði, áræðni og heiðarleiki. Fyrirspurnir og umsóknir sendist til axel@vtm.is

Tryggingarmiðlun Íslands óskar eftir úthringjurum. Starfið felst í því að hringja út á vegum TMÍ og bjóða fólki fría ráðgjöf varðandi tryggingarmál sín. Áhugasamir geta sent póst á erna@tmi.is

## Atvinna óskast

33 ára kk vantar vinnu, duglegur og stundvís, er vanur ýmis erfiðisstörfum, allt kemur til greina. Meðmæli ef óskað er simi 8671500.

## Einkamál

44 ára reynslumikil íslensk kona leitar kynna við karlmann. Gefur upp símanúmer sitt. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8884.

38 ára einmana kona vill heyra í góðum manni. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 87024.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn. Engin bið nema þegar talað er.

## Útboð

# ÚTBOÐ Á RÆSTINGU

**Útboð númer ÖES-1205.**

Tæknisvið ÖES óskar eftir tilboðum í ræstingar á húsnæði Ölgerðarinnar að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, þar sem hægt verður að sækja útboðsgögn frá og með kl. 11 þann 17. ágúst 2012.

Um er að ræða uþb. 4.300 fermetra gólfflöt á 5 hæðum. Gerð er krafa um reynslu af samsvarandi þjónustusamningum, góða fjárhagsstöðu bjóðenda og að þeir séu í skilum með öll opinber gjöld og skyldur.

Nánari upplýsingar eru í útboðsgögnum og hjá Gylfa Óskarssyni umsjónarmanni fasteigna í síma **412 8000.**

Grjóthálsi 7-11
110 Reykjavík

Sími 412 80 00
Fax 412 80 09

olgerdin@olgerdin.is
www.olgerdin.is

Ölgerðin EGILL SKALLAGRÍMSSON



## tilkynningar

**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SÚÐAVÍKURHREPPS 1999-2018**

**Frístundasvæði í Heydal, Hesti og Hlíð**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti þann 21. júní 2012 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps. Tillagan var auglýst frá 12. janúar 2012 til 31. maí 2012. Áhugasemdir bárust ekki og hefur tillagan verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Súðavíkurhrepps.

**Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps**

## Atvinna

# Störf í boði

## Lagerstarfsmaður óskast

Framsækin, rótgróin heildverslun með heimsþekkt merki í dagvöru, snyrtivöru ofl óskar eftir metnaðarfullum starfsmanni í fullt starf á lager.

**Menntun:**
- Góð almenn grunnmenntun
- Almenn tölvukunnátta
- Grunnkunnátta í ensku

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi, nákvæmni og vandvirkni
- Mjög gott auga fyrir skipulagi
- Þjónustulund, sveigjanleiki
- Jákvæðni, snyrtimennska
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hjálpsemi og vilji til að leysa fyrirliggjandi verkefni

Umsóknir sendast á **box@frett.is** fyrir mánudaginn **20. ágúst** merkt **„Lager-heildsala“**

TIL SÖLU

# ÍSBÚÐ / SÖLUTURN

MIKLIR MÖGULEIKAR

Vaxandi íssala sem auðvelt er að auka verulega,
Spilakassar / lottó og vinsæl DVD leiga.
Snyrtilegt og nýlega endurnýjað húsnæði. Vel staðsett við 2 skóla og þétta blandaða byggð.
Miklir framtíðarmöguleikar, vaxandi velta

**Ýmis skipti koma til greina. Ásett verð 8 millj.**
Nánari uppl. veitir Kristberg Snjólfsson í síma 892-1931

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS



STÓRBORG fasteignasala

*Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali*

## *Heiðarhjalli 45*

*- glæsileg efri sérhæð - opið hús í dag*




*Til sölu þessi glæsilega efri sérhæð í þessu tvíbýlishúsi í suðurhlíðum Kópavogs. Íbúðin er 155 fm og bílskúr 26 fm eða samtals 180 fm.*

*Glæsilegar og sérsmíðaðar innréttingar og vönduð tæki. Frábært útsýni til suðurs. Íbúðin er laus. Ekkert áhvílandi.*

***Ásett verð 47.9 millj/Tilboð.***
***Stefán Hrafn lögg.fasts sýnir s: 895-2049.***

***Opið hús í dag kl.17.-17.30***


*Stefán Hrafn Hdl. lögg. fasteignasali*

*Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • Sími 534 8300 • stefan@storborg.is*


## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

### Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

**Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar eftirfarandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi:**

1. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt í Bláskógabyggð. Stækkun á athafnasvæði fyrir dælustöð.
2. Breyting á Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015 á svæði í landi Stóra- og Litla-Ármóts í Flóahreppi. Íbúðarsvæði í stað landbúnaðar- og frístundasvæðis.

Þegar vinna hefst við gerð deiliskipulags skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

**Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis fyrir eftirfarandi verkefni:**

3. Deiliskipulag fyrir Langholt 2 (lnr 166249) og Langholt 3 (lnr. 166248) í Flóahreppi.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi:**

4. Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli (lnr. 212210) úr landi Kjóastaða í Bláskógabyggð.
5. Deiliskipulag fyrir fjallaselið Þverbrekknamúli í Bláskógabyggð.
6. Deiliskipulag fyrir fjallasel í Þjófadölum í Bláskógabyggð.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

7. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykholti í Bláskógabyggð. Stækkun á lóð Bláskógaveitu.
8. Tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða úr landi Grafar í Bláskógabyggð (lnr. 167806).
9. Tillaga að deiliskipulagi íbúðarhúsalóða í landi Stóra- og Litla-Ármóts í Flóahreppi.
10. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar og golfvallar í landi Haukadals III í Bláskógabyggð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Skipulagstillögur nr. 1 og 2 og tillögur 7 til 10 eru í kynningu frá 16. ágúst til 28. september 2012 en kynningartími fyrir skipulagstillögur nr. 3 til 6 er frá 16. til 22. ágúst 2012. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 og 2 og tillögur 7 til 10 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 28. september en athugasemdir við tillögur nr. 3 til 6 þurfa að berast í síðasta lagi 22. ágúst 2012. Athugasemdir skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**


**heimili FASTEIGNASALA**


**Bogi Pétursson**
lögg.fasteignasali


**Finnbogi Hilmarsson**
lögg. fasteignasali


**Gústaf Adolf Björnsson**
lögg. fasteignasali


**Erla Dröfn Magnúsdóttir**
lögfræðingur


**Ruth Einarsdóttir**
sölufulltrúi


**Ásdís Írena Sigurðardóttir**
skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

**Ásbraut 7 - 3 hæð, mið.** | **Verð: 12,5 m.**



Mjög góð 41,3 fm stúdíóíbúð á 3ju hæð (efstu hæð) í nýmáluðu fjölbýlishúsi á besta stað í Kópavogi. Parket og dúkur á gólfum. Sölumaður Ruth sími 6592512

**Kringlan - Sjóvahúsið**



Til leigu tvær skrifstofuhæðir á 4. og 5. hæð ca. 1100 fm. Í leigunni fylgir aðgangur að mötuneyti og fundarherb. á 6. hæð og líkamsrækt á jarðhæð ásamt bílastæðahúsi og bílastæðum utanhúss. Horft er til langtímasamnings allt að 10 ára eða lengur.

**Hraunteigur - sérhæð** | **Verð: 39,9 m**



Töluvert endurnýjuð sérhæð á þessum frábæra stað. Þrjú herb, tvær stofur og sérstandandi bílskúr, alls 155 fm. Endurnýjuð gólfefni, eldhús, bað o.fl.

**Lómasalir - 4ra herb.**



Vönduð 120 fm endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli. Gott skipulag og vandaðar innréttingar og gólfefni. Sérinngangur, góðar svalir og einstakt útsýni.

**Hamravík - Stór 2ja herb.**



Stór vönduð 2ja herbergja ,97 fm, íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar.

**Rauðagerði - Tvær íbúðir**



Gott 230 fm einbýli með 2ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Nýlegt eldhús og baðherbergi. Stórar suðursvalir og fallegur garður.

**Skeiðarvogur - 2ja herb** | **Verð: 14,5 m.**



Góð 55,5 fm 2ja hebergja íbúð í kjallara með sérinngangi í raðhúsalengju á besta stað. Sérinngangur. Sameiginleg þvottahús á sömu hæð. Parket og flísar á gólfum.

**Háteigsvegur - Sérhæð** | **Verð: 33,9 m**



111,3 fm sérhæð á tveimur hæðum í nýuppgerðu húsi á besta stað í borginni. Sérinngangur. Parket og flísar á gólfum. Þrjú svefnherbergi. Tvennar svalir.

**Faxatún - Garðabæ** | **Verð: 44,9 m .**



Mikið endurnýjað 164,4 fm einbýlishús á einni hæð. Fjögur svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Glæsilegur garður í góðri rækt. Bílskúr. Ekkert áhvílandi.

**Maríubaugur – Sérhæð** | **Verð: 30,9 m**



Góð 5 herb, 140 fm sérhæð í nýlegu húsi. Þrjú svefnherbergi og tvær stofur. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Mikið útsýni af svölum. Gott skipulag, vandaðar innréttingar. Laus til afhendingar.

**Oddsholt – Sumarhús**



Húsið er 54,1 fm að gólffleti og er á tveimur hæðum að hluta. Uppi er ca. 25 fm svefnloft. Tvö svefnherbergi með naglföstum rúmstæðum , baðherbergi, anddyri og alrými ( og dagstofa með eldhúsi (eldavél og uppþvottavél). Parket á gólfum. ca 25-30 fm sólpallur

**Við leitum að ...**



• 3ja- 4ra herbergja í hverfi 111. • 4ra herb íbúð í Háaleitishverfi • 4ra - 5 herb í Þingholtum • Sérhæð í hverfi 105
**Upplýsingar veita Ruth og Gústaf**

**530 6500** — **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** — **530 6500**


30%
TRISTAR BLANDARI 500W
Verð áður ........................ 9.999
Tilboðsverð .................... 6.999
Þú sparar ........................ 3.000
40%
OCCUPATION MUGS
Verð áður ........................ 1.749
Tilboðsverð ........................ 999
25%
BRAUÐRIST burstað stál
Verð áður ........................ 3.999
Tilboðsverð .................... 2.999
Þú sparar ........................ 1.000
25%
afsláttur af öllum
ferðabollum
35%
POTTUR 10 L allar hellur
Verð áður ........................ 8.999
Tilboðsverð .................... 5.849
Þú sparar ........................ 3.150
NÝTT KORTATÍMABIL
TILBOÐSBOMBA
FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR Á
VÖLDUM VÖRUM
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
40%
GUFUSTRAUJÁRN
Verð áður ........................ 4.990
Tilboðsverð .................... 2.990
Þú sparar ........................ 2.000
30%
BABYLISS 2000w hárblásari
Verð áður ........................ 7.999
Tilboðsverð .................... 5.599
Þú sparar ........................ 2.400
25%
20%
20%
25%
SOEHNLE BAÐVOG
Silver Sense
Verð áður ........................ 8.999
Tilboðsverð .................... 6.750
Þú sparar ........................ 2.249
W-TECH herra hárklippur
Verð áður ........................ 7.499
Tilboðsverð .................... 5.625
Þú sparar ........................ 1.874
KAI
Kai Pure Komatchi línan
glæsilegir hnífar sem hafa slegið í gegn
OREGON PROJECTION
VEKJARAKLUKKA
Verð áður ........................ 7.995
Tilboðsverð .................... 6.397
Þú sparar ........................ 1.598
50%
KRÚS M. SILIKONGRIPI
Verð áður ........................ 799
Tilboðsverð ........................ 399
30%
RAFMAGNSPANNA 30CM
Verð áður ........................ 4.999
Tilboðsverð .................... 3.499
Þú sparar ........................ 1.500
30%
ALLAR NON-STICK MUFFINS
BÖKUNARPLÖTUR
iROBOT
Þú sparar
15.000
ROOMBA 581
RYKSUGUVÉLMENNI
Verð áður ........................ 99.900
Tilboðsverð .................... 84.900
Þú sparar ........................ 15.000
30%
afsláttur af öllum
seríum
Siaki postulín
ÖLL LÍNAN
50%
25%
BABYLISS KRULLUJÁRN
180/25MM
Verð áður ........................ 8.999
Tilboðsverð .................... 6.750
Þú sparar ........................ 2.249
25%
Ingi
Erla
NAFNAKÖNNUR
Verð áður ........................ 1.499
Tilboðsverð ........................ 999

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** steintegund, **6.** hvort, **8.** slunginn, **9.** umrót, **11.** voði, **12.** snjáldur, **14.** korr, **16.** í röð, **17.** gerast, **18.** fóstra, **20.** tveir, **21.** laun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gá, **3.** frá, **4.** fugl, **5.** knæpa, **7.** skuggi, **10.** sjón, **13.** bjargbrún, **15.** jarðefni, **16.** ris, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kalk, **6.** ef, **8.** fær, **9.** los, **11.** vá, **12.** trýni, **14.** snörl, **16.** þæ, **17.** ske, **18.** ala, **20.** ii, **21.** kaup.
**LÓÐRÉTT: 1.** gelt, **3.** af, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** forsæla, **10.** sýn, **13.** nös, **15.** leir, **16.** þak, **19.** au.




# Bábiljur í boðhætti

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Gerðu magaæfingar: Tékk. Drekktu spínatsafa: Tékk. Hættu að tuða: Tékk. Settu reiðina til hliðar: Tékk. Ekki gefast upp á ástinni: Tékk. Notaðu kinnalit: Tékk.

**HUGTAKIÐ** ráð hefur gengisfallið meira á undanförnum árum en íslenska krónan. Fjölmiðlar keppast við að leggja okkur lífsreglurnar og fóðra okkur á uppskriftum að langri og farsælli ævi: „Tíu ráð til að höndla hamingjuna“ – „Níu fegurðarráð“ – „Keyrðu upp orkuna“ – „Vertu heilbrigð og falleg án aukaefna“ – „Hreinsaðu líkamann með safa“.

**FRÁ ÖRÓFI** alda hefur maðurinn leitað leiða til að stýra örlögum sínum. Rómverjar til forna fórnuðu rauðum hvolpum á altari guðsins Robigus til að tryggja góða uppskeru og böðuðu börn upp úr hlandi svo þau yrðu stór og sterk. Tilraunir forfeðranna til að beisla tilveruna falla nú undir mýtur, bábiljur, sem nútíminn brosir góðlátlega að. Það orkar þó tvímælis hvort slík yfirlætis-glott eigi rétt á sér. Megnið af þeim ráðum sem fjölmiðlar prédika í höstuglegum boðhætti eru flest álíka mikið húmbúkk og mannfórnir Asteka. Maður er ekki fyrr búinn að borða líkamsþyngd sína í ávöxtum en ávextir eru skyndilega ekki lengur málið. Maður belgir sig út af kolvetni en les svo næsta dag að lykillinn að eilífu lífi sé prótín. Mæðrum er brýnd gagnsemi vítamínbættrar stoðmjólkur börnunum til handa þangað til næsta dag þegar brjóstagjöf er orðin ólympísk keppnisíþrótt þar sem sú móðir vinnur sem er enn með son sinn á brjósti þegar hann mætir í fyrsta starfsviðtalið eftir að hafa varið doktorsritgerð sína í lögfræði.

**VIÐ HÖLDUM** hina ýmsu daga hátíðlega: bolludaginn, þjóðhátíðardaginn, dag íslenskrar tungu. Við þessa flóru er ástæða til að bæta „ráðlausa-deginum“. Hvíld frá ráðleggingum gervi-sérfræðinga og kuklara einn dag á ári er ekki til of mikils mælst; einn dagur á ári þar sem mýtur samtímans þagna og við fáum frí frá fyrirsögnum á borð við „Losnaðu við bumbuna og baugana“; „Nærðu meðvitundina“; „Tíu ráð til að höndla hamingjuna frá Jóni sem var einu sinni endurskoðandi en fór svo í ristilskolun, sá ljósið og ráðleggur nú fólki að borða bara ber og hráka spörfugla þótt hann hafi ekki náð að klára kúrsinn í næringarfræði við bréfaskóla Palla sem var einu sinni ræstitæknir en fór svo í árulesningu og sá ljósið…“ Fyrir vikið hefðum við, á þessum eina degi, meiri tíma til að lesa fréttir af því sem skiptir máli; fréttir af krúttlegum gæludýrum og óálitlegum líkamspörtum fræga fólksins á borð við „Kim Kardashian með appelsínuhúð bitin af dansandi hundi um leið og hún verður fyrir loftsteini: Myndband.“

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



TILBOÐ MEÐ TÖLVU

Windows 8

**2.499***
LENDIR Í OKTÓBER




3LEYFI
MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR

McAfee An Intel Company

## VÍRUSVÖRN
McAfee Internet Security 2012 er alhliða heildarlausn á öllu öryggi í tölvunni þinni

**4.990**
FULLKOMIÐ ÖRYGGI



MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## HP 630 FARTÖLVA
Frábær í skólann með 15,6" HD LED skjá, 2GB minni, 320GB disk og Windows 7 á ótrúlegu tilboði

**59.900**
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!

**OPIÐ ALLA HELGINA**
Fim, Föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL




1898 KR. KG

**FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS**




**FERSKIR *NAUTAVEISLU* 4 STK. NAUTGRIPAHAM-BORGARAR MEÐ BRAUÐI**

**695 KR. PK**




1898 KR. KG

**FERSKT NAUTGRIPA SNITSEL**




259 KR. 620 GR

**FERSKT KJÖTFARS 620 GR**




1295 KR. KG

**FERSKT NAUTGRIPAHAKK**

EURO SHOPPER

**KJÚKLINGABRINGUR**

FROSNAR 900 GR




**1498 KR.PK**

*ÓDÝRUSTU* KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS




**BÓNUS ÍS 2 LTR**

**359 KR**

*VANILLU - SÚKKULAÐI- JARÐARBERJA*

froosh fruit bottled




289 KR. 250 ML

**FROOSH 250 ML HREINN ÁVAXTAORKUDRYKKUR**




**RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK 1 LTR. FERNA**

**298 KR**




**FROSIN JARÐARBER 1.2 KG**

**459 KR**




**FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG**

**498 KR**



HIMNESKT

**CHIAFRÆ 200 GR**

**598 KR**




**98** KR. 500 ML

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu vellutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍM
259 KR. STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR
198 KR. 4 STK
BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK
195 KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.
BÓNUS HANGIÁLEGG
8 SN. Í PAKKA CA. 120 GR / CA. 359 KR. PAKKINN
2998 KR.KG
FLATKÖKUR BÓNUS 5 stk.
98 KR. 5 STK.
Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
BÓNUS NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR
1198 KR.KG
BÓNUS VÖFFLUR
298 KR. 475 G
BÓNUS VÖFFLUMIX
475 GR
RABARBARA sulta BÓNUS
398 KR. 500 GR
RABARBARA SULTA
30 TONN Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR.KG
779 KR. KG
NÝ UPPSKERA FRÁ USA
RAUÐ OG GRÆN VÍNBER
EURO SHOPPER
EURO SHOPPER
ÞEYTIRJÓMI
NÝ UPPSKERA
AMERÍSK KIRSUBER
400 GR ASKJA
598 KR. 400GR
NÝ UPPSKERA
AMERÍSK BLÁBER
290 GR ASKJA
595 KR. 290 GR
198 KR. 250 ML
BÓNUS KAFFI
398 KR. 500 GR
BÓNUS KAFFI 500 GR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is



**VEGGUR INGVARS HÖGNA** Sýning Ingvars Högna Ragnarssonar, Veggurinn, verður opnuð á Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Sýningin er afrakstur skrásetningar á vegg einum sem umlykur byggingarsvæði í miðbæ Reykjavíkur á eins árs tímabili. Á byggingarsvæðinu stóð til að byggðar yrðu ódýrar íbúðir fyrir ungt fólk í Reykjavík en það hefur staðið óhreyft frá efnahagshruninu.



J.K. ROWLING

## Samkeppni um titil á bók J. K. Rowling

Bókaforlagið Bjartur fer óvenjulega leið við að snara titli nýjustu skáldsögu J. K. Rowling yfir á íslensku. Bókin nefnist The Casual Vacancy á ensku og kemur út í Bretlandi 27. september. Sama dag fá erlendir útgefendur bókina og þarf að hafa hraðar hendur til að að koma bókinni út á íslensku tveimur mánuðum síðar. Bjartur óskar eftir tillögum að íslenskum titli á bókina frá almenningi og verða verðlaun veitt í þremur flokkum: besta tillagan, næstbesta tillagan og fyndnasta tillagan.

Bókin gerist í smábænum Pagford sem virðist mikill fyrirmyndarbær en undir fögru yfirborðinu er ekki allt sem sýnist. Þegar Barry Fairbrother fellur frá losnar óvænt sæti í sóknarnefndinni sem verður upphafið að mestu átökum sem orðið hafa í bænum.

Nánari upplýsingar um keppnina má finna á bjartur.is.

# RÓMANTÍK, DRAMATÍK OG ERÓTÍK

**Tenórsöngvarinn Gissur Páll Gissurarson og píanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson blása til stofutónleika að kvöldi föstudags. Þar munu þeir flytja falleg lög í betri stofunni að Smáragötu 7 í Reykjavík.**



**RÓMANTÍSKIR** Þeir Árni Heiðar Karlsson og Gissur Páll Gissurarson lofa ljúfri stemningu á stofutónleikum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Annað kvöld fara fram stofutónleikar að Smáragötu 7 í Reykjavík. Þar munu þeir Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari og Árni Heiðar Karlsson píanóleikari flytja perlur fyrir gesti. Aðdragandann að tónleikunum má rekja til þess þegar þeir Gissur og Árni Heiðar voru staddir saman á karlakvöldi fyrir nokkru. Þeir félagarnir taka sér glaðir frí frá æfingum til að rifja upp þá sögu. „Þetta var ekki svona karlakvöld þar sem dansaður var listdans á súlum í kringum okkur, heldur alveg þveröfug stemning á við það. Menn smökkuðu á ótrúlega vel heppnaðri útgáfu af úrvalsbjór, einhverjir lásu upp úr bókum sínum og aðrir fluttu erindi. Þá datt einhverjum í hug að fá okkur Árna til að spila og syngja. Við höfum verið að vinna saman í ein fjögur ár, svo við áttum nóg af lögum til að hrista fram úr erminni. Úr varð 10 til 15 laga konsert,“ rifjar Gissur upp og Árni tekur við: „Þarna myndaðist þessi nánd sem verður bara á stofutónleikum. Það myndast allt önnur stemning á svona tónleikum en á venjulegum konsert þar sem tónlistarmennirnir eru uppi á sviði að spila fyrir 200 manns.“

Um val á tónleikastað segir Árni: „Þetta er eitt af fallegustu húsum bæjarins, byggt af Gunnari Guðjónssyni skipamiðlara og eitt af lykilhúsum Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts. Eigendur þessa húss eru miklir listunnendur og eiga þennan forláta Steinway-konsertflygil. Ef maður vill húskonsert er það í þessu fallega húsi.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 21, en húsið opnar klukkan 20.30. Í heild verða fjörutíu miðar í boði. Fyrir tónleikana geta gestir bragðað á léttum veitingum og dreypt á drykkjum. „Þegar nándin er svona mikil á milli flytjenda og áheyrenda verða sumir svolítið smeykir og feimnir. Þá er gott að vera með eitt til tvö freyðivínsglös í kroppnum og geta slakað á og notið sín,“ segir Gissur.

Þeir Gissur og Árni Heiðar segjast vera vistvænt band. Það þýðir að þeir koma helst ekki fram með prentaða efnisskrá, heldur kynna dagskrána jafnóðum og hún er flutt og segja söguna að baki lögunum. Það fær þó að fylgja sögunni að á efnisskránni verða valdar perlur úr íslenskum, norrænum, mið- og suður-evrópskum ljóðasöng og sönglögum. Þeir lofa góðri stemningu sem mun kveikja hinar ýmsu tilfinningar í hjörtum hlustenda. „Þetta verður rosaleg rómantík, jafnvel erótík. Svo við tölum nú ekki um dramatík,“ segir Gissur að lokum, áður þeir félagar kveðja og snúa sér aftur að æfingunum.

holmfridur@frettabladid.is

www.norraenahusid.is – 551 7030

Pikknikk tónleikar
í dag kl. 16.30
Una Stefánsdóttir spilar

Fuglaskoðun laugardaga kl. 14.00.
Pikknikkveitingar fást í móttökunni.

NORRÆNA HÚSIÐ

Viss þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Endalok Ragnars seld til Ítalíu

Ítalskur safnari hefur keypt verkið Endalokin eftir Ragnar Kjartansson myndlistarmann. Verkið samanstendur af 144 málverkum sem Ragnar málaði í samnefndum gjörningi á Feneyjatvíæringnum 2009. Öll málverkin sýna fyrirsætuna, Pál Hauk Björnsson, reykjandi og drekkandi bjór á sundskýlunni einni fata og tákna að sögn listamannsins endalok karlmennskunnar.

Málverkin voru fyrst sýnd opinberlega í Hafnarborg í ársbyrjun 2010 en það var á kaupstefnu í Sviss í júní síðastliðnum sem verkið vakti athygli ítalska safnarans Patriziu Sandretto Re Rebaudengo sem festi á því kaup.

Uppsett verð fyrir myndirnar var 250 þúsund dollarar eða um 30 milljónir króna. Börkur Arnarsson, eigandi I8 gallerís sem annaðist söluna, vill ekki staðfesta endanlegt kaupverð. „En taki maður Ólaf Elíasson út úr jöfnunni má segja að það sé eitt það hæsta sem fengist hafi fyrir íslenskt listaverk.“

Kaupandinn er einkasafnari en heldur úti safni sem er opið almenningi í nafni listasjóðsins Fondazione Sandretto Re Rebaudengo Tórínó og verður verk Ragnars til sýnis þar í október.

„Það er gaman að verkið skuli hafa endað á Ítalíu þar sem það varð til en hefur aldrei verið sýnt,“ segir Börkur.

- bs



**ENDALOK RAGNARS** Um sex mánaða skeið málaði Ragnar svo til daglega nýja mynd af Páli Hauki á sundskýlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fjalakötturinn

Franskt gastro
sem kitlar bragðlaukana

Fullt af allskonar
Sex réttir af sérréttaseðli
kr. 7450

www.fjalakotturinn.is
Aðalstræti 16 | 101 Reykjavík | Sími 514 6060 | dining@hotelcentrum.is










SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Sala Regnbogakorta hafin
Sala nýrra áskrifta á tónleikaraðir starfsársins 2012/13
er hafin í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050.
Almenn miðasala hefst 23. ágúst.
Kynntu þér dagskrána á www.sinfonia.is.
Upplifun í áskrift
Bakhjarlar:
GAMMA
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ballett, brass og skáld á Berjadögum

Tónlistarhátíðin Berjadagar í Ólafsfirði verður haldin í sautjánda sinn nú um helgina. Yfirskrift hátíðarinnar í ár er Brass, ballett og skáldkonur.

Hátíðin verður sett á morgun klukkan 10.30 á Dvalarheimilinu Hornbrekku þar sem leikskólabörn ásamt hljómsveit flytja lög úr safni Ómars Ragnarssonar. Klukkan 20.30 annað kvöld blæs Brasskvintett Berjadaga í lúðra sína á tónleikum í Ólafsfjarðarkirkju. Á laugardag opna myndlistarmenn í Ólafsfirði vinnustofur sínar og klukkan 17 flytur Kammerhópur Berjadaga tónlist eftir konur við ljóð eftir skáld úr röðum kvenna í Ólafsfjarðarkirkju.

Lokadagur hátíðarinnar hefst með tónlistarmessu í Ólafsfjarðarkirkju klukkan 11 á sunnudagsmorgun þar sem organisti og kór Ólafsfjarðarkirkju ásamt listamönnum hátíðarinnar sjá um tónlistina. Berjadögum lýkur svo í Tjarnarborg klukkan 20.30 þar sem dansflokkurinn Pípóla People, brasskvintettinn og kammerhópurinn bregða á leik.

Diljá Sigursveinsdóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Nánari upplýsingar um hátíðina og listamenn sem koma fram má finna á berjadagar.fjallabyggd.is.



**ALLIR KLÁRIR** Diljá Sigursveinsdóttir og fleiri listamenn voru við æfingar í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sjón ræðir eyjasamfélög í Edinborg

Rithöfundurinn Sjón situr fyrir svörum í hlaðvarpsviðtali á vefsíðu breska dagblaðsins The Guardian. Sjón er staddur á bókmenntahátíðinni í Edinborg ásamt Auði Övu Ólafsdóttur og Kristínu Ómarsdóttur. Rætt er við Sjón í hlaðvarpi The Guardian í sambandi við Argóarflísina, eða The Whispering Muse eins og hún nefnist í enskri þýðingu.

Sjón er meðal annars spurður út í þýðingu eyjasamfélaga í verkum sínum og segir að þeir sem alist upp á einangraðri eyju eins og Íslandi geri sér snemma grein fyrir að þeir séu upp á hinn stóra heim komnir. Sögurnar sem gerist þar fjalli um það að vera innlyksa, löngunina til að komast burt og óttann við innrás.

Hann segir enn fremur Argóarflísina dæmi um hvernig höfundar eigi að nýta sér menningararfinn og taka sér skáldaleyfi til að blása í hann nýju lífi. **- bs**



**SJÓN** Situr fyrir svörum í hlaðvarpsviðtali á vefsíðu breska dagblaðsins The Guardian.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 16. ágúst 2012**

### → Tónleikar

**16.30** Una Stefánsdóttir leikur fyrir gesti á næstu tónleikum í Pikknikktónleikaröð Norræna hússins. Frítt er á tónleikana sem haldnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins.

### → Leikrit

**21.00** Ferðaleikhúsið að Baldursgötu 37 sýnir nýja uppfærslu á Light Nights. Þjóðsögur og margvíslegt íslenskt efni er á dagskrá en leikritið er flutt á ensku. Aðgangseyrir er frá kr. 1.500 til 2.500.

### → Tónlist

**19.00** Rússneska Orthodox kirkjan á Íslandi efnir til tónleika í sal MÍR félagsins að Hverfisgötu 105. Rússnesk tónlist og dansar í boði og aðgangur ókeypis.

**19.15** Söngdívan Sigríður Thorlacius syngur í Viðey og henni til halds og trausts verður bassaleikarinn Guðmundur Óskar Guðmundsson. Verð fyrir tónleikana og ferjuna er kr. 3.000.

**20.00** Kvartett Kormákar Bragasonar og Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Tríó Sunnu Gunnlaugs heldur tónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Söngkonurnar og æskuvinkonurnar Sigrún Stella, Alma Rut og Maja Eir halda saman tónleika á Café Rosenberg í fjórða sinn. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### → Fyrirlestrar

**12.15** Halldór Úlfarsson myndlistarmaður og Páll Ivan Pálsson tónskáld flytja hádegisfyrirlestur í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Fyrirlesturinn er í tengslum við sýningu Hlyns Hallssonar og Jónu Hlífar Halldórsdóttur, Kerfi.

### → Útivist

**20.00** Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar standa fyrir kvöldgöngu. Gangan hefst í Grófinni milli Tryggvagötu 15 og 17. Áætlaður göngutími er 90 mínútur og þátttaka er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**




# Ráðist á Svíaprins í Cannes

Ráðist var á Karl Filippus Svíaprins á laugardag þegar hann og kærasta hans, fyrirsætan Sofia Hellquist, yfirgáfu skemmtistað í Cannes. Karl Filippus fékk þungt högg í andlitið en slapp að öðru leyti ómeiddur.

Þrír menn réðust á prinsinn er hann yfirgaf skemmtistaðinn Baoli og tóku hann hálstaki en Hellquist og aðrir vinir parsins reyndu að skakka leikinn. Árásin náðist á myndband og rataði það á netið skömmu eftir árásina. Þar heyrist prinsinn skipa árásarmönnunum að sleppa takinu á meðan Hellquist reynir í örvæntingu sinni að fá hann lausan.

„Við áttum rólegt kvöld með vinum okkar og er við yfirgáfum staðinn réðust ókunnugir menn á Karl Filippus,“ sagði Hellquist um atvikið í viðtali við Aftonbladet. „Vinir mínir skárust í leikinn og það er þeim að þakka að ekki fór verr,“ bætti prinsinn við.



**ÓHEPPINN** Karl Filippus Svíaprins varð fyrir fólskulegri árás fyrir utan skemmtistað í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fleiri listamenn á Airwaves

Aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves hafa tilkynnt fleiri tónlistarmenn sem koma fram á hátíðinni í ár. Um tvö hundruð innlendir og erlendir listamenn stíga á svið að þessu sinni. Skipuleggjendur Iceland Airwaves tilkynntu í gær þá 65 listamenn sem bætast í hóp þeirra sem áður hafa verið tilkynntir. Þeirra á meðal eru danssveitin GusGus, finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor, Ólöf Arnalds, Kool Thing, Low Roar, kanadíska sveitin Passwords, Dr. Spock, Bandaríkjamaðurinn Sam Amidon, Ghostigital og Daníel Bjarnason.

Um 1500 listamenn sóttu um að koma fram á hátíðinni í ár og að sögn Kamillu Ingibergsdóttur, kynningarstjóra Iceland Airwaves, eru starfsmenn hátíðarinnar nú að leggja lokahönd á skipulag dagskrárinnar. „Við tilkynnum fulla dagskrá í lok þessa mánaðar og erum í óða önn að klára þá vinnu og þrengja þennan innsta hring,“ segir hún. Iceland Airwaves fer fram dagana 31. október til 4. nóvember. - sm



**FLEIRI Á AIRWAVES** Kamilla Ingibergsdóttir, kynningarstjóri hjá Iceland Airwaves, segir síðustu listamennina verða tilkynnta í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON



**STONES** Rokkararnir afþökkuðu boð um að koma fram á lokaathöfninni.

# Ekki klár í lokaathöfn

Orðrómur er uppi um að David Bowie, Kate Bush og hljómsveitirnar Sex Pistols og The Rolling Stones hafi ekki viljað spila á lokaathöfn Ólympíuleikanna á sunnudaginn. Samkvæmt blaðinu The Guardian var rætt við alla þessa flytjendur um að stíga á svið en enginn var klár í slaginn.

Meðal flytjenda á lokaathöfninni voru Kryddpíurnar, Jessie J, Queen, Annie Lennox, George Michael, The Who og Take That. Talið er að um fjórir milljarðar hafi horft á herlegheitin í sjónvarpinu.



**ÓVINSÆL** Lindsay Lohan er komin á svartan lista hjá tveimur hótelum í Mexíkó. NORDICPHOTOS/GETTY

# Komin á bannlista

Lindsay Lohan þurfti að hætta við frí sem hún hafði ákveðið að eyða í Mexíkó því leikkonan er komin á bannlista hjá tveimur af betri hótelunum í Cabo.

„Lindsay er komin í ævilangt bann á Palmilla og Montage Los Cabos hótelunum. Gestir hafa ítrekað kvartað undan drykkjulátum og skemmtanahaldi leikkonunnar og því var gripið til þess ráðs að meina henni gistingu á hótelunum,“ hafði Radaronline.com eftir heimildarmanni sínum. „Hótelin eru ætluð efnafólki og stjörnum á borð við Jennifer Aniston og George Clooney og veru Lindsay er ekki óskað þar lengur.“









**EARLY BIRDS** **með múm er plata vikunnar ★★★**
*„Þetta eru ekki eintóm meistaraverk en platan er engu að síður skemmtileg.“*



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Kraftmiklir Kanadamenn*

Tónleikahald í Reykjavík hefur verið frekar rólegt undanfarnar vikur, en með haustinu verður breyting þar á. Það eru að vísu engir stórtónleikar með erlendum listamönnum komnir á dagskrá, en þeim mun meira af minni viðburðum. Það er til dæmis margt spennandi á Jazzhátíð Reykjavíkur sem fer fram dagana 18. ágúst – 1. september og svo fyllist allt af flottri tónlist á Iceland Airwaves í lok október. En á næstu dögum er líka nóg í boði.

Í kvöld er hægt að sjá Paper Beat Scissors og Snorra Helgason á Faktorý og annað kvöld hitar Finninn frábæri Jimi Tenor upp fyrir menningarnótt með tónleikum í Norræna húsinu. Og svo er auðvitað mikil tónlistarveisla sjálfa menningarnóttina, en upplýsingar um hana má finna á menningarnott.is.




**TVEIR ÖFLUGIR** Japandroids spila á Gauknum í næstu viku.

Miðvikudagskvöldið í næstu viku eru tónleikar með kanadísku rokkdúóinu Japandroids og íslensku hljómsveitinni Sudden Weather Change á Gauknum. Sudden-drengir eru nýbúnir að frumsýna heimildarmynd og gefa út plötu, en Japandroids eru á tónleikaferðalagi til þess að fylgja eftir annarri plötunni sinni Celebration Rock sem hefur fengið frábæra dóma, er m.a. með 85/100 í meðaleinkunn á Metacritic-síðunni.

Japandroids var stofnuð árið 2006 í Vancouver í Bresku-Kólumbíu af þeim Brian King, gítarleikara og söngvara, og David Prowse trommuleikara sem einnig syngur. Þeir gáfu út sína fyrstu plötu í fullri lengd, Post-nothing, árið 2009. Hún fékk mjög góðar móttökur. Ári seinna kom platan No Singles sem safnaði saman eldra efni af tveimur EP-plötum og í vor kom svo Celebration Rock. Það er mikill kraftur í Japandroids þó að þeir séu bara tveir. Það heyrist vel á plötunum, en einnig eru þeir rómaðir fyrir öfluga frammistöðu á tónleikum. Spennandi kvöld fram undan!

## Í SPILARANUM



Futuregrapher - **LP**



Sudden Weather Change - **Sculpture**



My Bubba & Mi - **Wild & You**



The Academy of Colour and Style
ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI
**VILTU VERÐA STÍLISTI?**

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textíll | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíl, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101
www.utlit.is



**ANGUS STONE** Önnur sólóplata Ástralans Angus Stone, Broken Brights, er nýkomin út. Platan hefur fengið góða dóma í heimalandi listamannsins. Hann var áður annar hluti systkinadúósins Angus & Julia. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hæfileikaríkt náttúrubarn

**Ástralinn Angus Stone sendi á dögunum frá sér sólóplötuna Broken Brights. Huggulegt gítarpoppið hefur vakið athygli víða.**

Ástralski tónlistarmaðurinn Angus Stone gaf í síðasta mánuði út sína aðra sólóplötu, Broken Brights. Platan hefur fengið góðar móttökur í heimalandi hans þar sem hún fór beint á topp vinsældarlista Itunes og í annað sætið á ástralska listanum.

Stone, sem spilar á plötunni huggulegt og áreynslulítið gítarpopp, steig fyrst fram í sviðsljósið sem annar hluti systkinadúósins Angus & Julia. Saman hafa þau selt hátt í milljón hljómplötur síðan þau gáfu út þá fyrstu, Chocolates and Cigarettes, árið 2005. Hjá þeim hefur þjóðlagapoppið verið í aðalhlutverki og er sólóferill Stone undir áhrifum þaðan. „Mér finnst þetta vera persónulegasta verk mitt til þessa,“ segir hann um Broken Brights. Julia hefur einnig gefið út tvær sólóplötur og kom sú síðari út á þessu ári og eru þau því samtaka systkinin þegar tónlistin er annars vegar.

> Hann er kominn með nægt sjálfstraust til að standa einn á báti án þess að hafa stóru systur sér við hlið.

Hinn 26 ára og hippalegi Stone er grænmetisæta og mikið náttúrubarn. Hann ólst upp með systur sinni í Newport sem er úthverfi í norðurhluta Sydney í Ástralíu. Fyrri sólóplatan var undir miklum blúsáhrifum og var hún gefin út undir dulnefninu Lady of the Sunshine. Stone hafði átt mörg lög á lager sem hentuðu ekki Angus & Julia og ákvað hann því að gefa þau út sjálfur.

Nýja platan kemur út undir hans eigin nafni, sem sýnir að hann er kominn með nægt sjálfstraust til að standa einn á báti án þess að hafa stóru systur sér við hlið. Til að undirstrika sjálfstæði sitt stjórnaði hann upptökum sjálfur.

Fram undan hjá hinum hæfileikaríka Stone er tónleikaferðalag um Bandaríkin og Kanada. Eftir það spilar hann vítt og breitt um heimaland sitt.

**freyr@frettabladid.is**

## LAGALISTINN
Vikuna 9. - 15. ágúst 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Lykke Li | *I Follow Rivers* |
| ▼ | 2 | Jón Jónsson | *All, You, I* |
| ▲ | 3 | Train | *50 Ways To Say Goodbye* |
| ▶ | 4 | Fun | *Some Nights* |
| ▲ | 5 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▼ | 6 | Helgi Júlíus & Valdimar Guðmundsson | *Þú ert mín* |
| ▲ | 7 | Keane | *Sovereign Light Café* |
| ▼ | 8 | Sálin hans Jóns míns | *Hjartadrottningar* |
| ▼ | 9 | Jónas Sigurðsson | *Þyrnigerðið* |
| ▼ | 10 | Fjallabræður & Sverrir Bergm. | *Þar sem hjartað slær* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 9. - 15. ágúst 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▲ | 2 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▼ | 3 | Mannakorn | *Í blómabrekkunni* |
| ▼ | 4 | Helgi Bj. & reiðm. vindanna | *Heim í heiðardalinn* |
| * | 5 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |
| ▶ | 6 | Brimkló | *Síðan eru liðin mörg ár* |
| ▲ | 7 | Mugison | *Haglél* |
| ▼ | 8 | Tilbury | *Exorcise* |
| ▲ | 9 | Ýmsir | *Hot Spring: Landamannalaugar* |
| ▼ | 10 | Ýmsir | *Pottapartý með Sigga Hlö* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# NÝ SENDING
## af amerískum húsgögnum

HÚSGAGNAHÖLLIN



**STORY** 2 sæta sófi. B:170 D:87 H:80 cm.
3 sæta sófi. B:210 D:87 H:80 cm.
Ljóst áklæði.

2 SÆTA **129.990**
3 SÆTA **159.990**



**199.990**



**EDWARD** stóll
B:228,6 D:9 6,5 H:94 cm

**EDWARD** skammel
89.990
B:75 D: 60 H:44

**159.990**

**LARAMIE** 3 sæta sófi. Brúnt microfiber.
B:220 D:95 H:95 cm. Kr. **199.990**

**LARAMIE** loveseat. Brúnt microfiber .
B:170 D:96,5 H:94 cm. Kr. **169.990**

**LARAMIE** stóll. Brúnt microfiber.
B:111 D:95 H:95 cm. Kr. **159.990**

**LARAMIE** skammel microfiber.
B:66 D:45.7 H:53,3 cm. Kr. **79.990**



**169.990**



15%

**297.490**
FULLT VERÐ: 349.990

**LARAMIE** Hornsófi. Brúnt microfiber. D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.






GLÆSILEG
LA-Z-BOY DEILD
KOMDU TIL OKKAR
OG PRÓFAÐU



10%
STAÐGREIÐSLU-
AFSLÁTTUR

**98.990**
FULLT VERÐ: 109.990

LAZBOY

**NORMAN** La-z-boy stóll. Dökkbrúnt áklæði.
B:70 D:78 H:102 cm.



10%
STAÐGREIÐSLU-
AFSLÁTTUR

**107.990**
FULLT VERÐ: 119.990

LAZBOY

**HARBOR TOWN** La-z-boy stóll. Sand áklæði.
B:70 D:78 H:102 cm.



10%
STAÐGREIÐSLU-
AFSLÁTTUR

**125.980**
FULLT VERÐ: 139.980

LAZBOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart leðuráklæði.
B:80 D:76 H:101 cm.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**



**ÁNÆGJULEGUR TÍMI** Jessicu Biel finnst gaman að vera trúlofuð Justin Timberlake og kveðst ekki vilja flýta sér í hjónaband strax. „Mér finnst gaman að vera trúlofuð. Þetta er einstakur tími í lífi manns, finnst mér," sagði Total Recall leikkonan.

# Stórstjörnur leiða saman hesta sína

Þó Expendables 2 verði ekki frumsýnd fyrr en í næstu viku ættu aðdáendur spennumynda að bíða spenntir eftir þriðju myndinni því framleiðandinn Avi Lerner hefur gefið út að hún verði prýdd allsvakalegum stjörnum.

Í nýlegu viðtali sagði hann Clint Eastwood, Harrison Ford og Wesley Snipes mögulega leikara og staðfesti Nicholas Cage. „Við erum með persónu í huga fyrir Clint Eastwood, erum í viðræðum við Harrison Ford og viljum fá Wesley Snipes þegar hann losnar úr fangelsi. Við ætlum líka að fá Mickey Rourke aftur, ef hann verður ekki of klikkaður, og að sjálfsögðu allar hinar stjörnurnar." Sylvester Stallone, Bruce Willis og Arnold Schwarzenegger hafa nú þegar staðfest þátttöku sína í myndinni.



# *Kvikmynd um ævi Gertrude Bell í bígerð*

Leikstjórinn Werner Herzog hyggst leikstýra mynd um ævi Gertrude Bell. Naomi Watts hefur tekið að sér að leika Bell og líklegt er að Robert Pattinson fari með hlutverk T. E. Lawrence í kvikmyndinni.

Myndin hefur hlotið vinnutitilinn Queen of the Desert og segir frá ævi breska rithöfundarins, fornleifafræðingsins og njósnarans Gertrude Bell, sem var einnig fyrsta konan til að ljúka námi frá Oxford-háskóla. Bell vann náið með T. E. Lawrence, betur þekktum sem Arabíu-Lawrence, á ferðum sínum um Jórdan og Írak.

Herzog er ekki einn um að sýna sögu þessarar merku konu áhuga, því Ridley Scott er einnig að vinna að mynd um ævi hennar. Scott er þó önnum kafinn í öðrum verkefnum um þessar mundir en Herzog hyggst hefja tökur á Queen of the Desert í haust og verður því líklega fyrri til að segja sína sögu.



**MERKILEG SAGA** Kvikmynd um ævi Gertrude Bell er í bígerð. Naomi Watts fer með hlutverk rithöfundarins og fornleifafræðingsins Bell. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dansinn dunar enn á ný

**Fjórða myndin í Step Up-dansævintýrinu, Step Up Revolution, er væntanleg í bíóhúsin á morgun.**

Step Up-myndirnar hafa verið mjög vinsælar hingað til og metnaðurinn í dansatriðunum virðist verða meiri með hverri myndinni. Söguþráðurinn í þessari fjórðu mynd er ekki ólíkur þeim þremur sem á undan hafa komið og fjallar í stuttu máli um það hvernig dansinn getur bjargað öllu og að sjálfsögðu verða aðaldansarar myndarinnar ástfangnir.

Fábreytni söguþráðarins skiptir þó litlu máli þar sem aðaláhersla myndarinnar er sem áður lögð á stórbrotin dansatriði sem gefa öllum dansáhugamönnum gæsahúð frá hvirfli til ilja.

Dansarinn Emily Anderson flytur til Miami með föður sínum sem hyggst rífa gamalt hverfi, og þar með eyðileggja samfélagið sem þar er, til að byggja eitt flottasta hótel sem sést hefur. Emily kemst í kynni við fólkið í hverfinu og verður fljótt ástfangin af leiðtoga dansklíkunnar þar, Sean. Saman ákveða þau að berjast gegn fyrirætlunum föður Emily og nota dansinn til þess.

Kathryn McCormick og Ryan Guzman fara með aðalhlutverkin í myndinni og hinn vinsæli Adam Sevani kemur aftur í hlutverki Moose. Eins og venja er í Step Up-myndunum eru aðalleikararnir lítið þekktir fyrir. Aðdáendur sjónvarpsþáttanna vinsælu So You Think You Can Dance kunna að þekkja Kathryn úr sjöttu seríunni þar sem hún lenti í þriðja sæti og sjöundu seríunni þar sem hún kom aftur sem svokölluð All-Star og var pöruð saman með þátttakendum. Ryan er svo enn minna þekktur en þetta er hans fyrsta kvikmyndahlutverk þó hann eigi að baki feril sem fyrirsæta og bardagaíþróttamaður.

tinnaros@frettabladid.is



## UNDANFARAR STEP UP REVOLUTION

Fyrsta Step Up myndin kom út árið 2006. Kyntröllið Channing Tatum var þá algjörlega óþekktur en fór þar með hlutverk dansandi vandræðagemlingsins Tyler Gage. Hann hefur heldur betur náð að fóta sig í Hollywood síðan myndin kom út og ekki nóg með að Step Up hafi komið honum á kortið heldur kynntist hann eiginkonu sinni Jennu Dewan (nú Dewan-Tatum) þegar hún lék á móti honum í myndinni.

Önnur Step Up-myndin, The Streets, kom út árið 2008 og var dansinn þá færður að stóru leyti úr kennslustofunum og út á göturnar. Briana Evigan og Robert Hoffman léku aðalhlutverkin og Channing Tatum leit í heimsókn og tók nokkur dansspor.

Step Up 3D kom svo út árið 2010 og skartaði þeim Rick Malambri og Shari Vinson í aðalhlutverkum. Götur New York borgar voru aðalsögusvið þeirrar myndar og barátta dansklíka var áberandi.

Leikarinn Adam G. Sevani kom fyrst fram í annarri myndinni í hlutverki undarlega danssnillingsins Moose. Segja má að hann hafi komið, séð og sigrað því Moose lék stóran part í þriðju myndinni sömuleiðis og kemur hópnum til bjargar nú í þeirri fjórðu líka. Moose er því orðin langlífasta persóna Step Up-myndanna.

BÆKUR MÁNAÐARINS
TILBOÐ ÁGÚSTMÁNAÐAR
4.299
Svona á að...
Bókin geymir myndskreyttar leiðbeiningar um 500 hluti sem gott er að kunna (og 8 í viðbót sem engum heilvita manni dytti í hug að prófa).




3.199
Húfuprjón
57 uppskriftir á kríli, krakka, konur og karla er litrík og fjölbreytt bók með alls konar húfum ætluð öllum sem hafa áhuga á prjónaskap.
Gildir til 31. ágúst eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**HETJURNAR** Fjórmenningarnir hófu nágrannavörsluna sem leið til að lífga upp á auman hversdagsleika sinn en fljótlega voru þeir farnir að berjast við geimverur og örlög heimsins hvíldu á herðum þeirra.

# Nágrannavarsla gegn geimverum

Auk fjórðu Step Up-myndarinnar, sem fjallað er um hér að ofan, er gamanmyndin The Watch einnig frumsýnd um helgina.

Leikaraval myndarinnar lofar strax góðu, en með aðalhlutverk fara þeir Ben Stiller, Vince Vaughn, Richard Ayoade og hinn nýlega granni og spengilegi Jonah Hill. Fjórmenningarnir leika nágranna úr dauflegu úthverfi í smábænum Glenview í Ohio. Þeir ákveða að hressa upp á líflausa tilveru sína og auman hversdagsleika með því að setja á fót nágrannavörslu. Þeir gera það þó ekki í neinum hálfkæringi heldur láta þeir meðal annars útbúa jakka með merki félagsins, tígrisdýrs með vængi, og láta sömuleiðis merkja einn fjölskyldubílinn.

Í upphafi leit meirihluti hópsins á nágrannavörsluna sem ástæðu til þess að sleppa út af heimili sínu eina kvöldstund í viku, fá sér í glas og skemmta sér. Þá voru eggjakastandi krakkar meðal þeirra stærstu vandamála en það breyttist þó þegar þeir uppgötvuðu að hverfið væri fullt af geimverum dulbúnum sem manneskjur sem væru smám saman að reyna að yfirtaka jörðina. Áður en þeir vita af hvílir ekki aðeins öryggi hverfisins á herðum þeirra heldur örlög jarðarinnar. - trs


Cheerios
General Mills
Cheerios
Morgunkorn úr heilum próteinríkum höfrum
397g
Cheerios – 2 skálar
Djús – 1 glas
Banani – 1/2
Vatn – 3 glös

# SJÁÐU

## ENN FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR
## **FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT**




ÞRJÁR **NÝJAR** SJÓNVARPSSTÖÐVAR




### STÖÐ 2 **BÍÓ**

BÍÓVEISLA ALLAN SÓLARHRINGINN – ALLT ÁRIÐ UM KRING – ÞAR SEM MEIRA EN 200 FJÖLBREYTTAR OG VANDAÐAR BÍÓMYNDIR ERU SÝNDAR Í HVERJUM MÁNUÐI.




### STÖÐ 2 **GULL**

HEIMILI HELSTU SJÓNVARPSGULL-MOLANNA – BÆÐI INNLENDRA SEM ERLENDRA. VALDIR ÞÆTTIR ÚR SAFNI STÖÐVAR 2 Í BLAND VIÐ VINSÆLUSTU ERLENDU ÞÆTTI FYRR OG SÍÐAR.



### STÖÐ 2 **KRAKKAR**

YNGSTU ÁHORFENDURNIR FÁ LOKSINS HEILA STÖÐ ÚT AF FYRIR SIG ÞAR SEM Í BOÐI VERÐUR TALSETT OG TEXTAÐ BARNAEFNI FRÁ MORGNI TIL SÍÐDEGIS.



### POPP **TÍVÍ**

FERSKLEIKINN ER Í FYRIRRÚMI Á KRÖFT-UGRI STÖÐ FYRIR UNGT FÓLK Á ÖLLUM ALDRI. ALLIR HEITUSTU NÝJU ERLENDU ÞÆTTIRNIR Í BLAND VIÐ ÖGRANDI OG NÝSTÁRLEGT INNLENT EFNI.

# MARGFALT

FLEIRI MÖGULEIKAR MEÐ **NETFRELSI**

**ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR EFTIR PÖNTUN**






## 28 DAGA **FRELSI**

HORFÐU HVENÆR SEM ER OG HVAR SEM ER Á ALLA NÝJUSTU ÞÆTTI STÖÐVAR 2 OG POPPTÍVÍ Í 28 DAGA EFTIR FRUMSÝNINGU.




## KVIK**MYNDIR**

HORFÐU HVENÆR SEM ER OG HVAR SEM ER Á VALDAR BÍÓMYNDIR Í 28 DAGA EFTIR FRUMSÝNINGU Á STÖÐ 2.




## FRÆÐSLUEFNI

VANDAÐ OG FJÖLBREYTT FRÉTTA-, HEIMILDA-, OG FRÆÐSLUEFNI ÚR SMIÐJU HBO, DISCOVERY O.FL.




## KLASSÍSKT **ÍSLENSKT**

VALDIR INNLENDIR ÞÆTTIR ÚR SAFNI STÖÐVAR 2 ÞAR SEM ALLIR ÆTTU AÐ FINNA EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI.




## BARNA**EFNI**

ÚRVAL AF UPPÁHALDSBARNAEFNI YNGSTU ÁSKRIFENDA STÖÐVAR 2 – TALSETT EÐA TEXTAÐ – BÍÓMYNDIR OG ÞÆTTIR.

Í dag hefja göngu sína þrjár nýjar stöðvar, Popptíví, Stöð 2 Gull og Stöð 2 Krakkar, sem allar fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 ásamt Stöð 2 BÍÓ. Um leið eykst þjónustan við áskrifendur þegar framboð af efni á Netfrelsi Stöðvar 2 mun stóraukast. Þar má nú horfa hvenær sem er og hvar sem er á alla nýjustu þættina og bíómyndirnar af Stöð 2 og Popptíví í 28 daga eftir frumsýningu, vel valda innlenda þætti úr safni Stöðvar 2, úrval af talsettu barnaefni og vandað fræðsluefni beint í sjónvarpið þitt, símann, tölvuna eða spjaldtölvuna.

ALLT ÞETTA FYRIR

**254 KR.** Á DAG

**MARGFALT SKEMMTILEGRI**

# Sjónvarpsrásum fjölgað um þrjár hjá Stöð 2

**Miklar breytingar verða gerðar á Stöð 2 frá og með deginum í dag. Þrjár nýjar sjónvarpsstöðvar verða kynntar til leiks.**



**ÁNÆGÐUR** Breytingarnar á Stöð 2 leggjast mjög vel í framkvæmdastjórann Pálma Guðmundsson.

„Þetta eru mjög líklega mestu breytingar sem hafa orðið á Stöð 2 frá upphafi,“ segir Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs 365.

Frá og með deginum í dag fylgja þrjár nýjar og ólíkar sjónvarpsstöðvar áskrift af Stöð 2, auk þess sem Stöð 2 Bíó verður enn til staðar með óbreyttu sniði. Nýju stöðvarnar eru Popptíví, Stöð 2 Gull, sem býður upp á úrval klassískra sjónvarpsþátta, og Stöð 2 Krakkar þar sem barnaefni verður í gangi alla daga frá morgni til kvölds. Þjónusta Stöð 2 Extra fer aftur á móti yfir í Netfrelsi.

Allir munu fá eitthvað við sitt hæfi og að sögn Pálma verður úrvalið mikið. „Gulldagskráin okkar mun líklega höfða til eldri áhorfenda, Popptíví mun þjónusta unglingana og Stöð 2 mun bjóða upp á mjög metnaðarfulla innlenda dagskrárgerð í vetur. Og krökkunum verður einnig sinnt mjög vel á Stöð 2 Krakkar. Svo verðum við með bætt Netfrelsi, sem er sjónvarpsefni eftir pöntun,“ segir Pálmi.




Undanfarna mánuði hefur áskrifendum Stöðvar 2 staðið til boða að horfa á alla helstu þætti stöðvarinnar á Netfrelsinu, allt að tvær vikur aftur í tímann. Nú hefur þessi þjónusta verið stóraukin með fjölbreyttara úrvali af nýju og eldra efni í bland. Frumsýndir sjónvarpsþættir á Stöð 2 verða nú aðgengilegir áskrifendum á Netfrelsinu í fjórar vikur. Einnig verða í boði tugir kvikmynda hverju sinni og verður framboðið uppfært reglulega. Um er að ræða nýlegar gæðamyndir sem hægt verður að horfa á í tölvunni, spjaldtölvunni eða farsímanum. Íslenskar þáttaraðir sem sýndar hafa verið á Stöð 2 í gegnum tíðina verða einnig í fyrsta sinn gerðar aðgengilegar áskrifendum á netinu. Aðspurður hvers vegna ráðist er í þessar breytingar núna segir Pálmi: „Við viljum auðvitað vera í fararbroddi þegar kemur að tækninýjungum. Við erum að bregðast við breyttu neyslumynstri áhorfenda. Þeir eru farnir að sækja sér sjónvarp eftir pöntun í stað þess að horfa á svokallaða línulega dagskrá. Þessar breytingar ættu að bæta til muna gæði þjónustu okkar gagnvart áskrifendum okkar og laða til okkar nýja viðskiptavini.“

freyr@frettabladid.is

# Ferskur og flottur Frank

Tónlist ★★★★★

**Channel Orange**
Frank Ocean

**Def Jam**



Hinn 24 ára gamli Frank Ocean er sjóðheitur þessa dagana. Channel Orange er fyrsta platan hans sem fær hefðbundna útgáfu, en í fyrra dreifði hann 14 laga plötunni Nostalgia Ultra ókeypis á vefsíðunni sinni. Tónlist Franks er r&b, en þetta er engin venjuleg r&b-plata. Textarnir eru öðruvísi heldur en á þessari dæmigerðu r&b-plötu, tónlistin er ferskari og hugmyndaríkari og umgjörðin er sömuleiðis nýstárleg.

Frank er hluti af Odd Future-klíkunni ásamt Tyler The Creator, Earl Sweatshirt og fleirum. Þetta eru náungar sem gera hlutina á eigin forsendum. Eins og áður segir er Frank hugmyndaríkur á Channel Orange, lögin eru sum brotin upp með umhverfishljóðum (til dæmis hurð að opnast eða lokast) og hann gerir ýmsar tilraunir með hljóminn. Sjálfar lagasmíðarnar eru samt ekkert slor og allur flutningur er fyrsta flokks – þar með talinn söngur Franks sem minnir bæði á Stevie Wonder og D'Angelo. Það eru nokkrir gestir á plötunni, meðal annars fyrrnefndir Tyler og Earl og André 3000 úr OutKast.

Eins og áður segir eru textar plötunnar ekki í þessum dæmigerða r&b-stíl. Hann syngur um ástina, en á annan hátt heldur en við eigum að venjast – þetta er oft óendurgoldin ást. Auk þess eru mörg önnur viðfangsefni í textunum, til dæmis eiturlyfjafíkn og lífsstíll ofurríku krakkanna í LA, þar sem Frank býr. Umslag plötunnar er líka óvenjulegt. Það er í skærappelsínugulum lit og stafirnir líkjast fyrirtækjalógói. Bæði liturinn og leturgerðin þykja reyndar minna á lággjaldaflugfélagið EasyJet, hvort sem það er tilviljun eða ekki.

Á heildina litið er Channel Orange frábær plata sem stendur undir öllu lofinu sem á hana hefur verið hlaðið.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Nýstárleg og fersk plata frá einum af hæfileikaríkustu nýliðum poppsins.



**AÐ SKILJA** Saxófónleikarinn hárprúði hefur sótt um skilnað. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sækir um skilnað

Saxófónleikarinn hárprúði, Kenny G, hefur sótt um skilnað frá eiginkonu sinni eftir tuttugu ára hjónaband. Kenny, sem heitir réttu nafni Kenny Gorelick, sótti um skilnaðinn í Los Angeles og sagði hann ástæðuna vera óásættanlegan ágreining.

Hinn 56 ára tónlistarmaður kvæntist Balyndu Helene Benson árið 1992 og eiga þau saman fjórtán ára son. Kenny G, sem vann Grammy-verðlaunin árið 1993, hefur sótt um sameiginlegt forræði yfir syninum.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 3 - 6:30 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | KL. 3 - 6:30 - 10 | 2D | VIP |
| MAGIC MIKE | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES KL. 3 - 6:10 - 8 - 9:20 - 10 - 11:10 | | 2D | 12 |
| TOTAL RECALL | 5:20 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| TED | KL. 7:30 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:20 - 5:40 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL. TALI | KL. 3 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SEEKING A FRIEND.. | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5 | 2D | L |
| SEEKING... | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT... | KL. 7 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:30 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE WATCH LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 3.30 - 5.45 | 7 |
| BRAVE:HIN HUGRAKKA 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BRAVE:HIN HUGRAKKA 3D | KL. 5.45 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL / 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.40 | 7 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 5.40 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 KRAFTA FORSÝNING | KL. 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%







LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | 8, 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 4, 6, 8 | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | 4 - ISL TAL | L |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 3.50, 6, 8, 10.20 | 12 |
| KILLER JOE | 10.20 | 16 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FIMMTUDAGUR:** **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ STARS ABOVE 18:00 ■ RED LIGHTS 22:10 ■ BERNIE 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

**24. ÁGÚST: ELLES (ÞÆR) með Juliette Binoche!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



5 ÁRA AFMÆLI!
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
Í TILEFNI AF 5 ÁRA AFMÆLI SKÓLANS VERÐUR KAMERON BINK ÚR
So You Think You Can Dance? AÐALKENNARI SKÓLANS – GLÆSILEG SÝNING Í HÖRPUNNI!
ÞÖKKUM DANSGLEÐINA Á LIÐNUM ÁRUM! KRAFTMIKLIR DANSTÍMAR Í HAUST BYRJA 10. SEPT!
DANSGLEÐI með:
REYKJAVÍK
(ÞRÓTTUR)
GARÐABÆR
(SJÁLANDSSKÓLA)
skemmtilegri
KÓPAVOGUR
(HK, DIGRANESI)
HAFNARFJÖRÐUR
(FH, KAPLAKRIKA)
JAZZFUNK – STREET – HIP HOP – BREAK – NÚTÍMADANS – BARNADANSAR & BALLETT - ZUMBA
ALDUR: 4-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára & 20 ára eldri (Dömur sem elska Dansa!)
12 VIKNA ANNIR – ÁRSKORT – MARG BORGAR SIG!
TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS MEÐ ÞVÍ AÐ
SKRÁ ÞIG STRAX Á dancecenter.is!
Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is
og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á
dancecenter@dancecenter.is eða hringja
í síma 777 3658 hjá DanceCenter Reykjavík.
DansLið þáttanna
kemur sérstaklega
á vegum:
DANCE
CENTER
REYKJAVÍK
www.dancecenter.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ROBIN VAN PERSIE** var í gær seldur frá Arsenal til Man. Utd fyrir 24 milljónir punda. Hann mun skrifa undir fjögurra ára samning við United þegar hann hefur staðist læknisskoðun á Old Trafford. Leikmaðurinn á einnig eftir að semja um laun.



**FARINN FRÁ BORÐI** Guðmundur hefur stýrt landsliðinu í síðasta sinn. Í bili að minnsta kosti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfaramál HSÍ að skýrast:

## Nýr þjálfari í næstu viku

**HANDBOLTI Einar Einarsson, formaður landsliðsnefndar HSÍ, staðfesti við Fréttablaðið í gær að nýr landsliðsþjálfari karlalandsliðsins yrði tilkynntur í næstu viku.**

**Eins og kunnugt er hefur Guðmundur Þórður Guðmundsson látið af störfum eftir fjögur ótrúleg ár þar sem liðið vann til tveggja verðlauna á stórmótum.**

**„Við erum að vinna í þessu á fullu. Erum að setja saman teymi og við munum væntanlega boða til fundar í næstu viku þar sem nýr þjálfari verður kynntur," sagði Einar.**

**Hann bætti við að áhersla væri lögð á að halda sem flestum sem hafa verið í landsliðsþjálfarateyminu. - hbg**

Pepsi-deild kvenna í kvöld:

## Nær Þór/KA sex stiga forskoti?

**FÓTBOLTI** Þór/KA getur stigið stórt skref í átt að fyrsta Íslandsmeistaratitli sínum í kvöld þegar liðið sækir Breiðablik heim á Kópavogsvöllinn. Þór/KA, sem er búið að vinna fimm af síðustu sex leikjum sínum, nær sex stiga forskoti á Íslandsmeistara Stjörnunnar með sigri en aðeins fjórar umferðir eru eftir.

Breiðablikskonur hafa aðeins náð í eitt stig í síðustu tveimur leikjum og eru búnar að missa af lestinni enda komnar niður í 5. sætið. Þær geta þó komist upp fyrir Val með sigri auk þess að auka spennuna í slagnum um Íslandsmeistaratitilinn.

Leikurinn hefst klukkan 18.00 á Kópavogsvellinum og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og inni á Vísi. - óój

## ÚRSLIT

### Vináttulandsleikir:

**Ísland-Færeyjar 2-0**
1-0 Kolbeinn Sigþórsson (30.), 2-0 Kolbeinn Sigþórsson (90.)

**Noregur-Grikkland 2-3**
0-1 Vasilis Torosidis (7.), 0-2 Kyriakos Papadopoulos (11.), 1-2 Brede Hangeland (13.), 1-3 Konstantinos Mitroglou (56.).

**Svíþjóð-Brasilía 0-3**
0-1 Leandro Damiao (32.), 0-2 Pato (84.), 0-3 Pato, víti (86.)

**Danmörk-Slóvakía 1-3**
1-0 Tobias Mikkelsen (22.), 1-1 Martin Jakubko (64.), 1-2 Marek Hamsik (72.), 1-3 Lubomir Guldan (83.)

**Þýskaland-Argentína 1-3**
-1 Sami Khedira, sjm (45.), 0-2 Lionel Messi (52.), 0-3 Angel di Maria (73.), 1-3 Benedikt Höwedes (80.)

**Belgía-Holland 4-2**
1-0 Christian Benteke (19.), 1-1 Luciano Narsingh (54.), 1-2 Klaas-Jan Huntelaar (54.), 2-2 Dries Mertens (75.), 3-2 Romelu Lukaku (77.), 4-2 Jan Vertonghen (79.)

**Frakkland-Úrúgvæ 0-0**

**England-Ítalía 2-1**
0-1 Daniele de Rossi (15.), 1-1 Phil Jagielka (26.), 2-1 Jermain Defoe (79.)

# Þetta var þungt högg í andlitið

**Landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson er í atvinnuleit eftir að félag hans, AG, fór á hausinn. Leikmenn vildu halda áfram að reka félagið ásamt styrktaraðilum en fráfarandi eigandi AG, Jesper Nielsen, kom í veg fyrir það. Snorri Steinn segir að tíminn hjá AG hafi verið einstakur.**



**ERFIÐUR TÍMI** Snorri Steinn er enn að jafna sig eftir svekkelsið gegn Ungverjum á Ólympíuleikunum og þarf þess utan að leita sér að nýrri vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** „Það er ekkert mikið að frétta sem stendur en öll hjól eru eðlilega í fullum gangi. Ég er að vega og meta stöðuna. Það þarf að huga að mörgu fyrir framtíðina. Þetta er engin óskastaða þegar tímabilin eru að hefjast úti um alla Evrópu," sagði Snorri Steinn Guðjónsson en hann er atvinnulaus um þessar mundir.

Hann er þess utan tveggja barna faðir í sambúð og því þarf að vanda valið fyrir framtíðarstað fjölskyldunnar sem hefur unað sér vel í Danmörku.

„Auðvitað vil ég að þetta klárist einn, tveir og þrír en það er ekki hægt. Við gætum vel hugsað okkur að vera áfram í Danmörku. Konan mín er hálfur Dani og á fjölskyldu hérna, strákurinn okkar er byrjaður í leikskóla þannig að við erum mjög opin fyrir því að vera hér áfram. Ég verð samt að skoða allt og hef ekkert annað val enda atvinnulaus."

Flest félög eru búin að setja saman lið fyrir tímabilið samkvæmt þeirra fjárhagsáætlun. Við gjaldþrot AG urðu aftur á móti margir heimsklassaleikmenn atvinnulausir og félög sem vilja fá þá þurfa eitthvað að endurskipuleggja sig geti þau það á annað borð.

Íslendingarnir hjá AG – Snorri, Arnór Atlason og Ólafur Stefánsson – vildu lítið tjá sig um gjaldþrotið meðan á Ólympíuleikunum stóð en Snorri neitar því ekki að fréttirnar hafi verið mikið áfall.

„Þetta var þungt högg í andlitið. Það var búinn að vera mikill órói í kringum félagið og Jesper Nielsen eigandann en við sáum þetta ekki fyrir. Venjulega er lengri aðdragandi að gjaldþrotum. Menn lækka í launum, leikmenn eru seldir og svo framvegis," sagði Snorri.

> Þetta var þungt högg í andlitið. Það var búinn að vera mikill órói í kringum félagið og eigandann en við sáum þetta ekki fyrir.
>
> SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON HANDKNATTLEIKSMAÐUR

Leikmenn höfðu mikinn áhuga á því að halda rekstrinum gangandi í samstarfi við styrktaraðila. Þær fyrirætlanir fóru út um þúfur er Nielsen ákvað að keyra félagið í þrot.

„Það voru allir styrktaraðilarnir til í að halda þessu gangandi en Jesper ákvað að loka þessu á sínum forsendum. Strákarnir í liðinu sem voru ekki á Ólympíuleikunum fóru á stúfana og voru komnir með fjármagn til þess að reka alvöru handboltalið. Það hefði vel verið hægt að reka þetta handboltalið áfram þó svo með tíð og tíma hefði þurft að minnka sirkusinn. Það þarf ekki alltaf að leigja Parken og flytja úrslitaleiki til Jótlands. Það er stundum bara hægt að spila handbolta," sagði Snorri en leikmenn AG í Danmörku voru á miðri æfingu er félagið var sett í þrot. Svo hratt gerðust hlutirnir að lokað var fyrir síma starfsmanna samdægurs og annað í þeim dúr.

Miðjumaðurinn sterki segir að tíminn hjá AG hafi verið einstakur og hans besti á ferlinum. Hann hafi notið hverrar mínútu.

„Allt sem viðkom hópnum var einstakt. Stemningin og mórallinn var ótrúlegur og ekki í líkingu við annað sem ég hef kynnst. Svo skemmdi ekki fyrir hvað við vorum góðir. Mesta eftirsjáin er í félögunum og stemningunni. Þetta var svakalega skemmtilegur tími. Þetta er líka sorglegt fyrir danskan handbolta sem missir mikið."

Snorri segist reyna að líta á stöðuna jákvæðum augum. „Þessi reynsla og tími verður aldrei tekinn frá okkur. Maður á svo örugglega eftir að hlæja að þessu gjaldþroti þegar maður er orðinn fimmtugur þó svo maður geri það ekki núna."

**Erfitt að ná vítakastinu úr hausnum**

Íslenska landsliðið stendur á ákveðnum tímamótum um þessar mundir. Ólafur Stefánsson er líklega hættur og heyrst hefur að Guðjón Valur og jafnvel Snorri séu að hugsa sinn gang varðandi landsliðið.

„Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki leitt hugann neitt að landsliðinu eftir Ólympíuleikana fyrir utan vítakastið. Það fer ekki svo auðveldlega úr hausnum á mér því miður," sagði Snorri en númer eitt hjá honum núna er að finna sér nýjan samastað.

„Ég er samt bara þrítugur og því lítið sem ætti að koma í veg fyrir að ég geti spilað með landsliðinu. Ég á nóg eftir." henry@frettabladid.is

Ísland vann Færeyjar 1-0 í gær og landaði sínum fyrsta sigri undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck:

# Heimsklassaafgreiðslur hjá Kolbeini

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í fótbolta vann sinn fyrsta leik undir stjórn Lars Lagerbäck þegar liðið lagði Færeyinga að velli, 2-0, á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Eftir töp í fjórum fyrstu leikjunum á útivelli móti sterkum þjóðum tókst íslenska strákunum að landa sigri í frumraun Svíans í Laugardalnum.

Sigurinn og hreint mark skipti mestu máli þótt að frammistaðan hafi ekki verið alltof sannfærandi ekki síst í seinni hálfleiknum.

Kolbeinn Sigþórsson skoraði bæði mörk íslenska liðsins og hefur þar með skorað átta mörk í fyrstu ellefu landsleikjunum sínum.

Báðar afgreiðslur Kolbeins voru í heimsklassa og færeysku varnarmennirnir réðu ekkert við hann allan leikinn. Kolbeinn fékk líka að klára landsleik og þakkaði fyrir það með því að bæta við markið undir blálokin.

Íslenska liðið lagði áherslu á það frá fyrstu mínútu að spila boltanum og Kolbeinn, Birkir og Rúrik voru duglegir við að bjóða sig.

Íslenska liðið átti sína bestu spilakafla í síðari hluta fyrri hálfleiksins en tókst ekki að nýta sér nokkur sóknartækifæri. Seinni hálfleikurinn var alls ekki nógu góður hjá íslensku strákunum en þeim tókst þó að innsigla sigurinn undir lokin.

Kolbeinn Sigþórsson þurfti ekki mikið pláss eða tíma til að skora á 30. mínútu leiksins. Jóhann Berg Guðmundsson átti þá fyrirgjöf frá vinstri sem fór af varnarmanni, upp í loftið og inn í teig.

Kolbeinn sneri sér á punktinum og skaut boltanum viðstöðulaust í markið. Frábært mark hjá heimsklassa framherja.

Kolbeinn skoraði seinna markið á 90. mínútu eftir flottan undirbúning frá Grétari Rafni Steinssyni. Eiður Smári Guðjohnsen og Grétar Rafn komu báðir inn á sem varamenn í seinni hálfleik og léku síðustu tuttugu mínúturnar.

Íslenska liðið hefur oft spilað miklu betur undir stjórn Lars Lagerbäck og það gekk ekki nægilega vel að skapa sér færi í leiknum.

Sigurinn skipti þó mestu máli og Lars og strákarnir fagna því að vera búnir að brjóta ísinn og taka fyrsta sigurinn af vonandi mörgum á næstum misserum.

Þetta var lokaundirbúningur landsliðsins fyrir undankeppni EM en Ísland tekur á móti Noregi á Laugardalsvelli þann 7. september og spilar svo við Kýpur ytra í kjölfarið.

Norðmenn spiluðu einnig í gær og töpuðu á heimavelli gegn Grikkjum. - óój



**ALVÖRU FRAMHERJI** Kolbeinn Sigþórsson er búinn að skora átta mörk í fyrstu ellefu landsleikjum sínum og var munurinn á Íslandi og Færeyjum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# AÐEINS 20 STK.!




Öflugur og traustur Intel Core i3 örgjörvi. Risastór harður diskur og mikið vinnsluminni!

Acer Aspire 5750-2316G1TMN

- Intel Core i3-2310M Dual Core
- 1TB hljóðlátur SATA harður diskur
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 15,6" LED CineCrystal skjár

Verð aðeins: 109.950

Lægra verð!

## Netverslun att.is

*Mikið úrval af tölvubúnaði á lægra verði*
*Skoðið allt úrvalið á www.att.is*
*Gerið verðsamanburð*




**Sendum allar fartölvur frítt á næsta pósthús í ágúst!**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**84.214** **LAXAR** veiddust árið 2008. Þar af veiddust 29.268 í hafbeitarám eins og Ytri- og Eystri Rangá.

**16.839** **LÖXUM** var sleppt árið 2011. Þetta þýðir að af þeim tæplega 60 þúsund löxum sem veiddust það sumar fengu um 30 prósent líf.

# Við höfum séð það svartara en þetta

**Laxveiðin það sem af er sumri hefur verið léleg. Menn deila svo sem ekki um það. Menn deila hins vegar um hvers vegna veiðin hefur verið svona léleg. Sumir nefna vatnsleysi, aðrir auknar makrílgöngur og svo mætti lengi telja. Trausti Hafliðason leitaði skýringa á ástandinu hjá Sigurði Guðjónssyni, forstjóra Veiðimálastofnunar.**

## Heildarfjöldi stangveiddra laxa í íslenskum ám frá 1974 til 2011.

Eins og sjá má á þessu súluriti var árið 2008 metár í laxveiði á Íslandi en þá veiddust ríflega 84 þúsund laxar á stöng. Árið 1996 byrjuðu veiðimenn að veiða og sleppa laxi. Árið 1996 var 2,3 prósentum laxa sleppt en í fyrra var þetta hlutfall komið í 30,2 prósent. Áhugavert er einnig að sjá hvernig meðaltalið hækkar eftir að veiði í hafbeitarám hófst fyrir alvöru í kringum síðustu aldamót.






Sigurður segir að dómsdagsspár um hrun í laxveiði eigi ekki við rök að styðjast. Í gegnum árin hafi verið sveiflur í veiðinni, sveiflur sem flestar eigi sér eðlilegar skýringar enda náttúran síbreytileg og óútreiknanleg.

„Menn eru með alls konar spekúlasjónir í sambandi við minnkandi veiði. Það er nú alltaf þannig þegar svona gerist enda margir sérfræðingar til á Íslandi þegar kemur að laxveiði,“ segir Sigurður. „Við höfum nú séð það svartara en þetta. Við erum kannski svolítið spillt af því að síðustu ár hafa verið með afbrigðum góð og bara á síðustu fimm árum hafa verið nokkur metár. Þetta skekkir myndina dálítið því við höfum haft það mjög gott að þessu leyti.

### Hlaut að koma að niðursveiflu

Sigurður segir að laxastofninn sé náttúrulegur stofn sem sveiflist í stærð.

„Auðvitað hlaut að koma að niðursveiflu. Reyndar voru seiðaárgangarnir sem fóru til sjávar í fyrravor alveg ágætir en eins og veiðimenn vita eru þeir uppistaðan í veiðinni núna. Það sem hefur væntanlega haft einhver áhrif er að vorið í fyrra var mjög kalt. Það getur hafa haft þau áhrif að seiðin hafa gengið seinna út en ella og þar af leiðandi ekki hitt á réttan tíma til að koma til sjávar. Ekki fengið nóg æti og því einfaldlega drepist.“

Skilyrði í sjó hafa einnig mikið að segja þegar kemur að laxagengd í ám að sögn Sigurðar.

„Það eru sveiflur í hafinu. Eins árs fiskurinn, það sem við köllum smálax, kemur frekar rýr til baka í sumar, sem bendir til að hann hafi haft það frekar skítt. Þegar við sjáum svona rýran lax er augljóst að margir hafa ekki náð að lifa af í hafinu. Ég tel að þetta tvennt, kalt vor og slök lífsskilyrði í sjó, séu helstu ástæðurnar fyrir þessari fremur lélegu veiði í sumar.“

### Hreistur eins og árhringir í trjám

Sigurður segir að sérfræðingar Veiðimálastofnunar eigi eftir að rannsaka þetta allt saman frekar.

„Við eigum eftir að leggjast yfir þau gögn sem við höfum. Við eigum til dæmis eftir að skoða hreistursýni en með því sjáum við hvenær laxinn hefur það sem verst í sjónum. Þetta er svona svipað og að skoða árhringi í trjám. Ef hreistrið er þétt þá bendir það til að mynda til hægs vaxtar. Þetta er vinnan sem við munum leggjast í nú í haust og vetur. Þannig að þótt ég sé búinn að benda á líklegar skýringar þá vitum við auðvitað ekki nákvæmlega hvað er í gangi en niðurstöðurnar ættu að liggja fyrir eftir áramót.

> „Ég held að næsta ár verði ekki slæmt en varla neitt metár heldur. Líklega mun veiðin verða í meðallagi.
>
> SIGURÐUR GUÐJÓNSSON
> FORSTJÓRI VEIÐIMÁLASTOFNUNAR

Það sem gerir þetta allt snúnara er að vistkerfi sjávar í kringum okkur er að breytast mjög mikið. Nýjar tegundir eru að koma hingað, eins og makríllinn, og loðnan hefur færst sig mun norðar eða norðvestar en hún er vön að vera.“

### Laxinn lætur ekkert stöðva sig

Sigurður segir að vissulega hafi vatnsleysið haft áhrif á veiðina í sumar.

„Það hefur haft þau áhrif að það veiðist minna, hins vegar ætti það að vinnast upp núna eftir rigningarnar. Sá fiskur sem lá bara kyrr vegna vatnsleysis og hita fer á hreyfingu þegar vatnið eykst og súrefnið eykst. Í litlum ám gerist það að laxinn gengur ekki upp ána þegar lítið vatn er í henni, þá bíður hann bara við ósinn. Í svona aðstæðum gengur laxinn jafnvel upp ána á flóði en snýr aftur við þegar fellur frá. Ef hann þarf að bíða vikum saman þá getur það haft þau áhrif að eitthvað af honum drepist, verði til dæmis étinn af sel. Laxinn er þannig forritaður að hann hættir aldrei við að ganga upp á þó það sé vatnslítið. Hann er að verða kynþroska og lætur ekkert stoppa sig. Varðandi vatnsleysið og áhrif þess á veiði þá megum við ekki gleyma því að síðustu sumur hafa líka verið mjög þurr.“

### Útlitið ágætt fyrir næsta ár

*En hvað með næstu ár?*

„Það er alltaf svolítið erfitt segja til um það hvernig veiðin verður næstu ár. Í laxveiðinni er þetta yfirleitt þannig að við fáum nokkur góð ár og síðan nokkur sem eru ekki eins góð. Seiðabúskapurinn víðast hvar virðist vera nokkuð góður og ef þeim ástæðum getur laxveiðin orðið góð. Gangan sem fór út í vor fór á réttum tíma en síðan er það alltaf spurning hvernig skilyrðin í hafinu verða. Ég held að næsta ár verði ekki slæmt en varla neitt metár heldur. Líklega mun veiðin verða í meðallagi.“

trausti@frettabladid.is



Veisluboð til Varsjár!
Verð frá:
24.700 kr.*
BÓKAÐU NÚNA!
*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.
Iceland Express
– lækkar verð
Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is
FITON / SÍA

## Hefur aukin makrílgengd áhrif á laxinn í sjónum?

Makríll hefur gengið inn í íslenska lögsögu í miklum mæli undanfarin ár. Nú er svo komið að hann er veiddur á stangir við strendur landsins. Makríllinn er uppsjávarfiskur eins og laxinn og því vaknar sú spurning hvort hann hafi áhrif á laxagengd í hafinu?

„Makríllinn er í svipaðri vist og laxinn framan af. Það getur verið einhver samkeppni um fæði en það er mjög erfitt að fylgjast með því,“ segir Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar. „Auðvitað getur þetta haft áhrif en tæpast er þetta hin eina sanna skýring. Það var fullt af makríl hérna í fyrra og samt var laxveiðin ágæt, það sama á við um árið 2010.“

Íslensk fiskveiðiskip eru farin að veiða makríl í stórum stíl og þá vaknar sú spurning hvort ekki slæðist eitthvað af laxi með í þeim veiðum enda báðar tegundirnar uppsjávarfiskar.

„Fiskistofa hefur eftirlit með makrílveiðunum og hefur skoðað þetta undanfarin ár. Það slæðist eitthvað af laxi með en við erum ekki að tala um neitt ógnarmagn. Þetta eru kannski nokkur hundruð laxar eða jafnvel örfá þúsund í heildina. Við hjá Veiðimálastofnun höfum fengið þennan lax til rannsóknar. Með erfðatækni höfum við rakið uppruna fisksins og það kom okkur skemmtilega á óvart að megnið af honum er ekki íslenskt heldur kemur laxinn úr norskum, skoskum og írskum ám.“



**KASTAÐ Á VAÐANDI MAKRÍL** Veiðimenn veiddu makríl í Reykjavíkurhöfn í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÚT AÐ HLAUPA
FRÁBÆRT ÚRVAL AF HLAUPAVÖRUM
100% VERÐVERND
INTERSPORT
EF ÞÚ FINNUR SÖMU VÖRU Á LÆGRA VERÐI
ÞÁ ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR MISMUNINN
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA
*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tvær vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.

## > Popp Tíví kl. 20.05
## Suburgatory

***Popp Tíví hefur göngu sína á ný í dag og mun fylgja frítt með áskrift að Stöð 2. Útsendingin er á sömu rás og Nova TV hefur verið. Á stöðinni verða frumsýndir innlendir og erlendir þættir sem höfða til ungs fólks á öllum aldri. Klukkan 20.05 hefst bandaríska gamanþáttaröðin Suburgatory sem hefur notið mikilla vinsælda á ABC-sjónvarpsstöðinni. Hún fjallar um unglingsstúlku sem flyst með föður sínum úr stórborginni í rólegt úthverfi þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS LEIÐRÉTTIR MISSKILNING

# *Ólympíuleikarnir eru ekki búnir*

Á meðan sumir hafa glaðst yfir því að blessaðir Ólympíuleikarnir séu loksins búnir eru aðrir sem gráta það að geta ekki eytt heilu og hálfu dögunum fyrir framan sjónvarpið að fylgjast með alls konar íþróttum. Ég hef heyrt setninguna „ég trúi ekki að Ólympíuleikarnir séu búnir“ oftar en ég get talið að undanförnu.

Gleðifréttirnar eru þó þær að þetta er hinn mesti misskilningur. Ólympíuleikunum er langt í frá lokið, við erum bara í hálfleik. Þann 29. ágúst hefjast nefnilega Ólympíuleikar fatlaðra. Þar kemur saman fjöldinn allur af stórbrotnu fólki sem hefur yfirstigið meiriháttar erfiðleika og náð að skara fram úr á sviði íþrótta. Ef einhvern tímann er ástæða til að fyllast stolti og trú á mannkynið þá er það á Ólympíuleikum fatlaðra.



Átta Íslendingar náðu lágmörkum til að komast á leikana í ár en þar sem fjöldi þátttakenda var ákveðinn fyrir fram fengum við bara fjögur sæti, en mikið hlakka ég til að fylgjast með þeim fjórum frábæru íþróttamönnum.

Þess má til gamans geta að Íslendingar hafa unnið til 97 verðlauna á Ólympíuleikum fatlaðra frá því við tókum fyrst þátt árið 1980, þar af eru 36 gullverðlaun. Ég velti því fyrir mér hvort einhver þeirra verðlaunahafa hafi fengið fálkaorðuna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Góðan daginn, mannkynssaga **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Góður matur - Gott líf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða: Orson Wells með hljóðum **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (Army Wives)
**17.18 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.29 Geymslan**
**17.53 Múmínálfarnir**
**18.02 Lóa**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hvolpalíf** (5:8) (Valpekullet)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Gómsæta Ísland** (5:6) (Delicious Iceland) Matreiðsluþáttaröð í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar.
**20.05 Njósnari** (1:6) (Spy) Bresk gamanþáttaröð. Tim á í forræðisdeilu við fyrrverandi konu sína og segir upp starfi sínu. Hann sækir um vinnu hjá hinu opinbera og kemst að því í viðtali að verið er að bjóða honum njósnarastarf hjá MI5.
**20.30 Ljóskastarinn** Tónlist úr Kastljósi.
**20.55 Líf vina vorra** (6:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7 (2:18)** Bandarísk spennuþáttaröð. Morðdeild lögreglunnar í Detroit á í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Glæstar vonir** (3:3) (Great Expectations) (e)
**00.00 Fréttir**
**00.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.10 Taken**
**08.00 Love and Other Disasters**
**10.00 Someone Like You**
**12.00 Gosi**
**14.00 Love and Other Disasters**
**16.00 Someone Like You**
**18.00 Gosi**
**20.00 Taken**
**22.00 Slumdog Millionaire**
**00.00 Tideland**
**02.00 Rothenburg**
**04.00 Slumdog Millionaire**
**06.00 Cyrus**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.55 Malcolm in the Middle** (17:25)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (124:175)
**10.20 Extreme Makeover: Home Edition** (16:25)
**11.50 Glee** (16:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Stuck On You** Grínmynd úr smiðju Farrelly-bræðra sem skartar Matt Damon, Greg Kinnear og Evu Mendes í aðalhlutverkum. Myndin segir frá síamstvíburum sem flytja til Los Angeles svo að annar þeirra geti reynt fyrir sér í leiklistarbransanum.
**14.55 Smallville** (15:22)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (14:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Malcolm in the Middle** (4:22)
**19.40 Modern Family** (4:24)
**20.05 Masterchef USA** (13:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.50 The Closer** (15:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles.
**21.35 Fringe** (9:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsakar hún röð dularfullra atvika.
**22.20 Southland** (4:6) Önnur þáttaröðin af þessum þáttum um líf og störf lögreglusérsveitarinnar í Los Angeles.
**23.05 Dallas** (9:10)
**23.50 Rizzoli & Isles** (9:15)
**00.35 Mad Men** (1:13)
**01.20 Treme** (6:10)
**02.20 Just Married**
**03.50 Stuck On You**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17:15 Tvöfaldur skolli**
**17:55 Pepsi deild kvk: Breiðablik - Þór/KA** BEINT
**20:10 Pæjumót TM** Sýnt frá Pæjumóti TM á Siglufirði þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 4., 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Pæjumótinu og sýna snilldartilþrif. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
**21:00 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá skemmtilegu golfmóti sem haldið er árlega.
**21:50 OK búðarmótið**
**22:25 Pepsi deild kvk: Breiðablik - Þór/KA**
**00:15 Pepsi mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Man. Utd. - Liverpool**
**19.40 PL Classic Matches: Aston Villa - Liverpool, 1998**
**20.10 Premier League World 2012/13**
**20.40 Wolves - WBA**
**22.25 Season Highlights 2011/2012**
**23.20 Man. City - Chelsea** Útsending frá leik um Samfélagsskjöldinn.

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (1:175)
**19.00 The Middle** (1:24) (2:24)
**19.50 Spurningabomban** (1:11)
**20.35 Steindinn okkar** (1:8)
**21.05 Það var lagið** Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn fær til sín þjóðþekkt fólk sem fær að spreyta sig í söngkeppni.
**22.05 Friends** (1:24)
**22.25 The Middle** (1:24) (2:24)
**23.15 Spurningabomban** (1:11)
**00.00 Steindinn okkar** (1:8)
**00.30 Doctors** (1:175)
**01.10 Friends** (1:24)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## Popp Tíví

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.45 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
**18.10 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.40 Glee (1:22)**
**19.25 Ameríski draumurinn** (1:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.
**20.05 Suburgatory** (1:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.30 I Hate My Teenage Daughter** (1:13) Bandarísk gamansería um tvær vinkonur sem komast að því að dætur þeirra eru orðnar alveg eins og stelpurnar sem gerðu líf þeirra óbærilegt í menntaskóla.
**20.50 Pretty Little Liars** (1:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.35 Material Girl** (1:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljón í veginum í átt til velgengni.
**22.25 Ameríski draumurinn** (1:6)
**23.10 Suburgatory** (1:22)
**23.35 I Hate My Teenage Daughter** (1:13)
**23.55 Pretty Little Liars** (1:25)
**00.35 Material Girl** (1:6)
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## 2 krakkar

**09.00 Dóra könnuður**
**09.25 Áfram Diego, áfram!**
**09.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.05 UKI.**
**10.10 Lína langsokkur**
**10.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.00 Disney Channel**
**17.30 iCarly** (1:25)
**17.55 Tricky TV** (1:23)

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 The Biggest Loser** (14:20) (e)
**17.00 Pan Am** (7:14) (e)
**17.50 Rachael Ray**
**18.35 Málið** (4:8) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.30 Mad Love** (12:13) (e)
**19.55 Will & Grace** (20:24) (e)
**20.20 Happy Endings** (8:13) (e)
**20.45 Rules of Engagement** (5:15) Jeff datt í hug ný leið til að tala við konuna sína.
**21.10 Monroe** (2:6)
**22.00 Dr. No** Dr. No er fyrsta James Bond myndin af 23 myndum. Myndin er frá árinu 1962 og er því 50 ára gömul og Sean Connery fer með hlutverk Bond.
**23.50 Law & Order: Criminal Intent** (11:16) (e)
**00.35 CSI** (9:22) (e)
**01.25 Unforgettable** (17:22) (e)
**02.15 Crash & Burn** (3:13) (e)
**03.00 Camelot** (10:10) (e)
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** PGA Championship 2012 (4:4) **12.30** Golfing World **13.20** Golfing World **14.05** PGA Championship 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (33:45) **19.00** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **22.00** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **22.50** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **01.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Auðlindakista
**21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Við erum með sterku hellurnar!

## Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**4 400 400**

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

Pizza Rizzo

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á
1.380 KR EF ÞÚ SÆKIR

# ELDBÖKUDAGAR

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

NÝTT

HÁDEGIS TILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.
STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.
MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.
STÆRRI MARGARITA 990 KR.

PIZZAHLAÐBORÐ Á GRENSÁSVEGI Á 990 KR. FRÁ KL 11 - 15

pepsi MAX

ELDBÖKUDAGAR
FRÁ 16. ÁGÚST
TIL 22. ÁGÚST

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

**SUMARSMELLURINN**



*„Too Late með Þórunni Antoníu. Ég algjörlega dýrka þetta lag og spandex gallann hennar.“*

Kristjana Björg Reynisdóttir, skipuleggjandi stofutónleika.

# Fantasíurnar spanna allt litrófið

„Ég er bæði stolt yfir verkinu og líka er smá stress að gera vart við sig,“ segir lögmaðurinn Hildur Sverrisdóttir en bók hennar Fantasíur kemur út í dag.

Bókin Fantasíur samanstendur af 51 kynferðislegri fantasíu kvenna. Hildur auglýsti eftir þeim fyrr á árinu og létu viðbrögðin ekki á sér standa. Sumarið hjá henni hefur því farið í að vinna úr fjölda fantasía. „Mér skilst að það hafi verið hlýtt í sumar en hef sjálf ekki orðið vör við það,“ segir Hildur hlæjandi og bætir við að sér komi viðbrögðin á óvart. „Mér brá hversu stórkostleg viðbrögð ég fékk enda renndi ég blint í sjóinn með þetta og varpaði boltanum alfarið til íslenskra kvenna. Það var því úr mörgu að velja og vandasamt að ákveða hvaða stefnu ætti að taka. Að lokum ákvað ég að varpa ljósi á fjölbreytileikann en fantasíurnar spanna allt litrófið.“

Hildur segir efnið hafa verið vandmeðfarið og að hún hafi einsett sér að nálgast það af virðingu. Hún viðurkennir þó að fyrst hafi verið skrítið að sökkva sér niður í fantasíur ókunnugra kvenna. „Fyrst roðnaði ég mikið við lesturinn og hugsaði „ég þori ekki að setja þetta í bókina“ en það jafnaði sig. Á tímabili var ég jafnvel hrædd um að ég mundi aldrei roðna aftur og væri bara orðin dólgur en ég er nú aftur farin að roðna yfir þessu.“

Aðspurð hvort Fantasíur sé konubók svarar Hildur: „Bókin er skrifuð fyrir konur og miðast við þeirra hugarheim. Hún er samt eflaust forvitnileg fyrir karla líka.“ Útgáfuteiti verður Eymundsson Austurstræti klukkan 17 í dag. **- áp**



**GRÍÐARLEGA STOLT** Hildur Sverrisdóttir segir kynlífsfantasíurnar í Fantasíu vera fjölbreyttar og spanna allt litrófið en bókin kemur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tökum lýkur í næstu viku

Tökum á stórmyndinni Noah lýkur hér á landi í næstu viku.

Þær hafa farið fram á Suðurlandi og að sögn Leifs Dagfinnssonar, framkvæmdastjóra True North, hefur allt gengið eins og í sögu. „Þau eru hrikalega ánægð með þetta allt saman. Það eru allir mjög sáttir og það er bara jákvætt.“ Með helstu hlutverk í myndinni fara Russell Crowe, Jennifer Connelly, Anthony Hopkins og Emma Watson, eins og varla hefur farið fram hjá Íslendingum að undanförnu.

Um tvö hundruð manns hafa starfað við Noah síðan tökur hófust 20. júlí, þar á meðal hópur Íslendinga. Eftir að tökunum lýkur munu flestir úr íslenska hópnum hefja störf við nýjustu mynd Bens Stiller, The Secret Life of Walter Mitty, en tökur á henni hefjast um næstu mánaðamót víðs vegar um landið.

Aðspurður segir Leifur mjög líklegt að ein stórmynd til viðbótar verði tekin upp hér á landi síðar á árinu, eða framhaldsmyndin Thor: The Dark World. „Það kæmi mér á óvart ef það yrði ekki. Það verður örugglega flottur pakki.“ **- fb**



**RUSSELL CROWE** Crowe fer af landi brott í næstu viku þegar tökum lýkur á Noah. NORDICPHOTOS/GETTY

**BUBBI MORTHENS: ÉG MYNDI LEGGJA PENINGINN MINN Á GUNNAR**

# Yfir hundrað Íslendingar fara utan að sjá Gunnar

„Við ætlum að fara út, styðja Gunna og hafa gaman,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis, um áætlaða ferð félagsins á fyrsta UFC-bardaga Gunnars Nelson. UFC eru stærstu samtök heims í blönduðum bardagalistum og gerði Gunnar samning við þá nýlega, fyrstur Íslendinga.

Bardaginn fer fram í Nottingham á Englandi þann 29. september og mun Gunnar þar etja kappi við Þjóðverjann Pascal „Panzer“ Krauss. Jón Viðar fór í samstarf við Express-ferðir og setti saman ferð á bardagann fyrir áhugasama Mjölnismeðlimi. Sú ferð hefur aldeilis undið upp á sig og er þegar uppselt í ferðina og annarri hefur verið bætt við. „Það voru á milli fimmtíu og sextíu miðar í Mjölnisferðinni og þeir ruku út á nokkrum dögum. Það er frábært hversu margir vilja fara út til að styðja við bakið á Gunna,“ segir hann. Klara Íris Vigfúsdóttir, forstöðumaður Express-ferða, segir aðsóknina hafa verið meiri en þau þorðu að vona. „Við vorum að setja upp aðra ferð í samstarfi við X-ið og það er strax byrjað að seljast í hana. Við settum hana bara á netið rétt áðan svo það er greinilegt að fólk er að fylgjast með. Allt í allt erum við með rúmlega 100 miða í boði,“ sagði hún þegar Fréttablaðið náði af henni tali í gær. „Við erum að reyna að setja saman þriðju ferðina en okkur vantar bara flugsæti,“ bætti hún við hlæjandi. Hún segir Express-ferðir að öllum líkindum koma til með að halda áfram að bjóða upp á ferðir á bardaga Gunnars erlendis.

Bubbi Morthens segir bardagann vera mikinn prófstein fyrir Gunnar en hann fer utan með Dóra DNA til að lýsa bardaganum sem sýndur verður í beinni útsendingu á Stöð 2. „Dóri er auðvitað algjört nörd og fróðastur manna á Íslandi þegar kemur að blönduðum bardagaíþróttum,“ segir Bubbi og bætir við: „Þetta verður rosalegt. Ég vil meina að Dóri DNA og Bubbi Morthens að lýsa Gunnari Nelson sé alveg *deadly combination*,“ segir hann að lokum. **tinnaros@frettabladid.is**




**FERÐ Á BARDAGANN** Jón Viðar, formaður Mjölnis, lét setja upp ferð á fyrsta bardaga Gunnars Nelson í UFC. Bubbi Morthens og Dóri DNA lýsa honum í beinni útsendingu á Stöð 2. MYND/PÁLL BERGMANN

Fantasíur

Í tilefni útgáfu bókarinnar

***Fantasíur,***

sem Hildur Sverrisdóttir ritstýrði,

verður skálað og fagnað

í Eymundsson Austurstræti

**í dag kl. 17.**

*Allir velkomnir!*

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Geiri Sæm tekur Froðuna aftur

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Sæmundsson, betur þekktur sem Geiri Sæm, tekur meðal annars gamla smellinn sinn Froðuna með hljómsveitinni Kiriyama Family á menningarnótt.

Kiriyama Family hefur flutt fyrrnefndan slagara á tónleikum sínum í sumar, þar á meðal á Húkkaraballinu á Þjóðhátíð. Útvarpsmaðurinn Frosti Logason var á dansgólfinu og ákvað eftir flutninginn að leiða saman tónlistarmennina. Þeir hafa nú verið við æfingar og troða upp á tónleikum útvarpsstöðvarinnar X-ins 97,7 sem fara fram í bakgarði Ellefunnar á Hverfisgötu 18.

„Ég hugsa að ég hafi haldið síðustu opinberu tónleikana mína um ‘92 eða ‘93 þó ég hafi eitthvað verið að koma fram með ýmsum aðilum,“ segir Geiri sem var hvað frægastur á níunda áratugnum.

„Ég heyrði Froðuna aftur fyrir slysni á Stöð 2 fyrir nokkrum mánuðum og í kjölfarið varð þetta að partíslagara hjá vinahópnum,“ segir Jóhann V. Vilbergsson meðlimur Kiriyama Family. Sveitin hóf í kjölfarið að flytja Froðuna. „Okkur fannst þetta svo æðislegt lag og við fílum einfaldlega góða tónlist.“

Geiri er ánægður með samstarfið og segir fyrstu æfinguna hafa gengið vonum framar. „Þeir voru mjög vel undirbúnir og ljúfir og yndislegir drengir svo þetta steinlá.“

Tónleikarnir hefjast klukkan átta um kvöldið og verður fyrrnefndur slagari fluttur um tíuleytið. **- hþt**



**GEIRI SÆM** Tónlistarmaðurinn Geiri Sæm syngur smellinn Froðuna á menningarnótt með Kiriyama Family sem hefur flutt lagið meðal annars á Þjóðhátíð og Bræðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ÚTIVISTAR MARKAÐUR

Regatta GREAT OUTDOORS™

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS



## NÝJAR VÖRUR

**HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA**

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Velur Ólaf Arnalds fram yfir Gísla Martein

Tónlistarmaðurinn **Ólafur Arnalds** er kominn á séns með **Emmu Watson** ef eitthvað er að marka Facebook-vegg Ólafs. Emma Watson lýsti því yfir á Twitter-samskiptamiðlinum seint á þriðjudag að henni þætti mikið til Ólafs koma. Hún sagðist einnig „elska“ tónlistarkonuna Sóleyju og Of Monsters and Men, íslensku hljómsveitina sem er að gera allt vitlaust í Bandaríkjunum. Emma er því væntanlega að kynna sér íslenska tónlist þessa dagana. **Gísli Marteinn Baldursson** borgarfulltrúi er þó ekki eins heppinn og Ólafur. Gísli hefur nú fjórum sinnum reynt að hefja samtal við Emmu á Twitter án árangurs.



### The Charlies hittu Jónsa

Hljómsveitin Sigur Rós lauk ferðalagi sínu um Bandaríkin með tónleikum í Hollywood á sunnudagskvöld. Á meðal gesta voru stúlkurnar í **The Charlies**, sem eru búsettar í kvikmyndaborginni, og vinkona þeirra, enska söngkonan Natasha Bedingfield. Að sjálfsögðu hittu þær Jónsa og félaga baksviðs að tónleikunum loknum og fór vel á með þeim.
Sigur Rós stígur næst á svið á tónlistarhátíðinni Summer Sonic í Japan á laugardaginn. Íslendingar þurfa að bíða þangað til 4. nóvember til að berja sveitina augum á Iceland Airwaves-hátíðinni. **- bþh, - fb**



### Mest lesið Vísir

1. Grunaðir um að kaupa þjónustu ólögráða vændiskonu
2. Eigandi Súfistans fær ekki að fella Alaskaösp
3. Vilja hækka eftirlaunaaldur
4. Besta bláberjaspretta í áratugi
5. 10% skjólstæðinga missa húsið


ÍSLENSK LISTASAGA




★★★★★
EFI / MORGUNBLAÐIÐ



# Skólaráðstefna

## föstudaginn 17. ágúst
## Kl. 8:30 - 13:00

Grand Hótel Reykjavík

**Allir þeir sem hafa áhuga á skólamálum, námi og kennslu eru hvattir til að mæta og skrá sig.**

### Dagskrá

**8:30 - Setning**
Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra

**8:45 - Opnun**
Ólafur Sólimann, skólaráðgjafi epli.is

**9:00 - „Hiti og ljós“: nám og kennsla með snjalltækjum**
Dr. William Rankin frá Abiline University í Texas

**10:20 - iPad í skólastarfi**
Ragnar Þór Pétursson, Norðlingaskóli

**10:40 - „Spýta, iPad, sög ...“ iPad sem tæki í höndum nemenda til að búa til stöff!**
Björgvin Ívar Guðbrandsson, Langholtsskóli
Skúli Gestson, Langholtsskóli
Sæmundur Helgason, Langholtsskóli

**11:10 - „Nám í takt við tækniþróun“**
Rakel Sölvadóttir, Skema

**11:40 - Vefur um smáforrit í námi og kennslu**
Rakel G. Magnúsdóttir, Appland

**12:00 - MindGames: tilgangur og útfærsla**
Örn Haraldsson, MindGames

**12:30 - Ráðstefnuslit**

Eftir ráðstefnuna verða nokkrir kynningabásar í anddyrinu þar sem hægt er að skoða varning og kynnast betur hugmyndafræðinni sem fjallað var um í fyrirlestrum ráðstefnunnar.

**Skráning á www.epli.is/skolar**



epli.is